



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

I. Orð, setningar og textar

Ritgerð út frá þýðingu bókar Katharinu Reið (1971,1984):

II. Þýðingarýni –

Möguleikar og takmarkanir

Flokkar og viðmið til þess að meta gæði þýðinga

Þýðing á bók Katharinu Reið

Ritgerð til M.A.-prófs

Viðar Jónsson

Maí 2010

I. Orð, setningar og textar

Ritgerð út frá þýðingu bókar Katharinu Reið (1971,1984):

II. Þýðingarýni –

*Möguleikar og takmarkanir
Flokkar og viðmið til þess að meta gæði þýðinga*

Þýðing á bók Katharinu Reið

Ritgerð til MA Prófs

Viðar Jónsson

Kt.: 290551-3909

Leiðbeinandi: Gauti Kristmannsson

Maí 2010

Inngangsorð

Hér á eftir verður leitast við að fjalla um spurningar sem vöknudu við þýðingu bókar Katharinu Reiß. Þar ber hæst sjálfur textinn í öllum sínum fjölbreytileik. Hvað eiga textategundir að vera margar? Hver á þýðingareiningin að vera? Þá er fjallað um textann. Einnig er rætt um þýðandann og vélþýðingar. Minnst er á þýðingaraðferðir og leit þýðandans að þeim. Þá er vikið að orði – setningu – texta. Lýst er textategundum Reiß og grunntextategundum. Rætt er um hvort betur fari að hafa vísanir inni í texta eða neðanmáls og skoðanir á því hversu mikið ætti að vera af þeim. Einnig er stuttlega fjallað um virðingu sem þýðendur njóta eða njóta ekki. Þá er drepíð á mikils metna íslenska þýðendur.

Efnisyfirlit

| | |
|---|-----|
| Inngangsorð..... | 1 |
| Efnisyfirlit..... | 2 |
| Lýsing á viðfangsefninu..... | 2 |
| Vélpýðingar og margræðni | 4 |
| Orð | 7 |
| Pýðingaraðferðir | 9 |
| Vangaveltur um þýðendur og þýðingaraðferð | 11 |
| Hversu margar textategundir?..... | 14 |
| Textategundir Reiß..... | 17 |
| Setningar - textar..... | 21 |
| Grunntextategundir | 23 |
| Inni í texta eða utan við..... | 24 |
| Lokaorð..... | 26 |
| Heimildaskrá..... | 122 |

Lýsing á viðfangsefninu

Jeremy Munday hefur inngang bókar sinnar, *Introducing Translation Studies*, á því að gera grein fyrir hugtakinu *þýðingafraeði* sem nýrri háskólafræðigrein, sem sé tengd rannsóknum á kenningum og fyrirbærum þýðinga. Í eðli sínu sé hún fjöltyngd og þverfagleg, nái yfir tungumál, málvísindi, samskiptafræði, heimspeki og ýmis konar menningarfræði. (Munday, 2001, bls. 1)

En verkefnið sem hér liggur fyrir þýðandanum, er að þýða úr ensku (þó með tilliti til þýsku frumútgáfunnar) klassískt verk innan þýðingafraeðinnar, bók Katharinu Reiß, *Translation Criticism: The Potentials and Limitations. Categories and Criteria for Translation Quality Assessment*. Bókina þýddi á ensku Bandaríkjamadurinn Erroll F. Rhodes og kom hún út árið 2000, en frumútgáfan kom út árið 1971. Þessir tæplega fjórir áratugir sem liðnir eru frá útgáfu bókarinnar eru þeir viðburðaríkustu í sögu þýðingafraeða og m.a. ýmsar breytingar orðið á notkun hugtaka og á iðorðafraeðinni. Því voru gerðar minniháttar breytingar á þýðingunni yfir á ensku, m.a. af þessum sökum og því er frumtextinn ekki lengur hinn sami þegar þýða á hann yfir á íslensku. Erroll F. Rhodes fékkst við japönskukennslu í hernum á stríðsárunum og varð síðar prófessor í nýjatestamentisfræðum í Japan. Hann starfaði frá árinu 1968 hjá *The American Bible Society*, en sá félagskapur gaf út þýðingu hans. Hann mun hafa álitnið að þýðing á bók Katharinu Reiß gæti m.a. komið þeim að gagni sem fengjust við biblíuþýðingar, sem líklega er rétt ályktun.

Bók Reiß fjallar, eins og titillinn segir til um, um þýðingarýni, en mun einnig reynast þýðendum holl lesning. Til þess að hægt sé að kenna þýðingarýni verður að setja textana saman í kerfi og flokka, svo að mögulegt sé að ná taki á viðfangsefninu og fá yfirsýn. Þetta gerir Reiß í fyrrihluta bókarinnar þar sem skýrt koma fram einkenni textans sem fræðilegs nytjatexta þar sem stíll og sannfæring eru ekki eins mikilvæg og annars. Textinn er *innihaldsmiðaður* og ætti því að þýðast frekar í samræmi við merkingu en form. Framan af ber textinn einnig merki tæknitexta. Í síðari hlutanum verður textinn samfelldari og bókmenntaeinkenni sjást oftar, t.a.m. í sumum af hinum mikla fjölda tilvitnana og neðanmálgreina sem gegna mikilvægu hlutverki í bókinni. Það gæti verið fróðlegt að kynna sér hvað Reiß hefur að segja um texta af þessu tagi, en hún kveður fast að orði og skýrt:

Innihaldsmiðaðir textar krefjast *óbreytanleika í yfirfærslu innihalds síns*. Gagnrýnandinn verður umfram allt að fullvissa sig um að innihald þeirra og upplýsingar komi að fullu fram í markmálinu. Þetta forgangsskilyrði krefst þess að málform þýðingarinnar sé aðlagð skilyrðislaust málvenjum markmálsins; með öðrum orðum, ætti form þýðingarinnar í grundvallaratriðum að vera stillt af fyrir notkun á *markmálinu*.

Annað viðmiðið til þess að meta innihaldsmiðaðan texta er hve ítarlega hann er stilltur af fyrir markmálið. Markmálið verður að vera ríkjandi, því að í þessari tegund texta er upplýsingainnihaldið mikilvægast og lesandi þýðingarinnar þarf að fá hana framsetta á kunnuglegu málformi. (Reið, 1971: 31-32)

Tæknileg þýðing er þýðing á tæknilegum skrifum (t.d. handbókum og leiðarvísunum), og sérstaklega textum sem innihalda mikið af íðorðum, þ.e.a.s. orð og orðasambönd sem notuð eru því sem næst eingöngu innan sérstakrar starfsgreinar, eða lýsa þeirri starfsgrein í smáatriðum. Mikilvægi samkvæmni í íðorðafraði í tæknilegum þýðingum, sem og hið ákaflega formúlukennda og endurtekningasama eðli tæknilegra skrifa, gerir þýðingar með aðstoð tölvu, þar sem notuð eru þýðingaminni og íðorðagagnagrunnar, sérlega hentugar.

Sé hugað að því hvernig móta eigi tæknilegar þýðingar, er rétt að minnast þess hvernig þýðingafræðin varð sjálfstæð fræðigrein með nýjar áskoranir, nýjar aðferðir og nýtt markmið. Áskorunin var vélþýðingar., en byrjað var að þróa tölvuforrit sem gátu þýtt eitthvað að gagni árið 1947. Segja má að vélþýðingar hafi verkað sem hvati í þýðingafræðunum.

Vélpýðingar og margræðni

Nýjar aðferðir komu úr formgerðarmálvísindum. Þýddir textar höfðu fram að því verið aðalviðfangsefni guðfræðilegra textaskýrenda og aukageta í bókmenntafræði, sem hvor höfðu sínar sérstöku aðferðir við greiningu texta. Hin nýja fræðigrein tók upp málvísindalegar aðferðir og var í upphafi talin vera hluti af hagnýtum málvísindum. Með vélpýðingum varð greinin sem þessi kerfi voru þróuð fyrir að tæknilegum textum. Það væri þó ónákvæmni að segja, að fyrri áhugi á rannsóknum utan fræðigreinarinnar á þýddum trúar- og bókmenntalegum textum, hafi einungis verið viðbótaráhugi. Breytingin gæti hafa orðið með þessum hætti, en fljótlega náði hún dýpra, fyrst með því að beita hinum nýju aðferðum málvísindanna, og í öðru lagi með því að taka upp breytta sýn á hið nýja markmið. Gamla þýðingafræðin leit ekki lengur á þýdda texta sem kyrrstöðuafurðir og tók að beina athyglinni að þýðingaferlinu. Líklegt er að hvati þessarar breytingar á sjónarhorni hafi verið tilkoma vélpýðinga og einnig (á þessum árum) ósviknar tæknilegar aðferðir þeirra.¹

Í þýðingafræðinni kom önnur hvöt í sömu átt dálítið síðar frá bókmenntaþýðingum. Seint á sjöunda áratugnum kom fram hugmynd um að líta á þýðingu sem ákvörðunarferli (Jirý Levý, Reið vitnar í hann) og tóku margir undir það, m.a. Reið.

Sagnir af útleð gyðinga snerta hinn babelska þýðingarvanda, því gyðingar í útleðinni týndu oft hebresku frummáli sínu og þurftu að fá trúarrit og annan boðskap þýddan, t.a.m. á arameisku og grísku. En getur nokkuð komið í stað guðdómlegs frumtexta (á hebresku)? En þá var komið að Sjötíumannaþýðingunni af hebresku á grísku (dæmisaga). Skapaðist þá nýr frumtexti? Sannur frumtexti? En fyrir þýðandann á ekki að skipta máli hvort texti er sannur eða ekki (Ástráður, 1996: 33-34).

Antoine Berman bendir á að aflögun útvíkki frumtextann. Hver þýðing hafi tilhneigingu til að verða lengri en frumtextinn vegna m.a. skýringa og hagræðinga þýðandans, það er verið að ljúka upp því sem er læst í frumtextanum. Þessi útvíkkun sé innantóm og því sem bætt sé við bæti engu við, auki einungis massa textans og geri rödd hans óskýra. Þetta hefur m.a. verið kallað að „ofþýða“.

¹ Jirý Levý (1926-1967, fjallaði um bókmennta- og þýðingafræði. Reið vitnar í hann í bók sinni.

Þýðandi þarfnast djúppækkingar til þess að endurumrita merkinguna á markmálinu, markmáli sem „hljómar“ eins og það hafi verið skrifað af manneskju. Ráð við tvíræðni eða margræðni felast í að finna ákjósanlega þýðingu þegar orð getur haft fleiri en eina merkingu. Umræða um þetta varð á sjötta áratugnum þegar t.a.m. Yehoshua Bar-Hillel² benti á, að án „alheimsalfræðibókar“, myndi vél aldrei geta greint á milli tveggja merkinga tiltekins orðs. Nú á dögum eru fjölmargar nálganir hannaðar til að leysa þetta vandamál. Þeim má skipta nokkurn veginn í tvennt í „grunnar“ nálganir og „djúpar“. Grunnar nálganir gera ekki ráð fyrir neinni þekkingu á textanum. Þær einfaldlega beita tölfræðilegum aðferðum á orðin sem eru umhverfis tvíræða orðið. Djúpar nálganir gera ráð fyrir víðtækri þekkingu á orðinu. Fram að þessu, hafa grunnu nálganirnar gefið betri raun.

Claude Piron³, þekktur þýðandi, skrifaði að vélþýðingar gætu í besta falli gert sjálfvirkan auðveldari hluta af vinnu þýðandans, erfiðari hlutinn og sá tímafrekasti, sem venjulega felst í yfirgripsmiklum rannsóknum til þess að leysa úr margræðni í frumtextanum, sem les-og málfraðileg nauðsyn markttextans þarf að fá leyst úr:

Hvers vegna þarf þýðandi heilan vinnudag til þess að þýða fimm blaðsíður, en ekki eina eða tvær klukkustundir? ...Um það bil 90% af meðaltexta fellur undir þessi einföldu skilyrði. En því miður eru önnur 10%. Það er sá hluti sem útheimtir sex (frekari) klukkustunda vinnu. Þar liggur margræðnin sem leysa þarf úr. Til að mynda, nefndi höfundur frumtextans, ástralskur læknir, dæmi af farsótt í „Japanese prisoner of war camp“ í síðari heimstyrjöldinni. Var hann að meina amerískar búðir með japönskum föngum eða japanskar búðir með amerískum föngum? Enskan hefur tvær merkingar. Því er nauðsyn á rannsókn, ef til vill með símtali til Ástralíu.

Hin fullkomna djúpaðferð mundi krefjast þess að þýðingaforritið geri allar rannsóknirnar sem nauðsynlegar eru til að skýra margræðni upp á sitt eindæmi. En þetta kallar á meiri gervigreind en þegar hefur náðst. Grunnadferð, sem einfaldlega giskar á merkingu tvíræðs ensks orðasambands sem Piron nefndi (ef til vill byggt á

² Yehoshua Bar-Hillel (1915-1975) Kom m.a. með heimspekilegt framlag í umræðu um vélþýðingar. Úr grein eftir John Hutchins, sótt í maí 2010 á slóðina: <http://www.hutchinsweb.me.uk/Bar-Hillel-2000.pfd>.

³ Claude Piron (1931-2008), tungumálamaður, sálfræðingur og þýðandi. Sótt á Wikipedia í maí 2010 á slóðuna: http://en.wikipedia.org/wiki/Claude_Piron

því hvers konar stríðsfangabúðir eru oftast nefndar í tilteknu textasafni) væri sæmilega líkleg til að giska rangt á nokkuð oft. Grunnaðferð, sem felur í sér að „spyrja notandann um sérhverja tvíræðni“, mundi að dómi Pirons aðeins gera sjálfvirkt u.þ.b. 25% af starfi atvinnuþýðanda, því standa eftir hin erfiðari 75% fyrir manninn að vinna úr. Það er talið að 75% af verkefnum þýðanda séu tæknitextar.

José Ramón Biau Gil (2005)⁴, ræðir um hvernig tækniþróun á þýðingamarkaði hefur þvingað þýðendur til þess að þýða bókstaflega. Litið sé á bókstafsþýðingar sem þörf iðnaðarins, nátengda framleiðslumarkmiðum. CAT-verkfæri⁵ hefta frelsi þýðandans vegna þess að þau eru þróuð með þeirri undirliggjandi hugmynd um eitt jafngildi á móti einu. Nú á dögum eru textar helgimyndalegri en nokkru sinni, en verkstreymi í iðnaði ætlast til þess að þýðendur starfi einingis við náttúruleg tungumál, og takmarka því frelsi sitt og möguleika á því að vinna með tiltekinn texta. Nýjasta tækni og verkstreymi í iðnaði dregur úr valdi þýðandans til þess að ákveða sitt eigið svar við spurningunni um bókstafs- eða frjálsa þýðingu.

„Vinsamlegast þýðið nálægt frumtextanum“, þ.e.a.s. skilaðu góðri þýðingu, er fyrsta lína í verklýsingu frá viðskiptavini (fjölpjódafyrirtæki). Setningin sýnir að sum fjölpjódafyrirtæki, að því er talið er, sem eru meðvituð um alþjóðleg, fjölmenningsleg samskipti og markaðsáætlanir, kjósa bókstafsþýðingar og líta á þýðingar sem ekki eru bókstafsþýðingar sem vondar þýðingar. Hver er þá hlutur þýðandans í ákvarðanatökunni gagnvart tækniþróun þýðingamarkaðsins?

Hér mætti minna á að kenning Eugenes Nida um virkt (dynamic) jafngildi er oft sett fram sem andstæða við sjónarmið textafræðinga sem halda því fram að skilningi á frumtextanum megi ná með því að meta innri líígun (animation) orðanna á blaðsíðunni, og sú merking sé sjálfstæð innan textans, þ.e.a.s. beinist mun meira að því að ná merkingarlegu jafngildi.

⁴ *Trust and Technology Problems related to Literal or Free Translation.* "Genesis. Revista Científica do Instituto Superior de Assistentes e Intérpretes, bls. 77-82. Sótt í maí 2010 á slóðina: <http://isg.urv.es/biau/research.htm>

⁵ Computer-assisted translation

Orð

Orð sem oftast koma fyrir í bók Reiß eru (fyrir utan smáorð): *Texti* og *þýðing* eru lang- algengustu orðin, en einnig mætti nefna orðin *tungumál*, *þýðingarýni*, *þýðandi*, *bókmenntalegur*, *samhengi* og *jafngildi*. Þá eru algeng orð sem nauðsynleg eru við flokkun og virðast oft merkja það sama: *Factor*, *element*, *type*, *component*, *aspect*, o.s.frv.

Sérkenni texta sem ekki eru skáldaðir ættu að vera áreiðanleiki efnis, nákvæmar upplýsingar og núgildandi málfar. Auðvitað getur komið fyrir stöku notkun á sérhæfðum tækniheitum, en þegar upp er staðið er úrslitamunurinn lesendahópurinn sem höfundurinn ávarpar, sem er ákvarðandi um val á máli. Hafi höfundur sérfræðinga í huga (fræðibækur eða tæknitímarit), ætti þýðingin að fylgja sambærilegri nákvæmni í tæknilegum orðaforða.

(Reiß, 1971: 31)

Segja má að Reiß gefi hér óbeint leiðbeiningar um hvernig þýða skuli bók hennar. Það er ekki óeðlilegt að reikna með að lesendur bókarinnar verði fyrst og fremst háskólanemar og þýðendur. En það koma óhjákvæmilega upp ýmis álitamál, t.a.m.: Getur þýðandi sleppt einhverjum hluta textans?, Verður þýðandinn að leggja meiri áherslu á merkingu en form?, Ætti þýðandi að vera sýnilegur eða ósýnilegur? Á þýðandinn að vera trúr frumtextanum eða ekki?, Ætti þýdda plaggið að vera staðfært eða útlenskað (*foreignised*)? Er mögulegt að finna næg jafngildi?

Tilgangur markttextans ætti að ráða mestu um mótun þýðingarstefnu. Því er ekki úr vegi að nefna þekkta hagnýta þýðingakenningu, *skopos-kenninguna*. Orðið tengist markmiði og tilgangi. Aðalfræðiritið um *skopos* er eftir Hans J. Vermeer og Katharinu Reiß, *Grundlegung einer allgemeinen Translationstheorie*, frá árinu 1984. Skopos-kenningin beinist fyrst og fremst að tilgangi þýðingarinnar, sem ákvarðar þýðingaraðferðirnar og áætlanir sem nota á til þess að framkalla nægilega hagnýta niðurstöðu. Þessi niðurstaða er markttextinn. Því er það, í skopos-kenningunni, að vita í hvaða tilgangi á að þýða frumtexta og hvaða virkni markttextinn komi til með að hafa, eru úrslitaatriði fyrir þýðanda.

Reiß og Vermeer stefna að almennri þýðingakenningu fyrir alla texta. Í fyrri hlutanum er sett fram ítarleg útskýring á skopos-kenningu Vermeers. Í síðari hlutanum, „sérkenningar“, er hagnýta textategundamódel Reiß með fjórum textategundum, felld að almennu kenningunni. Segja má að undirliggjandi reglur kenningarinnar séu eftirfarandi:

1. Þýðing (eða marktætti) er ákvarðast af *skopos* hennar.
2. Marktætti er framboð upplýsinga í markmenningu og markmáli sem tengist framboði upplýsinga í frummálsmenningu og frummáli.
3. Marktætti kemur ekki af stað framboði upplýsinga á skýran, afturkallanlegan hátt.
4. Marktætti verður hafa innra samhengi.
5. Marktætti verður að vera í samhengi við frumtextann.
6. Reglurnar fimm hér að ofan standa í stigveldisröð, þar sem skopos-reglan er ríkjandi.

(Munday, 2001: 78-79)

George Steiner nefnir þó það sem hann telur staðreynd í bók sinni *After Babel*, að þýðingastarfið sé til komið sökum þess að menn tali mismunandi tungumál. Hann vill sýna fram á að það sé ekkert sem heiti „þýðingakenning“ í ábyrgum, ströngum skilningi. Hann vill meina að ekki fyrirfinnist nein fræði sem gera mögulegt að grundvalla kenningu um hvernig þýða skuli. Það sé í besta falli hægt að tala um frásagnir af þýðingastarfsemi (praxis). Á öðrum stað segir Steiner, að hvert tungumál veiti ákveðna reynslu, skynjun og heildarsýn á heiminn, og að læra annað tungumál sé að stíga inn í og setjast að í nýjum heimi. Og það mætti segja að þegar tungumál líður undir lok hverfi endanlega tiltekinn heimur, andlega og í bókstaflegum skilningi, á svipaðan hátt og tegundir deyja út í dýraríkinu.⁶

⁶ Auður Birgisdóttir vitnar í Steiner, MA-ritgerð í þýðingafræði 2007: 24.

Þýðingaraðferðir

Verklagi við þýðingu má skipta í tvennt: *Tæknilegt verklag*, sem gerir ráð fyrir greiningu frum-og markmálsins og tæmandi athugun á frumtextanum áður en hafist er handa við þýðinguna. *Kerfisbundið verklag*, sem gerir ráð fyrir stöðugu endurmati á þýðingunni sem unnið er að. Það felur einnig í sér samanburð á þeirri þýðingu sem til er við þýðingar sama texta eftir aðra þýðendur. Kerfisbundna verklagið prófar einnig virkni upplýsingagjafar þýdda textans með því að fá álit lesenda marktans til þess að meta nákvæmni hans og virkni og athuga viðbrögð þeirra. Hér fylgir örstutt lýsing á helstu þýðingaraðferðum:

- **Orð fyrir orð-þýðing:** Hér eru orð í frumtextanum þýdd á annað tungumál með algengustu merkingu þeirra, sem einnig getur stundum verið úr samhengi, einkum í orðtökum og málsháttum.
- **Bókstafsþýðing:** Hér eru málfræðilegar setningagerðir frummálsins þýddar á næsta markmál þeirra. Samt sem áður eru leskvæð orð þýdd hvert fyrir sig, úr samhengi.
- **Trú þýðing:** Í þessu tilviki túlkar þýðingin nákvæmlega samhengismerkingu frumritsins með hömlum málfræðilegra formgerða markmálsins.
- **Merkingarleg þýðing:** Merkingarleg þýðing vísar til þeirrar tegundar þýðingar sem tekur tillit til fagurfræðilegs gildis textans á frummálinu.
- **Aðlögun:** Hún vísar til þeirrar tegundar þýðingar sem aðallega er notuð við leikrit og ljóð. Textinn er endurskrifaður með tilliti til menningar frummálsins sem er umbreytt yfir í menningu markmálsins þar sem persónurnar, þema, söguþráður eru venjulega varðveitt, en formi oft fórnað.
- **Frjáls þýðing:** Þessi þýðingaraðferð tilreiðir þýdda textann án þess stíls, forms eða innihalds sem var í frumtextanum.
- **Málvenjubundin þýðing:** Með henni eru skilaboð frumtextans þýdd, en það er tilhneiging til að afbaka stundum frummerkinguna með því að kjósa talmál og málvenjur.

- **Þýðing sem veitir upplýsingar:** Þessi aðferð dregur fram nákvæma samhengismerkingu frumtextans á þann hátt að bæði innihald og tungumál séu lesandanum auðveldlega aðgengileg og skiljanleg.⁷

Þýðingaraðferðirnar gefa til kynna heildarferil þess hvernig þýðandi skapar jafngildi á milli texta, eða hluta af texta, yfir í annað tungumál. Þýðingafærlinu mætti lýsa svo:

- Afkóðun merkingar frumtextans, og
- endurumritun eða þýðing þessarar merkingar yfir á markmálið.

Að baki þessu einfalda ferli felst margs konar starfsemi, t.a.m. að kanna málfræðiatriði, setningafræði, málvenjur, samhengi og því um líkt í frummálinu, sem og menningu þeirra sem málið tala. Þýðandinn verður að hafa ýtarlega kunnáttu í afkóðun og síðan í að endurumrita merkinguna á markmálið. Í mörgum tilfellum er nauðsynlegt að þekking þýðandans á markmálinu sé mikilvægari heldur en þekking hans á frummálinu. (Sjá neðanmálsgrein 7)

⁷ *Translation Process, Strategies and Methods*. Sótt í apríl .2010 áslóðina:
<http://www.thelanguagetranslation.com/translation-process.html>

Vangaveltur um þýðendur og þýðingaraðferð

Þegar ljóst var orðið að ég mundi takast á við að þýða bók Reiß sem lokaverkefni, voru tilfinningar blendnar. Ég hafði jú lesið hana og vissi að hún var í miklum metum innan þýðingarfræðinnar, og að það yrði ekki létt verk fyrir mig.

Í þýðingafraeðinni er sagt frá þeirri aðferð við þýðingu að undirbúa sig ekkert, bara byrja. Það eru alltaf einhverjir sem vilja fara út í öfgar. En það segir sig sjálft, að drjúgur hluti þýðinga er sjálfsagt mál og hvorki er nauðsyn á forrannsóknum né flóknum hugleiðingum. Það er hægt að vera með gátlista í upphafi eða við að fara yfir uppkast þýðingarinnar (Heimir, 1990: 76).

Njóta þýðendur virðingar fyrir störf sín? Líklega er það eitthvað misjafnt eftir menningarsvæðum, en maður skyldi ætla að almennt sjái fólk tilgang með þýðingum á sitt eigið tungumál. Líklegt er einnig, að þýðendur glati virðingu ef þeir vinna fyrir of lág laun. Þá er sennilegt að þýðendur sem nýta tölvuforrit við vinnuna séu minna metnir en þeir sem þýða torræð ljóð eftir nóbelsskáld. Sem dæmi um skeytingarleysi um þýðandann er að hans er oft ekki getið. Gagnrýnendur og fræðimenn einblína margir á villur í þýðingu og líta framhjá bókmenntalegu gildi verksins í heild (Munday, 2001: 153). Útgefendur velja oftast verkefnin og þýðendur fá sjaldnast hluta af hagnaði. Síðustu árin hafa íslenskir útgefendur gjarnan valið „bestsellera“ sem eru á „sigurför um heiminn“. Það má þó ljóst vera, að þeir sem þýða leiðbeiningar með þvottavélum njóta ekki virðingar, en þeir eru oft á góðum launum.

Hvar sem þýðendur í lausamennsku koma saman er líklegt að einhver, einhvers staðar sé að ræða um virðingu: Fyrirtæki bera ekki virðingu fyrir lausafólki. Viðskiptavinir bera ekki virðingu fyrir neinu okkar. Einmála fólk álitur að starf þýðandans sé auðvelt. Í þýðingaheiminum er meira rætt um virðingu en sjálf fræðin.

Það er ekki úr vegi að minnst hér á mat á þýðingum þar sem bókmenntamennirnir, Sigurður Nordal og Kristján Albertsson, brugðu sér í hlutverk þýðingarárnisins og hlóðu lofi á þýðandann Jón Sigurðsson frá Kaldaðanesi, gjarnan nefndur Jón kaldi. Mér er til efs að annar íslenskur þýðandi hafi hlotið þvítíkt lof. Hér er ekki verið að framkvæma neitt vélrænt mat:

„Það er ekki ofsagt, að hann hafi verið snillingur í meðferð íslenzkrar tungu og orðfæris, eins og þýðingar hans og það litla, sem eftir hann liggur frumsamið, hvort sem er í bundnu máli eða óbundnu, sýna og sanna. Dómgreindin var örugg og smekkurinn næmur.“ (Sig Nordal, 1957: 11-12).

Og Kristján segir (1957)):

Meira: „...marka þrjú rit tímamótin í íslenskri stílþróun, með litmeira málfari og blæbrigðaríkara, en áður hafði tíðkast, strangari stíl og hárfínni, djarfari og auðugri að hugkvæmd og nýbreytni, en nokkuð sem á undan var skrifað.“

Eitt af þessum ritum var þýðing (1912) Jóns kalda á skáldsögunni *Viktoríu* eftir Hamsun. Og Kristján bætir við: „Hinar merkustu þýðingar hafa jafnvel stundum haft meira gildi en flest sem frumsamið var samtímis — leyst úr læðingi krafta, sem urðu upphaf nýs tíma.“

Rithöfundurinn, Pétur Gunnarsson, segir frá því í bók sinni *ÞP í fátæktarlandi*, að Þórbergur Þórðarson hafi gengið með *Viktoríu* upprúllaða í vasanum og tekið upp hvenær sem hann settist niður (Pétur, 2007: 35).

Og Kristján bætir við:

„Og málblærinn var dýrlegri en á nokkurri annarri nýrri tíma sögu á íslensku, og bar með sér ilm, langt utan úr heimi, af skógum og vegum og gördum, þar sem ungir elskendur gengu — fjarlendan ilm, sem með undarlegum hætti var í orðum minnar tungu, seiddur inn í stílinn.“ (Kristján, 1957: 13-18).

Jón kaldi var maður sem þýddi allt of lítið og nú á dögum eru ekki margir sem kannast við hann.

Gianni Davico⁸ spyr: Hvers vegna getum við ekki látið okkur koma vel saman? Hann er hér að vísa til ástar/haturs þríhyrningssambands á milli umboðsskrifstofa-viðskiptavina-þýðenda. Viðskiptavinir vilja hagkvæmni og hraða, þýðendur krefjast gildis og virðingar. Davico talar um peninga gegn virðingu.

Þýðingar hafa þjónað sem ritunarskóli fyrir marga þekktu rithöfunda. Þýðendur, þar með taldir munkar sem breiddu út búddismatexta í Austur-Asíu og fyrstu evrópsku þýðendur biblíunnar, mótuðu með verkum sínum tungumálið sem þeir voru að þýða yfir á, þ.e.a.s. markmálið. Þeir hafa byggt brýr sem koma þekkingu

⁸ Gianni Davico (2009), *The Client – Agency – Translator Relationship: Can there Be Happy Ending?* Sótt á slóðina: <http://winandwinnow.com/blog/?p=49>, í apríl 2010

Hversu margar textategundir?

Í upphafi bókar sinnar bendir Katharina Reiß á að þjóðirnar dragist æ meir hver að annari og að það geri það nauðsynlegt að deila upplýsingum og hugmyndum yfir landamæri, jafnt í talmáli sem ritmáli. Þá megi ekki gleyma þýðingum á bókmenntaverkum og ýmsu skemmti-og afþreyingarefni. En árið 1971 var erfitt að gera sér í hugarlund þá byltingu sem tölvu-og netvæðing hafa kallað fram. Reiß segir: „Umfangið eitt, og tvímælalaust mikilvægi þýðinga í heimi nútímans, þarfnast þess að gaumur sé gefinn að gæðum þýðinganna.“ (Reiß, 2000, bls. xi). En bók Reiß fjallar einmitt um hvernig standa megi að því gæðamati.

Mat á frammistöðu þýðanda er starfsemi sem er, þrátt fyrir að vera útbreidd, hvorki nægilega rannsökuð né rædd. Háskólar, sérhæfðir þýðinga- og túlkaháskólar, þeir sem velja þýðendur og túlka í störf fyrir stjórnvöld og stofnanir, leggja allir fyrir próf eða samkeppnir þar sem framgangur er mæld á einhvern hátt (Harim/Mason, 1997: 197).

Hér á landi t.a.m., fer fram mikið þýðingastarf vegna Evrópusambandsins. Þegar unnið er að slíkum þýðingum geta svokölluð þýðingaminni komið að góðum notum. Og það er í fullu gildi að kynnast því útlenda í gegnum þýðingar. Nú um stundir, er í umfjöllun um þýðingar lögð meiri áhersla á hagnýt vandamál.

Nú er þýðingum gjarnan skipt í tvennt, *skáldskapartexta* annarsvegar og *nytjatexta* hinsvegar, en þó vilja sumir meina að engin greinileg skil séu þar á milli. „Ritgerðin („esseyjan“) er klassískt bókmenntaform sem iðulega þurrkar út skil skáldskapar og nytjatexta (Ástráður, 1996: 23).

Þó hefur alltaf verið reynt að gera kláran greinarmun á bókmenntaþýðingum og nytjaþýðingum í fræðilegum umræðum um vandamál í þýðingum, þó svo að munurinn hafi verið þannig gerður (því miður), að svo var litið á, að nytjaþýðingar væru lausar við vandamál og verðskulduðu ekki vandlega skoðun. Framan af fylgir greining Reiß í grófum dráttum hinni hefðbundnu grunnskiptingu á milli nytjatexta (áhersla á innihald) og bókmenntatexta (áhersla á form), en þó án þess að viðurkenna gagnrýnislaust hefðbundna skyldu ólíkra texta við þessar grunntegundir (Reiß, 2000: 20, 27).

Í bók sinni *Þýðing sem þraut þess útlenda*⁹ vitnar Antoine Berman í Michel Foucault í sambandi við tvenns konar þýðingar:

Það er alveg nauðsynlegt að fallast á að til séu tvenns konar þýðingar; þær hafa hvorki sömu virkni né sama eðli. Í annarri verður eitthvað (merking, fagurfræðilegt gildi) ætíð að haldast nákvæmlega eins, og því er opnuð leið inn í annað tungumál; þessar þýðingar eru góðar þegar þær 'fara frá líku til þess sama' [...]. Og svo eru þýðingar þar sem einu tungumáli er kastað í annað [...], þar sem litið er á frumtextann sem skeyti og markttextann sem skotmark. Hlutverk þeirra er ekki að leiða merkingu aftur til sjálfrar sín eða eitthvert annað, heldur að nota frumtextann til að setja markttextann út af sporinu.

(Þýðing mín)

Frumtextinn getur framkallað sprengingu í markttextanum, eins og tívolíbomba, þar sem sprettur fram eitt og annað sem hefur alltaf leynst í markmálinu. Það er verið að brjóta upp markmálið og opna fyrir nýja tjáningu. Og Berman bætir við:

Samsvarar þessi greinarmunur ekki einfaldlega þeim mikla klofningi sem skiptir öllu þýðingasviðinu, skilur hinar svonefndu 'bókmennta-' þýðingar (í víðum skilningi) frá 'óbókmenntalegum' þýðingum (tæknilegum, vísindalegum og úr auglýsingum, o.s.frv.)? Með því að þær síðarnefndu inna einungis af hendi merkingarfræðilega yfirfærslu og snúast um texta sem taka til tengsla hins ytra eða hjálplega við tungumál sitt, snerta þær fyrrefndu *verk*, þ.e.a.s. texta sem eru svo bundnir tungumáli sínu að þýðingarathöfnin verður óhjákvæmilega hagræðing táknið, þar sem tungumálin tvö ganga inn í ýmsar gerðir árekstra og *para sig* með einhverjum hætti.

Þessu verður ekki neitað, en er ekki tekið alvarlega. Það nægir að renna augum yfir þýðingasöguna til þess að sjá, að á bókmenntasviðinu bendir allt til þess að síðarnefnda þýðingagerðin hafi lagt undir sig og hulið þá fyrrefndu. Það er eins og hún sé skyndilega rekin fram á brún undantekningar og villutrúar. Það er eins og þýðing, langt frá því að vera þraut þess útlenda, sé frekar afneitun hennar, aðlögun hennar að loftslaginu, móttaka hennar á þegnréttinum í markmálinu. Það er eins og að mest sérkennandi kjarni hennar sé bældur af miklu afli. Þess vegna verður það nauðsyn að íhuga hvert sé hið

⁹ Antoine Berman (1942-1991). *L'épreuve de l'étranger: Culture et traduction dans l'Allemagne romantique*. Paris: Gallimard, 1984

rétta siðferðilega markmið verknaðarins að þýða (taka við því útlenda sem útlendu).

Berman álitur að nauðsyn sé á greiningu sem sýni hvernig og hvers vegna þetta markmið hefur frá alda öðli verið skekkt, afbakað og samlagað yfir í eitthvað annað en það sjálf.

E. T. de Pucciarelli setur fram þrefalda greiningu á textum í ritgerð sinni:

1. *tæknilegir vísindatextar*, þar sem einkennandi er að þekking á tæknilegum staðreyndum hefur forgang fram yfir tungumálakunnáttu, og það er þörf á því síðarnefnda til þess að ná yfir hina sérhæfðu íðorðafræði sérstakra sviða;
2. *heimspekilegir textar*, þar sem vitsmunaleg geta þýðandans til að grípa af innsæi þær víddir sem eru í hugtakaheimi höfundarins, eru mikilvægari en smáatriði í íðorðafræði;
3. *bókmenntatextar*, þar sem ekki þarf einungis að ná valdi á inntakinu, heldur einnig á listrænu formi og endurskapa á markmálinu

(1964: 144. K. Reiß vitnar í hana).

Textategundir Reið

Starf hennar á áttunda áratugnum byggir á hugtakinu *jafngildi*, en hún lítur á textann, fremur en orðið eða setninguna, sem það stig sem boðskipti hafa náðst og leita verður að jafngildi (Munday, 2001: 73).

Reið rökstyður í fyrri hluta bókar sinnar fjórfalda formgerðarflokkun texta, en greining texta ætti að auðvelda bæði þýðendum og þýðingarýnum vinnuna:

1. Innihaldsmiðaður texti
2. Formmiðaður texti
3. Áhrifsmiðaður texti
4. Hljóð- og miðlunarmiðaður texti

Samkvæmt Reið, krefst mat á þýðingu í fyrsta lagi þess, að ákvarðað sé hvers konar texta frumtextinn sé fulltrúi fyrir (textategundir og textaafbrigði); skilningur þýðandans á þýðingunni (sem ráða má af því hvernig hann þýðir, og er ef til vill einnig skýrt tilgreindur í formála þýðanda); og markmið þýdda textans. Einungis þegar þessir þættir hafa verið staðfestir, eru fyrir hendi aðstæður til þess að dæma þýðingu af sanngirni, í samræmi við viðeigandi mælikvarða. (Reið, 1976: 97-100).

Síðar, eða árið 1976, setur hún fram formgerðarflokkun texta sem skiptir máli fyrir þýðingar, og byrjar með grunnaðstæður samskipta þar sem textar gegna sérstökum og ákveðnum samskiptahlutverkum. Þrískiptir hlutar tungumálsins, byggðir á heitum Karls Bühlers: *Darstellung, Ausdruck, Appell* (1934), gefa til kynna svipaða skiptingu í grunnaðstæðum orðaðra samskipta með þremur samsvarandi textategundum.

Textar eru flokkaðir af hagkvæmnisástæðum og er það ekki gagnlegt fyrir þýðendur og gagnrýnendur að flokkarnir séu of margir. Skipting texta þarf að vera handhægt hjálpartæki og er það líklegt að fækkun textaflokka hjá Reið úr fjórum í þrjá, sem lýst var hér að framan, hafi verið hagkvæm, auk þess að vera réttmæt

Enda þótt *tegund* texta snerti í grundvallaratriðum þýðingaraðferðina og forgangsroðun þess sem varðveita skal í markmálinu, snertir *gerð* texta málhluta sem hafa þarf í huga þegar þýtt er:

1. Innihald. Reið telur upp helstu texta af innihaldsmiðuðu tegundinni.¹⁰ Innihaldsmiðaðir textar eru dæmdir eftir sínum merkingarfræðilegu, málfræðilegu og stílrænu einkennum, og endurspeglast þetta í þýðingum þeirra. Flokka mætti texta Reið sem *kennslutexta*, sem eru skyldir textum í hugvísindum, náttúruvísindum og á tæknisviðinu, þar sem einungis er hægt að þýða innihaldið á fullnægjandi hátt með því að nota sérhæfða íðorðfræði og málvenjur viðkomandi sviða (Reið, 2000: 31). Mikið af innihaldsmiðuðum textum eru meira eða minna nafnlausir, og gjarnan hannaðir til þess að veita upplýsingar hratt, örugglega og ítarlega, og til þess að lýsa aðstæðum. Eða, eins og Julius Wirl (1958) orðar það:¹¹

Jafnvel þegar höfundurinn velur meðvitað ákveðna tjáningu um leið og hann hefur í huga tryggð við reynslu sína og tekur fullt tillit til annarra tjáningarleiða, skipa tengslin við form ætíð lægri sess heldur en innihaldið. Eini tilgangur formsins er að gefa innihaldi næga tjáningu.

Séreinkenni texta sem ekki eru skáldaðir ættu að vera áreiðanleiki efnis, nákvæmar upplýsingar og núgildandi málfar. Einkennem hinna ýmsu textagerða sem hér eru flokkaðar saman sem innihaldsmiðaðir textar, mætti lýsa þannig að þau snúist fyrst og fremst, ef ekki eingöngu, um að miðla upplýsingum. Markmálið verður að vera ríkjandi, því að í þessari tegund texta er upplýsingainnihaldið mikilvægast og lesandi þýðingarinnar þarf að fá hana framsetta á kunnuglegu (R.W. Jumpelt, 1961: 133) málformi. Þessi sýn á tungumálið væri t.a.m. allsendis ófullnægjandi fyrir áhrifsmiðaða texta af því að þeir láta sig ekki fyrst og fremst varða að setja fram staðhæfingu, heldur nýta tungumálið til þess að ávarpa manneskju, hagnýta tungumálið til þess að vekja óyrt svar (Reið, 2000:29-32).

2. Form. Þýðingarferlið er tvíþætt: Að skilja texta og orða hann upp á nýtt. En þetta er verkefni sem ekki er hægt að leysa því menn hafa ekki fundið neina „aðferð til þess

¹⁰ Sjá K. Reið (2000, bls. 29): „... myndu helstu gerðir texta af innihaldsmiðuðu tegundinni ná yfir fréttatilkynningar og textaskýringar, fréttaumfjallanir, bréfaskriftir í verslun, vörulista, rekstrarleiðbeiningar, leiðbeiningar um notkun, lýsingar í einkaleyfisumsókn, sáttmála, opinber skjöl, kennslu-efni, bækur af öllu tagi sem ekki teljast til skáldskapar, ritgerðir (essay), fræðilegar ritgerðir, skýrslur, lokaritgerðir og sérhæfð rit í hugvísindum, náttúruvísindum og á öðrum tæknilegum sviðum.“

¹¹ Sótt í maí 2010 á slóðina; http://www.intralinea.it/reviews/eng_more.php?id=109_0_5_0_M Introducing interpretor studies, 2004. Höfundur Franz Pöchhacker.

að skilja texta fyllilega og enn síður til þess að orða skilninginn með sambærilegum hætti upp á nýtt, hvað þá á tungu sem hefur allt annan menningargrunn að standa á en sú sem fyrst var á skrifað“ (Heimir, 1993: 57). Goethe sagði (*Dichtung und Wahrheit*), að annaðhvort láti þýðandinn lesandann halda að textinn hafi verið frumsaminn á markmálinu, eða að hann lætur hina nýju lesendur setja sig í spor lesenda á frummálinu. En Heimir Pálsson t.d. vill meina að þannig sé það ekki: „Hver ný þýðing víkkar einatt landamæri heimamálsins, hver þýðandi er landvinningamaður og hann siglir milli skers og báru, því miður oft með strandi og stundum skipbroti.“ (1993: 57).

Almennt, tengist *form* því *hvernig* höfundur tjáir sig, aðgreint frá „innihaldi“, sem snýst um *hvað* höfundurinn segir. Auðvitað eiga þessi einkenni við um alla texta, þ.á.m. nytjatexta. Höfundurinn getur nýtt sér formlega þætti, hvort sem það er meðvitað eða ekki, til þess að ná sérstökum fagurfræðilegum áhrifum. Af þessari ástæðu eru formmiðaðir textar flokkaðir sem frummálsvísandi textar. Yfir hvers konar textagerðir nær þessi textategund? Almennt talað, nær hún yfir alla texta sem byggðir eru á formlegum, bókmenntalegum grundvallarreglum, og því yfir alla texta sem *tjá* meira en þeir *skýra frá*, þar sem líkingar og stíll gegna hlutverki í því að ná fagurfræðilegum tilgangi – í stuttu máli: Texta sem kalla má listræn bókmenntaverk (Heimir/Höskuldur, 1990: 59-66). Formmiðaðir textar eru svo metnir út frá fagurfræði sinni, sem og út frá sínum stílrænu, merkingar- og málfræðilegu einkennum, og eru þeir þýddir samkvæmt því. Því er það, að tjáningarvirkni tungumáls, sem er í forgrunni í formmiðuðum textum, sem verður að finna *hliðstætt form* í þýðingunni til þess að skapa samsvarandi áhrif, svo að þýðingin geti orðið að sönnu jafngildi (Reiß, 2000: 33).

3. Áhrif. Þýðandi átti m.a. í vandræðum með að þýða *appeal-focused text*. Í þýsku er sama orð notað. Mér fannst merkingin vera að *vekja áhuga*. Áhugamiðaður? Svo er til í málfræðinni svonefnd *aðdráttarsögn*. Eftir nokkrar vangaveltur var ákveðið að þýða þetta sem *ákallsmiðaðan* texta, enda þótt orðið *ákall* hafi töluverða trúarlega slagsíðu, enda eru trúarritatextar stór hluti af þýðingasögunni. Svo eftir að þýðingunni var svo gott sem lokið, komst ég að því (Shuttleworth/Cowie, 1997: 117), að venjan væri nú að tala um *áhrifsmiðaðan* (e. *operative*) texta og fannst mér það besta lausnin. Reiß segir m.a. um þessa textategund:

Áhrifsmiðaðir textar flytja ekki einfaldlega tiltekna upplýsingar í málformi; þeir eru auðkenndir á því að þeir setja ætíð fram upplýsingar með sérstöku sjónarhorni, skýrum tilgangi, sem felur í sér óyrta niðurstöðu. Að hrinda af stað þessari niðurstöðu er það mikilvæga. Í þýðingu er óhindrað ákall til áheyranda eða lesanda textans grundvallaratriði. Málform sérhvers upplýsingainntaks í áhrifsmiðuðum texta er greinilega ekki eins mikilvægt og að ná hinum óyrta tilgangi skilaboða hans (Reiß, 2000, 38-39).

En hvaða þýðingaraðferðir passa fyrir texta af þessari tegund? Mikilvægt er að á markmálinu náist sömu áhrif og í frumtextanum á frummálinu. Þetta hefur í för með sér að þýðandinn verður að víkja meir frá innihaldi og formi frumtextans heldur en í öðrum tegundum texta (Reiß, 2000: 41).

4. Hljóð- og margmiðlunarmiðaður (audio-medial). Hér var þýðandi enn í vanda með þýðingu og vill bæta við hve lítið gagn reyndist vera í íðorðagrunnum sem finna má hjá *Íslenskri málstöð*, tvö nothæf orð fundust: *Stílrænn* og *leskvæður*. En líklega eru tiltölulega fá fræðiheiti í bókinni og fremur lítil þörf á nýyrðasmíð þó að um sé að ræða fræðitexta. Þýðandi rataði á það að þessi textategund væri á ensku nú nefnd *Multi-medial Text* (Shuttleworth/Cowie, 1997: 109). En niðurstaðan hér mætti vera betri.

Þessir textar eru, líkt og minnst var á hér að framan, eru ekki fulltrúar fyrir einfalda lýsingu á munnlegum boðskiptum, þeir eru fremur meira eða minna mikilvægir hlutar af stærri heild. Þeir skera sig úr í því að treysta á óyrta (tæknilega) miðla og á mynd-, hljóm- og sjónræna gerð tjáningar. Það er einungis í sameiningu þeirra að hin flókna bókmenntalega heild verður að veruleika.

Hvers konar textar eiga heima í þessari tegund? Í raun og veru sérhver texti sem þarf á notkun að halda, og nokkurri aðlögun að óyrtum miðli, til þess að geta átt í boð-skiptum við hlustandann, hvort sem það er á frummálinu eða á markmálinu.

Sé þetta dregið saman, stendur eftir að viðeigandi þýðingaraðferð hljóð- og margmiðlunarmiðaðra texta verður að varðveita sömu *áhrif á hlustandann* og frumtextinn hefur á frummálinu. Aðstæður geta jafnvel útheimt enn meiri frávík frá

innihaldi og formi frumtextans heldur en þarf með áhrifsmiðaða texta.¹² Í kvikmyndum getur hlutverk þýðingar orðið algjört aukaatriði, í öfgafullum tilfellum verður það einfaldlega fyrirmyndin sem lokasamhæfingin er mynduð út frá.¹³ (Reið, 2000: 43-44).

En þess ber að geta, að t.a.m. Jeremy Munday, nefnir mikilvægt dæmi sem felur í sér þýðingarmikla gagnrýni á kenningu Reið í heild, þ.e.a.s. hvort í raun sé mögulegt að greina á milli textategunda:

... Sambúð hlutverka í sama frumtextanum og notkun sama frumtextans í fjölbreyttum tilgangi færa sönnur á óskýrleikann sem passar með þvingunum inn í skýra skiptingu hjá Reið. Og að síðustu, byggist þýðingar-aðferðin sem notuð er á miklu fleiru en einungis textategund. Eigið hlutverk og markmið þýðandans, sem og félags-og menningarlegur þrýstingur, hafa einnig áhrif á það hvernig þýðingarátætlun er valin (2001: 76).

Setningar - textar

Þorsteinn Gylfason skrifar að Ludwig Wittgenstein bendi á það, að við getum skilið setningar sem við höfum aldrei heyrt eða séð fyrir (Þorsteinn, 1996: 94). Síðar er bent á að *mál sé reglukerfi* og þegar menn læri að tala taki þeir á móti reglunum, nema að einhverjar þeirra séu meðfæddar. Meðal þeirra séu reglur um merkingu orða

Gottlob Frege, fjallaði um skilning nýrra setninga með því að lýsa því sem nefna mætti skilningsbúnað hugans. Þetta mætti setja fram í þremur kennisetningum sem virðast einfaldar við fyrstu sýn:

1. *Kubbakening* um setningar, setningin er heild úr hlutum líkt og höll sem börnin byggja úr kubbum.
2. *Setningar eru myndir af hugsunum.*

¹² Sjá G.Mounin (1967: 145): „Öllum þessum spurningum ... svara sérfræðingarnir sem talsetja (*synchronize*), að *allt sé leyfilegt* sem komi aðalflugmyndinni til skila ... Og hugmyndin telst hafa komist til skila ef áhorfendur bregðast við talsettu kvikmyndinni á sama hátt og áhorfendurnir brugðust við upphaflegu kvikmyndinni, þó svo að það feli í sér *ferskan innblástur*.“ Staðhæfingu Mounins hér, um talsetningu í kvikmyndum, má víkka út þannig að hún eigi við öll form hljóð- og margmiðlunarmiðaða texta.

¹³ Sjá R. Jumpelt (1961, bls. 24): „... en í umgjörð þar sem verið er að kvikmynda samtal gæti úrslitaþátturinn verið nauðsynin á að finna orðatiltæki sem í raun bera merkinguna og samsvara best varahreyfingum leikarans.“

3. *Leiðslukenning*, „við leiðum skilning heildarinnar af skilningi hlutanna, skilning setningarinnar af merkingu orðanna í setningunni. Það er einkum leiðslukenningin sem gerir þessa þrískiptu kenningu um skilningsbúnað í mannshuganum“ (Þorsteinn, 1996: 94).

En getum við þá á sama hátt leitt skilning textans af merkingu setninganna? Hlýtur það ekki að vera? Sagt er, að sérhvert orð sé margrætt og einnig að margræðni orðanna sé óendanleg eða óútreiknanleg. Einnig að fjöldi nýrra setninga sé óendanlegur. Wittgenstein heldur því fram, að setningar séu myndir af staðreyndum. Megnið af því sem við segjum eru nýjar setningar. Samhengi orðs skiptir miklu fyrir merkingu þess. (Þorsteinn, 1996: 95-105). Þýðandinn reynir gjarnan að varpa ljósi á merkingu með því að tilgreina samhengi.

Hér mætti minnst á tvö tengd hugtök: *Þýðingareiningu* og *fasta*. Hið fyrra er textaeining sem þýðandinn þarf að gefa sérstakan gaum. Þeir sem trú á orðréttar þýðingar vinna oftast með stök orð sem einingar. Þá geta setningar og efnisgreinar verið einingar

Stundum þykir það eiga við, að brjóta upp setningar og breyta skipan þeirra innan efnisgreinar. Í *Tvímælum* vitnar Ástráður Eysteinnsson í J. C. Catford sem segir, að nær alltaf megi „koma á fót þýðingarjafngildi á málsgreinastiginu – málsgreinin er sú málfræðieining sem beinast tengist hlutverki máls við tiltekna aðstæður“ (1996: 111). Við þýðingu ljóða er algengt að nota ljóðlínu sem þýðingareiningu. Hvað sé passleg þýðingareining snýst oft um það hvað þýðandi álítur fasta, en fasti er hver sú eining eða eigind frumtexta sem þýðandi telur að koma verði til skila í þýðingunni (Ástráður, 1996: 11-12).

Grunntextategundir

Það var Reiß á árinu 1971, sem gerði sér grein fyrir því, þegar hún var að ræða textaformgerð sína fyrir þýðendur, byggða á líkani Bühlers, að grunntextategundirnar þrjár (*upplýsing, tjáning og virkni*) væru ófullnægjandi. Hún stakk þá upp á fjórðu tegundinni sem hún nefndi *audio-medial* (hljóð- og margmiðlunarmiðaður texti), sem miunnst hefur verið á hér að framan. Slíkir textar eru ritaðir í þeim tilgangi að vera mæltir af munni fram eða sungnir, og verða því að treysta á miðil sem ekki er mállegur (tæknilegur) eða á önnur *heyrnar/sjónar* tjáningarform til þess að uppfyllast. Tungumálið er einungis hluti af breiðri heild parta (Reiß, 1971: 34 og 49). Þessar niðurstöður ollu áköfum deilum meðal þýðingafræðinga í Þýskalandi, og eftir dálítinn tíma endurskoðaði Reiß afstöðu sína lítillga. Eftir tillögu frá Bernd Spillner, breytti hún heitinu *audio-medial* í *multi-medial* (margmiðlunarmiðaða) til þess að ná yfir texta (eins og t.d. myndasögur) sem hafa sjónræna en ekki hljóðræna parta, og árið 1990 féllst hún á að slíkir textar mynduðu ekki fjórðu textategundina samkvæmt hennar upphaflega skilningi, heldur fælu í sér hluta sem ættu heima í einhverri af þremur textategundum hennar. Dæmi um *multi-medial*-texta (hljóð- og margmiðlunarmiðaða) í þessum skilningi gætu verið söngvar, sviðsleikverk, kvikmyndahandrit, óperutextar, sem og myndasögur og auglýsingaefni sem inniheldur hljóm-og sjónræna parta.

Nú um stundir eru notuð fjögur hefðbundin heiti yfir fjóra mismunandi flokka texta:

1. *Multimedial* textar (venjulega *audiovisual*) eru fluttir með tæknilegum og/eða rafmiðlum sem fela í sér bæði hljóð og mynd (þ. e. efni fyrir kvikmyndir og sjónvarp (neðan-og ofanmálstextar).
2. *Multimodal* (margháttá) textar fela í sér ólíka hætti yrtrar og óyrtrar tjáningar, sem ná yfir hljóð og mynd, eins og í leikhúsverkum og óperum.
3. *Multisemiotic* (fjöl-táknfræði) textar nota mismunandi grafísk táknkerfi, yrt og óyrt (t.d. myndasögur og prentaðar auglýsingar).
4. *Audiomedial* (hljóð- og margmiðlunarmiðaðir) textar eru þeir sem ritaðir eru til þess að vera mæltir af munni fram, og ná þannig til endanlegs viðtakanda með mannsröddinni en ekki með prentaðri blaðsíðu (t.d. pólitískar ræður og fræðilegar ritgerðir) (Mary Snell-Hornby, 2006: 85).

Inni í texta eða utan við

Bandarikjamönnum og Bretum er meinilla við neðanmálgreinar. Fremur lítið er um þær í íslenskum bókum, sérstaklega í bókmenntaþýðingum. Stundum er talað um „utantextaþýðingar“ og „ágræðslur“ sem mætti flokka í fernt:

1. Skýringar höfundar
2. Þriðji aðili (gagnrýnendur)
3. Skýringar þýðanda
4. Söguhetjuskýringar (t.d. í ævisögum eða skáldskap)

Hefðin var sú að hafa skýringar utan textans, hvort sem það var af fagurfræðilegum ástæðum, eða ekki. En nú er algengara, a.m.k. meðal fræðimanna, að hafa skýringar inni í texta. Þegar skýring er utan textans er verið að þvinga lesandann til að leggja lykkju á leið sína. Felst þá í þessu að þýðandinn sé að játa ósigur? Þá má minna á, að *óþýðanleiki* er orð eða hugtak sem þýðendur geta falið sig á bak við (Gauti Kristmannsson, munnleg heimild, 2007).

Í bók Reiß, sem er rúmlega hundrað blaðsíður, eru nærri eittundrað og fimmtíu neðanmálgreinar, langar og stuttar, eða u.þ.b. ein og hálf á hverja blaðsíðu. Þýðandinn, Erroll F. Rhodes, ákvað að fækka þeim um fimmtung, m.a. vegna þess að torvelt var orðið að nálgast ýmislegt af því sem vísað var í, en sumt færði hann inn í textann, en textinn er morandi í skýringum, nöfnum, ártölum, tilvitnunum, o.s.frv. Þýðanda fannst eðlilegast, með tilliti til þess að verið var að þýða bókina úr ensku (með stuðningi þýska frumtextans), að þýða tilvitnanir og vísanir eins og þær koma fyrir í ensku þýðingunni, og fara þannig að ráðum Rhodes

Það er endalaust margt sem getur vafist fyrir þýðandanum. Eitt er hvernig skuli taka á tilvitnunum og vísunum, sem geta verið misjafnlega skýrar frá höfundarins hendi.

Þýðingarferlið er tvíþætt: Að skilja textann og að orða hann upp á nýtt. Virðist ekki vera mjög flókið, en það er „óleysanlegt verkefni því að ekki hefur fundist nein aðferð til þess að skilja texta fyllilega og enn síður til þess að orða skilninginn með sambærilegum hætti upp á nýtt, hvað þá á tungu sem hefur allt annan menningargrunn að standa á ...“ (Heimir, 1993: 57).

Tilvitnanir í skáld eða ritsmíðar í þeim texta sem þýða á, valda þýðendum oft martröðum því að þeir vita sem er, að þeir muni ekki átta sig á öllum tilvitnunum og vísunum frumtextana. Sjá ekki við höfundinum. Svo gera höfundar verk sín þannig úr

garði að þessu leyti, að eftirlíkingar eru vandgerðar. Bókmenntalegar vísanir geta stundum verið afar langsóttar og erfiðar viðfangs (Heimir, 1993: 58-61).

Hjá Reið eru tilvitnanir og vísanir u.þ.b. tvö hundruð og þrjátíu. Það þurfti talsverða handavinnu og nákvæmni hjá þýðanda að reyna að standa skil á öllum þeim reikningsskap.

Reið vill meina, að hafa beri neðanmálgreinar eins fáar og stuttar og hægt er. Stutt neðanmálgrein í þýddri ljóðabók æpir á lesandann af því að það er aðeins ein neðanmálgrein í bókinni. Hjá Reið er um að ræða fræðilegan texta með tæknilegu ívafi, svo að fagurfræðin fær minna vægi. Að mínu álit, auka neðanmálgreinar og aðrar vísanir mjög gildi bókarinnar, þær að sjálfsögðu rökstyðja málflutning höfundar, en auka einnig á fjölbreytni hins fræðilega texta, en þeir geta oft verið einhæfir og þurrir. En ekki er víst að lesandi sem les bókina lauslega sé sammála þessu.

Val tilvísana hefur tekist afar vel og í þeim er margt spaklega mælt sem litar textann. Eitt stílbragð sem Reið beitir er að ávarpa lesandann, t.d. „Eins og við sáum hér að framan“. Þetta finnst mér draga úr fræðilegum einkennum textans. En tilvísanir í bókinni eru óvenju margar og verða því stór og mikilvægur hluti þessa klassíska verks í þýðingafraeðinni. En það er fróðlegt að skoða hvað Reið sjálf segir um þetta:

Margar gerðir innihaldsmiðaðra texta taka vel á móti möguleika á neðanmálgreinum (þýðingar á fræðilegum verkum og þeim sem ekki eru skáldskapur)... Áhrifsmiðaðir textar, sem yfirleitt forðast neðanmálgreinar. Í formmiðuðum textum eru útskýrandi þýðingar einnig viðeigandi ... Því nær sem útskýrandi hlutinn er frumtextanum, og því styttri og því meira lýsandi um útlendu aðstæðurnar, því betra ... Í formmiðuðum textum er það besta leiðin til þess að fást við staðmiðaða þætti, vegna þess að *neðanmálgreinar eru hvimleiðar, rjúfa flæði lestursins og draga úr áhrifamætti textans á markmálinu* (skáletri bætt við).

Nauðsyn brýtur lög.

(Reið, 2000: 71)

Lokaorð

Þessi reynsla, að reyna sig við að þýða klassískt verk í þýðingafræðinni, mun eflaust reynast mér vel þegar fram líða stundir. Allur frágangur ritgerðar og þýðingar, í samráði við leiðbeinanda var ánægjulegur og lærdómsríkur. Þess er óskandi, komi þessi þýðing á bók Katharinu Reiß einhveru sinni fyrir almennasjónir, að hún geti orðið einhverjum lesendum til gagns við gagnrýni eða þýðingar.

II. hluti

Þýðing á bók Katharinu Reiß

Þýdd er ensk þýðing frá 2000

Þýðandi: Viðar Jónsson

Formáli höfundar

Á tímum þegar heimurinn fer stöðugt minnkandi, þegar þjóðir dragast æ meir hver að annarri og nauðsyn þess að skiptast á upplýsingum og hugmyndum yfir landamæri jafnt í talmáli sem ritmáli er orðin sjálfsögð, eru samskipti óhugsandi án þýðinga. Það er afar mikilvægt í alþjóðlegum vísindatilraunum að miðla niðurstöðum rannsókna fljótt og af nákvæmni, ekki aðeins til þess að hægt sé að deila nýjum skilningi heldur einnig til þess að komast hjá tvíverknaði. Þýðendur og túlkar hafa löngum verið ráðnir til starfa í alþjóðastjórnámálum og þeir eru nú í auknum mæli viðstaddir fjölþjóðaráðstefnur um efnahags-, iðnaðar- og vísindalega hagsmuni. Og síðast en ekki síst hefur þýðing á bókmenntaverkum og ýmsu skemmti- og afþreyingarefni mikilvægu hlutverki að gegna í samskiptum milli menningarheima.

Umfangið eitt, og tvímælalaust mikilvægi þýðinga í heimi nútímans, þarfnast þess að gaumur sé gefinn að gæðum þýðinganna. En þetta er ekki eini hvatinn til þess að láta sig skipta grundvallarreglur við mat á þýðingum. Því verður ekki á móti mælt að til eru margar slakar þýðingar sem jafnvel hafa verið gefnar út. Hægt er að örva áhuga á betri þýðingum með grundvallarreglum í gagnrýni sem eru næmari á samhengi. Af sjónarhóli kennslufræðinnar myndi þróun hlutlægra matsaðferða einnig verða þýðingum að gagni, vegna þess að það yrði ágæt og jafnvel meira aðlaðandi leið til að skerpa málvitund og víkka sjóndeildarhring gagnrýnandans í málvísindum og því sem utan þeirra liggur. Og að síðustu, er vönduð rannsókn á möguleikum og takmörkunum þýðinga enn nauðsynlegri, því að núverandi þróunarstig er ófullnægjandi. Þeir staðlar sem gagnrýnendur fara oftast eftir eru yfirleitt háðir geðþótta þannig að úrskurður þeirra endurspeglar ekki trausta matshæfileika á þýðingafærlinu.

Tilgangurinn með þessari bók er að setja fram viðeigandi flokka og hlutlæga mælikvarða til þess að meta þýðingar af öllu tagi. Það er nauðsynlegt að þróa almennan ramma sem rúmað getur svið þeirra staðla sem skipta máli fyrir tiltekna, einstakar þýðingar. Þetta leiðir til viðurkenningar á því að hinar ýmsu gerðir texta útheimta ólíka staðla.

Fyrsta skrefið í áttina að því að ákvarða bókmenntalega, málvísindalega og hagnýta flokka, sem stuðst verður við til þess að meta tiltekna þýðingu, er að flokka þá eftir formgerðum.

Þegar ljósi hefur verið varpað á þessar grundvallarspurningar, ætti að skilgreina takmarkanir þýðingarýni og þá munu þróast flokkar sem tryggja samkvæmni í hlutlægum dómum eða afhjúpa huglægni þeirra.

Á eftirfarandi blaðsíðum er tekist á við það verkefni að leggja til raunhæfan og sveigjanlegan ramma sem er nægilega breiður til að ná yfir allar textagerðir sem koma til þýðingar, og er þó ekki sérhæfðari eða með fleiri smáatriðum en nauðsyn krefur til þess að hann gagnist sem fyrirmynd.

A. Inngangur

Nú þegar hún hefur öll verið þýdd og gengið frá henni, getur hver sem er lesið hana og gagnrýnt. Hver sem er getur litið yfir þrjár eða fjórar blaðsíður án þess að hnjóta *einu* sinni, og gerir sér jafnvel enga grein fyrir þeim hnausum og hnullungum sem lágu þar sem nú líkist sléttri, hefðri fjöl. Ekki nokkur maður tók eftir hve miklar áhyggjur og svita það kostaði að ryðja úr vegi þessum drumbum og grjóti og gera slétt og fellt. Auðvelt er að plægja þegar akurinn hefur verið hreinsaður.

Marteinn Lúter (1963)

„Plægingin er létt verk þegar akurinn hefur verið ruddur,“ sagði Lúter við þá sem gagnrýndu þýðingar hans árið 1530, þegar þeir gagnrýndu hann miskunnarlaust. En þrátt fyrir allt naut hann þeirrar ánægju að þýðingar hans voru yfirhöfuð „gagnrýndar“.

Hvernig hefur staðan breyst í þýðingarýni nú um stundir? Þegar spurningin er lögð fram með þessum hætti er gefið til kynna að það fyrirfinnist eitthvað sem heitir þýðingarýni. En er það svo? Að sjálfsögðu hafa þýðingar ætíð verið ræddar, metnar og gagnrýndar. Dagblöð og vikurit, sem og ársfjórðungsrit og ársrit, birta dóma og umræður um þýðingar. En birta þau mynd af þýðingarýni í ströngum skilningi?

Á það hefur verið bent nokkuð oft, að með tilkomu söluvörustefnu í bókmenntaheiminum, hafi bókmenntagagnrýni almennt (ef frá eru taldar nokkrar framúrskarandi undantekningar) hnignað svo að það er orðið áhyggjuefni. Gagnrýni bókmennta-*þýðinga* er engin undantekning.¹⁴ Og þó gæti sú einfalda staðreynd að á hverju ári eru þýddar yfir þrjú þúsund bækur á þýsku, svo ekki sé minnst á tæknilegar þýðingar, ritgerðir, ræður og skýrslur sem sægur þýðenda ryður úr sér daglega, fengið mann til að halda að bókmenntagagnrýnendur myndu beina meiri athygli að þýðingarýni. En engin slík tilhneiging hefur gert vart við sig. Að frátöldum fáeinum undantekningum (Schneider, 1956), sem eru álíka strjálar og þekking á frummálum þeirra er takmörkuð, meta umsagnir um þýðingar þær yfirleitt alls ekki sem þýðingar. Og þegar það kemur fram er það venjulega aðeins í framhjáhlaupi og með útjöskuðum frösum eins og „þýtt reiprennandi“ „líkt og að lesa frumtexta“, „frábær þýðing“, eða

¹⁴ Hinar áköfu deilur um þýðingar á sígildum bókmenntum heimsins á rómantíska tímanum koma upp í hugann, með öllum sínum tilraunum til að móta fræðilega greiningu á vandamálinu að þýða.

„þýtt af tilfinningu“ – dómarnir eru nær alltaf óljósir og órökstuddir. Gagnrýnendur taka sér sjaldan tíma, eða hafa fyrir því, að bera þýðingu saman við textann á frummálinu, jafnvel þótt þeir kunni skil á tungumálinu. Það á sér oftast stað sé mál frumtextans annaðhvort enska eða franska, en sjaldnar sé það annað Evrópumál, og sárasjaldan sé það eitthvað enn annað tungumál. Útkoman er hneykslanleg: Verk er rannsakað vegna innihalds þess, stíls og stundum einnig vegna listræns eðlis, og höfundurinn og verk hans eru einungis dæmd á grundvelli þýðingar án þess að leitað sé ráða í frumtextanum. Það er gert ráð fyrir sjálfri staðreyndinni orðalaust, án jákvæðrar eða neikvæðrar umsagnar. Höfundurinn er aðeins dæmdur út frá staðgengli, með þýðandanum, að honum fjarstöddum og jafnvel án þess að minnst sé á þá staðreynd.¹⁵

Það er að sjálfsögðu spurning, hvort dómar um þýðingar séu á færi bókmennta-gagnrýnanda. Er þekking gagnrýnandans á bókmenntunum, eða ákveðin sérþekking á tilteknu sviði, nægileg hæfni fyrir þetta verkefni? Getur hann lagt traust mat á þá hnúll-unga og hnausa (svo notað sé orðalag Lúters) sem þýðandinn þurfti fyrst að ryðja burt? Er hann fær um að greina eitthvað annað en lokaafurðina af þýðingafærlinu, sem þá er litið á sem frumtexta?

Í ljósi þessara íhugunarefna má draga þá ályktun að þýðingarýni sé einungis möguleg sé hún gerð af fólki sem vel er heima jafnt í markmáli sem frummáli,¹⁶ og hefur samkvæmt því möguleika á að bera þýðinguna beint saman við frumtexta hennar. Í stuttu máli sagt, krefst þýðingarýni samanburðar á mark- og frumtextunum.

Lögð er stund á þýðingarýni (þó undir ólíkum nöfnum) af meiri samkvæmni og ákafa í stofnunum sem þjálfar þýðendur heldur en hjá útgáfufyrirtækjum. Hagnýtar æfingar nemanna í þýðingum og próf þeirra, hvort sem er í grunnnáminu eða á framhaldsstigi, eru „leiðréttar“ og þeim gefnar einkunnir, þ.e.a.s. gagnrýndar og metnar. Hér mætti enn spyrja hvort þeir sem leiðréttar gefi nægan gaum að þeim fjölda möguleika sem standa til boða, búist er við eða óskað er eftir. Hvaða mælikvörðum er beitt fyrir utan þá sjálfsögðu, eins og orðaforðaafglöp og misskilning á

¹⁵ Stöku sinnum ber það við að ritdómari sýnir að hann er meðvitaður um þessa staðreynd. Því skrifar M.Reich-Ranicki (1964: 72): „Stíll Hemingways hefur haft áhrif á heila kynslóð þýskra rithöfunda. En stíll hvers hefur í raun haft þessi áhrif? Hemingways, eða Önnumaríu Horschitz-Horst, þýðanda hans? “

¹⁶ Heitin *frummál* og *markmál* (þýska: Ausgangssprache, Zielsprache; franska: langue de depart, langue d'arrivée) yfir upphaflega tungumálið og þýðingarmálið eru nú svo almennt viðurkennd í þýðinga-fræðunum, að þau eru tekin upp hér sem stöðluð heiti. Það er einvörðungu af stílrænum ástæðum sem valdir eru kostir eins og *upphaflega tungumálið* (eða höfundarins) yfir frummálið, eða *þýðingarmálið* yfir markmálið.

málfræðiatríðum? Að hve miklu leyti treystir sá sem leiðréttir einfaldlega á eigin tilfinningu? Þessar sömu spurningar eiga einnig við þann sem endurskoðar og þann sem metur. Þeir verða allir að stilla þýðingunni upp við hlið frumtextans og bera saman. En eru til einhverjar hlutlægar viðmiðanir eða leiðbeiningar við að meta þýðingaverk?

Sérhvert þýðingaverkefni er jafnvægisferli sem á sér stað með því að setja saman marktexta með stöðugu taumhaldi frumtexta. Samtímis því að leitast er við að finna þau jafngildi sem næst komast í markmálinu, verður þýðandinn sífellt að hafa annað augað á frumtextanum til þess að fá staðfestingu á því að jafngildin séu fullnægjandi (Kade, 1964: 137).¹⁷ Hverja einstaka þýðingu, niðurstöðuna af þessu ferli, ætti að meta með hlut-lægum mælikvörðum sem skipta máli. Þá fyrst opnast leið til að stunda meira eða minna sjálfkrafa þýðingarýni sem uppfyllir viðmið hlutlægrar þýðingarýni.

Hvað er átt við með *hlutlægri* þýðingarýni? Í þessu samhengi merkir hlutlægni það að hægt sé að sannprófa, gagnstætt því þegar geðþótti eða hið ófullnægjandi er látið ráða. Þetta hefur í för með sér að alla þýðingarýni, hvort sem hún er jákvæð eða neikvæð, verður að skýra skilmerkilega og styðja með dæmum. Gagnrýnandinn ætti einnig ætíð að taka tillit til annarra huglægra skoðana. Í neikvæðri gagnrýni ætti gagnrýnandinn að reyna að komast að því hvað það var sem leiddi til (meindra) mistaka þýðandans. Þetta ferli gefur tækifæri til að kanna bakgrunn kaflans, setja hann í víðara samhengi og ákvarða hugsanlegar orsakir mistakanna: hvort um sé að ræða kæruleysi eða innsláttarvillur á frum- eða markmálinu, reynsluleysi af málvenjum eða tæknilegum íðorðaförða tiltekins sviðs, ónóg tilfinning fyrir stílsmáta á markmálinu, ófullnægjandi þekking á miðlinum (útvarpi, sjónvarpi, leikhúsi) o.s.frv., sem myndi hafa áhrif á hversu alvarleg yfirsjónin er væri tekið mið af heildarsamhenginu. Aftur á móti getur það orðið gagnrýnandanum til góðs og birtir stundum innsýn sem mönnum sást yfir í upphaflegum, andstæðum dómi. En hvernig sem fer, gefst lesanda gagnrýnandans tækifæri til að velta fyrir sér tveimur ólíkum dómum og vega líkindi hvors fyrir sig og meta að nýju.

¹⁷ Í þýðingafraedinni er heitið *jafngildi* (equivalence) lykilhugtak. Hægt er að ná jafngildi bæði á milli frumtextans í heild og þýðingar hans á markmálinu, og á milli einstakra hluta í textanum og þýðingar hans. Jafngildi er ekki einungis samsvörun, né heldur er það endurgerð einingarinnar á frummálinu. Jafngildi er, líkt og orðsifjar þess benda til, „jafnt gildi“, þ.e.a.s. að líta má þannig á að samsvarandi orðanotkun á markmálinu sé ákjósanlegt jafngildi gefi hún mynd af hinu málvísindalega og aðstæðubundna samhengi, stig máls og stíls, ætlun höfundarins á markmálinu sem ber sama gildi og orðanotkunin á frummálinu. Sjá umræðuna um möguleg og ákjósanleg jafngildi hér á eftir (§ 3).

En þetta kemur einnig af stað því ögrandi viðfangsefni að jafna alla neikvæða gagnrýni út með tillögu um endurbætur. Lessing heldur því fram að: „sá sem dæmir þarf ekki að geta endurbætt það sem hann gagnrýnir“, en hann segir einnig að listgagnrýnandi gefi því einfaldlega ekki gaum að eitthvað trufli hann, heldur bæti hann við „vegna þess...“. Og að sjálfsögðu, sé þetta „vegna þess“ vel ígrundað „vegna þess“, leiðir það eðlilega til staðhæfingar um hvernig taka hefði átt á brotlega hlutanum þannig að hann hefði ekki gert (okkur) bylt við“ (Lessing, ártal vantar, bls. 68). Og A. W. von Schlegel, (1963: 99), sem sjálfur er reyndur og farsæll þýðandi, gerði þessa athugasemd: „Að mínu áliti er það býsna sanngjörn krafa, að þegar þýðingar eru gagnrýndar ætti alltaf að gera tillögu um lækningu.“ Til þess að forðast allan grun um hreinar hártoganir, ætti ætíð að virða þessa grundvallarreglu.

Eigi að finna samsvörun við hlutlægni í viðmiðum og flokkum sem *skipta máli* í þýðingarýni, verður að gæta að því að líta á textann sem verið er að meta sem *þýðingu*, og að fjallað sé um hann *sem slíkan*. Af því leiðir, að atriði eins og bókmenntalegt gildi höfundarins, hugmyndaauðgi, djúphyggni, fræðileg nákvæmni, o.s.frv., skipta minna máli en að ákvarða af hlutlægni (þ.e.a.s. sannanlega) hvort og að hve miklu leyti textinn á markmálinu jafngildir innihaldi textans á frummálinu.

Hér er aftur á ferðinni, með tilliti til *uppbyggjandi* þýðingarýni, það ögrandi viðfangsefni að leggja fram gagntilboð vegna lausna sem hafnað hefur verið. Samanburður við frumtextann veitir lesanda gagnrýnandans tækifæri til þess að velja á milli mismunandi jafngilda. Walter Widmer (1959: 82) setur fram lærdómsríkt dæmi um þetta. Widmer átelur þýðanda fyrir lélega þýðingu eða endursköpun á franska orðtakinu „une abondance de gestes“. Hann kallar þetta orðtak Flauberts dæmi um „óljós orð yfir óljósar hugsanir“ og eftir könnun á ýmsum þýskum þýðingum sem tiltækar voru, dregur hann þá ályktun að „þýðandinn (réttlætanlega) skildi það jafnlítið og Flaubert“. Þess ber að gæta að þetta er nákvæmlega viðeigandi hjá þýðandanum. Það er ekki skylda hans að bæta fyrir verk höfundar og finna upp eitthvað sérstakt látbragð eða pat sem samhengið gæti virst heimila, þ.e.a.s. líkt og gagnrýnandinn Widmer leggur til í stað „une abondance de gestes“ sem hann álitur „betri þýðingu“: „hann ypptir öxlum án afláts og hristir höfuðið.“ Lesandi gagnrýnandans mun ekki láta sannfærast af þessari rök-semdafærslu og mun taka afstöðu með hinum rægða þýðanda. Burtséð frá þeirri staðreynd að tillaga Widmers vekur önnur íhugunarefni (hún gæti gefið til kynna að maðurinn væri með

taugakippi), samsvarar hún einfaldlega ekki þeim skorti í frum-textanum á skýrri lýsingu á látbragðinu, hvort sem það var með vilja gert eða ekki.

Þar sem við erum nú að ræða um texta, ættum við að staldra við og veita stuttlega athygli sambandi þessa grundvallarhugtaks við *þýðingu*. Það hefur verið vinsælt á meðal textafræðinga (Friedrich, 1968: 5; Kloepfer, 1967: 10; Schadewaldt, 1963: 252) að gera greinarmun á „túlkun“ (óbókmenntalegra texta¹⁸) og þýðingu (bókmenntatexta). Annars er þessi aðgreining formlega sett fram af Hans-Joachim Störig (1963, bls. 15) í formála að safnríti hans: „Hið *munlega* ferli túlkunar er aðgreint frá hinu *ritaða* ferli: Verk túlsins (nema að skráð séu drög eða þau hljóðrituð) eru unnin í flýti og eru hverful, en verk þýðandans ákveðin og varanleg.“ Þegar við tölum um þýðingarýni á eftirfarandi blaðsíðum, notum við heitið ekki í þeim víða skilningi sem nær yfir öll boðskipti af einu tungumáli yfir á annað, heldur fremur í hinum (hvers-dagslega) skilningi á *ritaðri þýðingu á ákveðnum texta* „af einu náttúrulegu tungumáli yfir á annað“ (Delavenay, 1960: 13).

Anthony G. Oettinger (1963: 449) sagði í bók sinni: „Hversu erfitt sem það getur reynst að þýða, er enn erfiðara að leggja dóm á gæði þýðingar. Allir vinna einir.“ Tvímælalaust geta legið fyrir hlutlæg viðmið fyrir mati á þýðingu þannig að máli skipti, en þau eru enn hvorki nægilega þekkt né hafa verið skipulega færð fyrir þeim rök eða þeim lýst. Huglæg og hlutlæg viðmið til að leggja dóm á þýðingar eru orðin svo háð geðþótta að skilin á milli bókmenntagagnrýni og þýðingarýni hafa fullkomlega þurrkast út. Umsagnir, sem gefa sig út fyrir að vera hlutlægar og standa fyrir þýðingarýni í ströngum skilningi, skortir allt of oft alla skilgreinda útgangspunkta, víðtæka heild eða viðeigandi flokka, þannig að lokaniðurstaðan er sú tilfinning að þetta sé fullkomlega undir geðþótta komið. Eina af orsökunum fyrir ófullnægjandi þýðingarýni hingað til má rekja til ólíkra skoðana á því hverju þýðing getur eða ætti að geta náð fram, eða jafnvel þess vafa hvort þýðing sé í raun yfirleitt möguleg.¹⁹ Þýðingakenning sem beita má á *alla* texta hefur enn ekki verið mótuð. Á síðustu fimmtán árum hefur þó mátt sjá ýmsar áhugaverðar tilraunir til að snúa sér að

¹⁸ Þýska heitið „dolmetschen“ er haft um munnlega eða um þýðingu sem gerð er samtímis, en ekki rituð, sem andstæða við „übersetzen“ sem vísar til ritaðra þýðinga sem þurfa að gangast undir eftirfarandi prófun eða staðfestingu. (E.F.Rhodes)

¹⁹ Sjá J.Ortega y Gasset (1937). En *contra*, sjá G. Mounin (1967: 111): „Þýðing er hvorki með öllu eða um eilífð óhugsandi, né með öllu eða um eilífð hugsanleg.“ og bls. 112: „Ef raunverulega er ekki hægt að þýða orðtak, er þýðanda á tuttugustu öldinni fært að vita og skilja hvers vegna ekki er hægt að þýða orðtakið.“ Sjá einnig J.C.Catford (1965: 93): „Source language texts and items are 'more' or 'less' translatable rather than absolutly 'translatable' or 'untranslatable'.“

efninu. Eftirtaldir verðskulda sérstaka athygli: Otto Kade (1964), Rudolf Walter Jumpelt (1961), Eugene A. Nida (1964), Rolf Kloepfer (1967) og Ralph-Rainer Wuthenow (1969). Verk Kades snúast gagnert um „nytja-“ texta, en Jumpelt hefur fyrst og fremst áhuga á þýðingu tæknilegra vísindatexta. Nida fjallar um vandamál við Biblíuþýðingar. Kloepfer beinir athyglinni eingöngu að „bókmennta“-textum, jafnt prósa sem bundnu máli, og Wuthenow einbeitir sér að þeim sértæku vandamálum sem fylgja þýðingu sígildra bókmenntaverka.

Burtséð frá þeim aðferðum sem hver og ein textategund er greind eftir eða skilgreind, er í verkunum sem nefnd voru hér á undan minnt á hættunarfyrirspá af því að framreikna út frá niðurstöðum þeirra, t.a.m. að yfirfæra útkomu þeirra á *alla* texta. Eftir á að hyggja gæti verst betra að halda áfram frá því almenna til þess sérstaka, líkt og leitast er við í þessu verki. En vegna þess er samt alveg nauðsynlegt að beina athyglinni stöðugt að spurningunni um þýðingu. Eins og við höfum tekið eftir hafa hinar réttmætu kröfur, sem hægt er að gera og verður að gera til þýðingar, ekki verið settar fram á þann hátt sem virkar, og viðmiðin og flokka fyrir gagnrýnið mat er ekki hægt að setja fram án kerfisbundinnar greinargerðar um þarfir, forsendur og markmið allra þýðingafæra.²⁰

Leiðin fyrir eftirfarandi útskýringar er þar með mörkuð. Fræðilegu íhugunarefnið í þýðingum og þýðingarýni verða studd gagnrýnu mati á tiltækum bókmenntum um efnið.

Fræðilegar útlistanir verða rækilega skýrðar með dæmum.²¹ Dæmin sem eru tilgreind eru ekki mín eigin heldur tekin, eins og mögulegt var, úr frumtextum og útgefnum þýðingum.

Þar sem dæmin sem eru sýnd eru ekki í samhengi, eru jafngildin sem gefin eru ekki endilega þau bestu. Það ætti að vera augljóst að við mismunandi máltilfelli eða málaðstæður væru önnur jafngildi eins réttmæt. Þegar það er sérlega nytsamlegt, eða þegar um er að ræða meginvandamál, verður lagt mat á sérstakar hliðar þeirra aðferða

²⁰ Sjá H. Friedrich (1969: 7): „Því andstætt hinum mállistunum, þá er ekki hægt í listinni að þýða og að gagnrýna þýðingar, að komast af án formgerðarstaðla, og sérstaklega ekki án þeirra staðla sem þróaðir hafa verið frá því seint á átjándu öld og fram á þennan dag með þýðingarmiklum yfirlýsingum um þýðingar.“

²¹ Lýsandi dæmi í bókinni verða tekin úr meginmálum Evrópu: Ensku, spænsku og frönsku. Umfram það gerir eftirfarandi umræða ekki tilkall til almenns gildis. Að hve miklu leyti þau grundvallaratriði sem þróuð verða skipta máli fyrir tungumál utan Evrópu á eftir að koma í ljós. Einungis er reynt að leggja fram til umræðu eitt af nokkrum mögulegum aðferðafræðilegum líkönum.

sem gagnrýnendur þýðinga fylgja. Með þessum hætti gæti lesandi, sem einungis hefur áhuga á því hagnýta, fundið eitthvað nýtsamlegt eða leiðbeinandi.

B. Möguleikar þýðingarýni

Ekkert er erfiðara en að ganga inn í hugsunarferli annars einstaklings og geta endurskapað heildarsýn hans með öllum sérkennum ... Og þó er það einungis þegar tekst að endurbyggja innviðina, og það hvernig þeir virka í öllum sínum einingum, að hægt er að halda því fram að maður skilji verk og anda þess. Að setja fram þennan almenna skilning með skýrum heitum nefnist að auðkenna og myndar það viðfangsefni og kjarna gagnrýninnar.

(Friedrich Schlegel, 1804)

Yfirlýsing Schlegls um kjarna gagnrýni hefur tvöfalt vægi þegar kemur að þýðingarýni. Tvöfalt vægi vegna þess, að til þess að geta lagt faglegt mat á þýðingu verður ekki aðeins að lýsa verki þýðandans heldur verður stöðugt að bera það saman við frumtextann „með öllum sérkennum“ og gera „þennan almenna skilning“ á frumriti höfundarins að prófsteini sem staðfestir alla endanlega dóma. Þessi íhugun liggur til grundvallar þeirri meginreglu sem við lögðum áherslu á í formálanum sem undirstöðukröfu: Engin gagnrýni án samanburðar við frumtextann! Þetta samanburðarferli er óhjákvæmilegt eigi mat að vera faglegt, allt annað myndi einungis bjóða heim ásökunum um huglægni og geðþótta.

1. Gagnrýni og textinn á markmálinu

Engu að síður er hinn hefðbundni háttur; að einskorða gagnrýni við þýdda texta, að einhverju leyti réttlætanlegur, a.m.k. hvað varðar bókmenntatexta. Þessi tegund gagnrýni, sem byggð er eingöngu á þýðingunni á markmálið án nokkurs tillits til frumritsins, kemur einungis að gagni sé gengist við innbyggðum takmörkunum hennar. En hvað liggur innan sviðs þessara takmarkana?

Aldrei skyldi dæma þýðingu *einhlíða* og *eingöngu* vegna forms hennar á markmálinu. Sé verkið skáldsaga, gæti þýðingarýnirinn ályktað sem svo að hún væri dæmi um léttvægan skáldskap, þegar raunin er sú að þýðandinn hefur einfaldlega

verið ófær um að samþætta innihald, byggingu og stíl textans.²² Endanlegur dómur einungis mögulegur ef það sem á vantar má einnig sjá og er staðfest í frumtexta þýðingarinnar. Það ætti að vera ljóst, að greining og mat á þýddum texta getur gagnast sem fyrsta skref, en þeim verður að fylgja hið nauðsynlega skref númer tvö; samanburðurinn við frumtextann.

Í sumum tilvikum er hið öfuga ferli auðvitað mögulegt þegar bera skal saman nokkrar þýðingar á sama frumtextanum. Horst von Tscherner (1963) kemur fyrstur með dæmi um slíka aðferð. Tscherner leggur fram greiningu á ljóði í frumgerð sinni. Hann heldur síðan áfram og sýnir nokkrar þýðingar ásamt athugasemdum með og á móti þeirra lausnum.

Venjulega hefst þó fyrsta skrefið á hinum þýdda texta. Hvernig ætti þá gagnrýnandinn að hefjast handa?

Julius Wirl (1958: 64) heldur því fram að „sá sem ekki getur lesið frumtextann getur verið ófær um að nota sömu viðmið og sá sem getur það. Þýdd skáldsaga gæti verið dæmd út frá ákveðnum gildum, sem við er búist í þessum flokki, og þýðingin úrskurðuð svo reiprennandi að það að lesa hana sé ekki eins og verið væri að lesa þýðingu.“ En það eru fleiri álitamál sem einnig þarf að taka til greina: Í fyrsta lagi hvort frumtextinn hafi verið ritaður í reiprennandi stíl þannig að þýðingin flæði á sama hátt; og í öðru lagi hvort reiprennandi stíll í þýðingu sé algilt eða afstætt gildi, þ.e.a.s. hvort liðugur stíll sé nauðsynlegt einkenni, eitthvað sem keppa skal að í öllum tegundum texta, við hvaða kringumstæður sem er, eða jafnvel yfirleitt eftirsóknarvert markmið í þýðingu. Þessar spurningar verða ræddar frekar síðar.²³

Nú er almennt viðurkennt að þýðandi ætti að búa yfir „sönnum hæfileika til að skrifa á eigin tungumáli“ (Sir Stanley Unwin, í *On Translation*: Sjá Güttinger [1963: 219]), vegna þess að „klaufska í tungumáli þýðingarinnar veldur ákveðnum fordómum gagnvart verkinu í heild“ og vegna þess „að hafi þýðandi ekki fullt vald á eigin tungumáli og sé ófær um að skrifa vel, hlýtur þýðing hans að verða slök, hversu vel sem hann skilur textann“ (Hillaire Belloc: Sjá Güttinger [1963: 219]). Hans Erich

Sjá H.F.Foltin (1968: 267): „Þá er komið að því sem líklega er í bókmenntarannsóknum grundvallareinkenni lakara forms *belles lettres*, nefnilega hversu langt þau eru frá því að samþætta frumatriðin, innihald, byggingu og stíl, sem grundvallast á hinum föstu og þeim breytilegu þáttum sem lýst var hér að ofan... .. því það er sameining þessara þriggja frumatriða sem í huga bókmennta-fræðings ákvarðar fagurfræðilegt gildi. Þar sem gildið er minnst má rekast á óteljandi staðreynda-villur og galla á samningu og stíl sem endurspeglar getuleysi höfundarins ...“
Sjá 6.1 (Útdrættir og samantektir) og 6.7 (Fræðilegar þýðingar).

Nossack (1965: 12) kveður enn sterkar að orði þegar hann leggur þunga áherslu á að: „markmiðið er að lesandinn fái í hendur læsilega bók á sínu eigin tungumáli, ekki einhverjar hráar skólaglósur þar sem endursköpuð er setningagerð, samsetningar í lýsingarhætti o.þ.h., hvort sem það eru ensku- eða latínuslettur, eða eitthvað annað. Klaufsk og fölsk þýðing getur haft meiri áhrif í þá átt að ganga af erlendu meistaraverki dauðu en smáræði af hreinum og klárum þýðingarvillum.“

Það er vissulega hægt að greina klaufska eða falska framsetningu í marktöxtanum án tillits til frumtextans. Samkvæmt Fritz Güttinger (1963: 143 og áfram), má gera grófa mælingu á [þýskri] þýðingu með einföldu prófi: „Hugsaðu bara um orðin sem koma oftast fyrir í þýsku og koma ekki fyrir á erlenda tungumálinu og þá er hægt að segja til um hvort eitthvert gagn sé í þýðingunni. Í þýðingu, þar sem þýtt er orð fyrir orð, mun þessi orð skorta því þau er ekki að finna í frumritinu. Orðin sem vantar segja til um hvort þýðandinn kunnir í raun þýsku og uppfylli frumskilyrði þess að leysa af hendi góða þýðingu.“

Þessi hagnýta þumalputtaregla (sem hefur sínar takmarkanir líkt og allar slíkar reglur) getur ekki eingöngu átt við „orðin sem koma oftast fyrir í þýsku og koma ekki fyrir á erlenda tungumálinu,“ heldur einnig öll þau hugtök og orðtök sem tjáð eru með öðrum hætti á erlenda tungumálinu. Sé gagnrýnandinn sérlega vel að sér í frummálinu mun hann eiga auðvelt með að koma auga á dæmi í markmálinu þar sem þýðandanum hefur mistekist. Mistök og yfirsjónir af þessu tagi geta varpað skugga á kosti þýðingar.

Dæmi um þetta er frásögn í *Süddeutsche Zeitung* frá 22. apríl 1970, eftir fréttaritara spænskra fréttara M.von Conta, úr viðtali hans við þáverandi utanríkisráðherra Spánar, Gregorio López Bravo. Hann greindi svo frá: „López: Der Handel zwischen unsern Ländern, bei dem zum Ausdruck kommt, daß die deutsche Bundesrepublik einen Vorzugsplatz unter *unsern Käufern und Verkäufern* einnimmt ...“ [„López: Verslun milli landa okkar einkennist ef til vill af þeirri staðreynd að Vestur-Þýskaland skipar sérstakan sess meðal *kaupenda okkar og seljenda*“]. Þessi þýðing á svari ráðherrans hljómar ekki aðeins undarlega á þýsku („unsere Verkäufer,“ *okkar seljendur* gæti misskilist), heldur er hún einnig röng málfræðilega. Þýska orðið „Handelspartner“ (*viðskiptavinir*), sem spænskan á ekkert eitt orð yfir, hvarflaði ekki að blaðamanninum. Hugtakið er venjulega tjáð á spænsku með „compradores y sumministradores“ (= „Käufer und Lieferanten“ *kaupendur og birgjar*);

bókstafsþýðingin, í stað „Handelspartner“ samkvæmt málvenjunni, endurspeglar ónóg tók á tungumálinu.

Annað dæmi: „Die natürliche Logik enthält zwei Fehler: Sie sieht nicht, daß die Sprachphänomene für den Sprechenden weithin Hintergrundscharakter haben und mithin außerhalb seines kritischen Bewußtseins und seiner Kontrolle bleiben“ [„Á þessari einföldu röksemdafærslu eru tveir gallar: Hún gerir ekki ráð fyrir að fyrir þann sem talar tiltekið tungumál eru fyrirbæri þess að miklu leyti bakgrunnur og liggja því handan við gagnrýna vitund hans og stjórn“]. Allir sem búa yfir kunnáttu í ensku myndu bera kennsl á þýska textann sem þýðingu af enskum eða amerískum toga, vegna þess að enska orðið „control“ hefur merkinguna „nýta vald yfir“ eða „ráðskast með“ en þýska orðið „Kon-trolle“ er aðeins rétt notað í skilningnum „staðfesting“ eða „prófun.“ Wolf Friedrich (1969: 37) vitnar í þetta dæmi og segir: „Það er rangt og villandi. Fólk getur *staðfest* fyrirbæri tungumáls, en ekki *ráðskast með* þau – það er ekki á valdi þess...“

Það á ekki að meta kunnáttu þýðanda í tungumáli einfaldlega út frá því viðmiði að það vanti orð í orðaforða frummálsins, eða með því að bera kennsl á *falska vini*, heldur jafnvel með því sem kalla mætti *viðbótarorð*, Porzig (1962: 145). Meira að segja Lúter mátti glíma við þetta vandamál. Lúter (1963, bls. 20 og áfram) varði aðferð sína við þýðingu á þriðja Rómverjabréfinu 3, þar sem í latínuna vantar orðið *solum* og hann kom því fram með orðið „allein“ (einungis) í sinni þýsku þýðingu: „Það er í eðli okkar þýska tungumáls þegar rætt er um eitthvað tvennt, annað sem við erum að staðfesta og hitt sem við erum að afneita, notum við orðið *solum* „allein“ [*einn* eða *einungis*] með orðunum *nicht* [*ekki*] eða *kein* [*ekkert*] ... Það er í eðli þýskrar tungu að bæta við orðinu *allein* í þeim tilgangi að orðin *nicht* eða *kein* verði skýrari og fyllri.“ Þetta „allein“ sem Lúter heldur uppi vörnum fyrir er dæmi um viðbótarorð; fylgiorð sem í þýskunni þjóna ekki sem venslatengingar en skilgreina eðli málsgreinar (*talgjörð*). Í fjölda annarra tungumála fyrirfinnast ekki leskvæðar hliðstæður sem samsvara þessum fylgiorðum (eins og eben, etwa, doch, nur, aber, auch, überhaupt, o.s.frv.) í hinu sérkennandi, áherslu- og skýrandi hlutverki þeirra.²⁴

²⁴ Í þýsku hafa þau það hlutverk að bæta tilteknum blæbrigðum við spurningu, upphrópun, bón eða full-yrðingu. Í spurningu gætu þau gefið til kynna svarið sem *búist er við*: „Soll ich das *etwa* glauben?“ [Ætti ég *nokkuð* að trúa þessu?], gefa hér í skyn svarið „Nei.“ Þau geta aukið áherslu í bón eða upphrópun: „Das ist *doch* nicht möglich!“ [„Þetta er *alveg* útilokað!“], sem er andstæða hins einfalda „Das ist nicht möglich!“ vegna ákveðinnar persónulegrar áherslu. Sjá W.Porzig (1962: 145, og áfram)

Í spænsku og ensku er einungis mögulegt að draga ályktun um þessi blæbrigði út frá textanum í heild og jafnvel þá ekki með fullri vissu, svo að í sérhverri þýðingu er nauðsynlegt að einhver huglæg túlkun sé til staðar. Þetta á sérstaklega við um ritaða texta þar sem ítónunar, sem myndi skýra markmið hins talaða orðs, nýtur ekki við. Einkum er við hæfi, í textum þar sem þýðingin verður ekki einungis að vera rétt heldur einnig reiprennandi og í samræmi við þýska málvenju, að nýta þessi fylgiorð enda þótt ekkert sé í orðrétta frumtextanum sem samsvarar þeim.²⁵

Á hinn bóginn, þegar þýtt er úr þýsku á spænsku eða ensku, er nauðsynlegt að huga vandlega að því hvort þessi fylgiorð séu nægilega þung á metunum í málsgreininni, eða hvort þau þjóni einvörðungu sem efni í blæbrigði. Þá þarf að taka ákvörðun um hvort þýða eigi þau með jafngildum málvenjum eða látast ekki sjá þau (tákna þau með núll-jafngildi).²⁶

Þetta leiðir hugann að öðru viðmiði til þess að dæma þýðingu eingöngu út frá markmáli hennar: Valdi til að svara kröfum um málfræði og stíl verður að fylgja þekking á málvenjum.

Og það er enn önnur leið til þess að meta þýddan texta: Innra ósamræmi. H. Kellner (1964: 87) skrifar: „Fjarstæður geta verið auðséðar, jafnvel án samanburðar á textunum, sem flestir gagnrýnendur eyða ekki tíma í.“ Þessar „fjarstæður“ gætu verið einfaldar þýðingarvillur sem stafa af ónógri þekkingu á orðaforða eða málfræði frummálsins, eða jafnvel að þýðandinn hafi ekki áttað sig á óyrstum ákvarðandi þáttum²⁷ sem eru að verki í markmálinu. Þetta þarfnast þó samanburðar við frummálið til staðfestingar. Villur af þessari tegund verða yfirleitt til á merkingarstigi þýðingar og bæta við viðmiðin innihald, byggingu og stíl, fjórða og síðasta viðmiðinu, sem getur skipt máli þegar dæma skal markmálsgerð texta.

Líkt og við höfum veitt athygli, getur viðmið byggt á markmálsgerð texta gefið mikinn afrakstur. En umfjöllun okkar hefur bent til þess að þegar á heildina er

12 Í samræmi við það, lítur H.J.Kann þannig á að tilkoma þessara „nauðsynlegu“ orða í þýskri þýðingu séu lofsverð. Sjá Kann (1968: 57): „Þessi hárfínu skil á milli tungumálanna tveggja [Íhaldsöm formleg enska og ágengari þýska] verður sérstaklega áberandi vegna fjölda þeirra orða sem nauðsynlegt að bæta inn í þýskuna til þess að gefa vísbendingum og áherslum textans fyllingu.“ Sjá einnig bls. 84-85 og 114.

²⁶ Í málsgreininni „Ice habe dieses Buch *auch* gelesen“ er orðið *auch* merkingarberandi: Á spænsku væri það „*Yo también* he leído el libro,“ og á íslensku „Ég hef *líka* lesið þessa bók.“ Í málsgreininni „Hast du auch *gelesen*, was du unterschreibst?“ er *auch* blæbrigðaorð. Að þýða það með *también* eða *líka* myndi brensla merkingu þýska orðsins, því ætti þýðingin að vera „¿Has leído lo que estás firmando?“ eða „Hefur þú lesið það sem þú ert að skrifa undir?“

²⁷ Sjá umræðuna um óyrta ákvarðandi þætti hér á eftir (B.4).

litið er hlutverk þess í mati á þýðingu greinilega takmarkað. Það takmarkast af skorti á tilvísun í frumtextann, og ef það á að vera laust við óljósar alhæfingar eins og „reiprennandi þýðing“, „eins og að lesa frumtextann“,²⁸ „ójöfn þýðing“, o.s.frv. þarf það að vera stutt með vandlegum samanburði við frumtextann. Auk þess hefur mat sem byggir einungis á þýðingunni að miklu leyti neikvætt yfirbragð. Aðlögun að stöðlum í málfræði og stíl, svo og að normum tengdum orðaforða og merkingarfræði í markmálinu, er einfaldlega það sem búast má við, eða ætti a.m.k. að vera, og ætti ekki að útheimta neinar sérstakar ályktanir. Það getur aðeins dregið athygli að frávikum frá hefðbundinni notkun.

Fyrsta grundvallarregla okkar, að þýðingarýni skuli vera uppbyggileg, myndi útiloka það að þýðing sé dæmd einvörðungu út frá göllum hennar. Hans Erich Nossack (1965: 11), sem ekki er tortrygginn gagnrýnandi var alveg dæmigerður þegar hann sagði: „Ég játa það hreinskilnislega, að sem lesandi myndi ég frekar setta mig við fáeinar ómerkilegar villur í þýðingu, sem ég hvort eð er tæki líklega ekki eftir, heldur en svik við heildaranda bókar sem ekki væri hægt að líta fram hjá og gerðu hana að lífvana og leiðinlegri samsuðu.“

Hversu mjög sem við fögnum þessu örlæti gagnrýnandans gagnvart þýðingavillum (að því tilskildu að þær séu fáar), ætti hin samsíða áhersla á jákvæða eiginleika þýðingar, eða samkvæmni hennar við „heildaranda bókarinnar“, ekki að ákvarðast á grundvelli huglægrar tilfinningar („lífvana samsuða“). Til þess er samanburður við frumtextann lykilatriði, og dómar verða að byggjast á ströngum og hlutlægum viðmiðum.

Þar að auki, eins og við veittum athygli í byrjun, þarf ekki að fjölyrða um að uppbyggileg þýðingarýni verður einnig að stinga upp á fullnægjandi þýðingarkostum, sem studdir eru sannfærandi rökum. Með því að velgengni í að fást við þýðingavandamál verður aðeins ákvörðuð með samanburði við textann á frummálinu, veitir vísun í frumtextann einu árangursríku aðferðina við að framkvæma nákvæmt mat á þýðingu.

²⁸ Sjá A.Luther (1949: 11), „Mesta lof sem þýðingu getur hlotnast er yfirleitt að hún sé eins og að lesa frumtextann. En er það í rauninni eftirsóknarvert lof? Og dálítið seinna segir hann um þýðingu á Tolstoy, „Ég bar þýðinguna saman við frumtextann og komst að því að þýðandinn hafði leyst hinar löngu setningar Tolstoys upp í raðir af stuttum málsgreinum ... Þegar þýðingin er lesin, er það ekki eins og að lesa frumtextana, en það er ekki eins og að lesa frumtextann.“

2. Gagnrýni og textinn á frummálinu

Fram að þessu hefur umræðan leitt það í ljós að mat á þýðingu sem er eingöngu byggt á markmálinu getur ekki gagnast nema að afar takmörkuðu leyti. En endanlegt mat verður ekki gert án þess að bera þýðinguna saman við frumtextann. Ein af mikilvægustu grundvallarreglum þýðenda er fullkominn trúnaður við ætlunarverk höfundar frumtextans. Einungis með samanburði við frumtextann er hægt að komast að því hvort þessi trúnaður hafi náðst, hve vel ætlunarverk höfundarins hafi skilist, hvernig það hafi verið túlkað og hvernig hafi til tekist að tjá það á markmálinu. Mat sem byggt er á frummálinu stendur fyrir gagnrýni sem tekur þessa staðreynd með í reikninginn.

Áður en *heildarmat* á þýðingu getur átt sér stað, verður að rannsaka hana frá ýmsum sjónarhornum. Með öðrum orðum: Gagnrýnin ætti að hefjast á því að skoða um hvaða tegund texta sé að ræða, hún gefur mikilsverðar vísbendingar fyrir fullgilda þýðingu, og síðan ætti að kanna bæði málþætti og þætti sem ekki tengjast máli en hafa ómissandi gildi fyrir þýðingarferlið. Það er nauðsynlegt í mati sem á að vera hlutlægt og á að skipta máli, að kanna allar *textategundir*, *málþættina* og þá *þætti sem ekki tengjast máli* en hafa áhrif á málvísindalega gerð frumtextans. Á eftirfarandi blaðsíðum verður rætt um grundvallarskrefin í átt að skýru mati á þáttunum sem koma við sögu þegar setja á saman hlutlæg viðmið og flokka sem skipta máli fyrir þýðingarýni.

2.1 Textategundir og þýðingaraðferðir

Áður en hafist er handa verður þýðandinn að gera sér grein fyrir hvers konar texta hann er að þýða og hið sama gildir um gagnrýnandann: Honum verður að vera ljóst hvers konar texti birtist í frumritinu ef hann á að geta forðast staðla sem ekki eiga við í dómi á þýðingunni.

Það væru mistök að nota sömu viðmið til þess að dæma reyfara og fagurbókmenntir, svo dæmi sé tekið, eða óperettutexta og lýsingu á hlut í einkaleyfisvottorði. Samt er ekki að sjá að þessari augljósu grundvallarreglu hafi verið fylgt af einhverri samkvæmni.

Gerðaflokkun texta sem er næm á nauðsynjar þýðingaferlisins og nær einnig yfir öll afbrigði texta sem fyrir koma, er samkvæmt því óumdeilanleg forsenda allra hlutlægra aðferða við þýðingarýni. Í fræðunum er fullt af ýmis konar tilraunum til að þróa gerðaflokkun sem byggð er á grundvallarreglum þýðinga og þýðingataekni. Þær bera vitni um viðurkenningu á því að þýðingaraðferðir eiga ekki að ákvarðast eingöngu af sérstökum lesendahópi eða hinum sérstaka tilgangi sem ætlaður er þýðingunni (eins og svo oft er lagt til). Áhrif þessara tveggja þátta verða rædd í köflunum um takmarkanir þýðingarýni. En áður er mikilvægt að kanna eðlileg dæmi um þýðingar þar sem tilgangurinn er að yfirfæra texta frumritsins á annað tungumál án styttingar, viðauka eða nokkurs sérstaks skáldskapar; setja frumtextann fram með samsvarandi texta á markmálinu. Við þessar nokkuð eðlilegu aðstæður er það tegund textans sem ákvarðar aðferðina fyrir þýðandann; val þýðandans á þýðingaraðferð við hæfi er grundvallað á textategundinni.

Í fræðilegum vangaveltum um þýðingavandamál hefur ætíð verið gerður skýr greinarmunur á nytjaþýðingum og bókmenntalegum, enda þótt greinarmunurinn hafi verið gerður á þann hátt (því miður) að litið var þannig á að nytjaþýðingar væru lausar við vandamál og verðskulduðu því ekki nákvæma skoðun,²⁹ en fyrir bókmenntaþýðingar hefur fjöldinn allur af kenningum verið þróaður, fagaður, ræddur og varinn. Þessi aðgreining er vissulega fullkomlega réttmæt og er víða viðurkennd. Jafnvel W.E.Süskind (1959: 85) notar hana þegar hann heldur því staðfast fram, að þýðendur bókmenntaverka verði sjálfir að vera hæfileikaríkir skapandi rithöfundar, öfugt við þýðendur hagnýtra verka sem hann kallar sérfræðiþýðendur. Á þetta má fallast án fyrirvara, því að fyrir nytjatexta er tungumálið fyrst og fremst samskiptaleið, til að flytja upplýsingar, en fyrir bókmenntaprósa og ljóðlist er það tæki til listrænnar sköpunar, flytur fagurfræðileg gildi.³⁰

Þessi grófa skipting er samt sem áður algjörlega ófullnægjandi vegna þess að í báðum hópunum eru fjölmörg textaafbrigði sem fylgja mjög ólík vandamál, og hvert

²⁹ Sjá umfjöllunina hjá F.Schleiermacher (1963: 38, og áfram, sérstaklega bls.40-45). Í rauninni er það gagnslaust að setja fram röð texta eftir einkunn, hvort sem er eftir erfiðleikastigi eða virðingu, eins og yfir-leitt er gert að dæmi Schleiermachers. Allar gerðir nytjatexta eru felldar niður í neðstu deild, þar sem bókmenntaprósinn er himinnhátt fyrir ofan þá, og þar sem prósaljóð og kveðskapur, sér í lagi ljóðrænn skáldskapur, sem efsta erfiðleikastigið. Þrátt fyrir þetta algenga mat, getur flókin samningur (sbr. L.Weisgerber, 1961) stundum haft í för með sér mun meiri erfiðleika en meðalskáldsaga og þýðandi með skáldaæð mun eiga í miklu minni vanda með að þýða ljóðrænt kvæði en að þýða tæknilegan leiðarvísi.

³⁰ Málnotkuninni í fyrra tilvikinu mætti lýsa sem einhverju sem aðallega tengist merkingarkjarna og í hinu síðara sem tengist aðallega aukamerkingu.

um sig þarfnast mismunandi þýðingaraðferða sem byggðar eru á ólíkum grundvallarreglum. Nyttjatextar geta átt sameiginleg fjölbreytileg einkenni, en það hefur samt mikið að segja hvort þýðingin sem meta á er vörulisti, lögfræðilegt ágríp eða ritgerð í heimspeki. Hins vegar eiga sameiginlegu þættirnir í bókmenntaþýðingum samsvörun í fjölda mismunandi sjónarhornna: Þýðingar á margbrotnum ritgerðum og ljóðrænum skáldskap ætti ekki að dæma út frá sömu stöðlum. Þýðingar á sviðsleikritum þarfnast þess að athygli sé beint að ýmsum smáatriðum sem má láta sér í léttu rúmi liggja í annars konar bókmenntaþýðingum.

Á síðustu áratugum hefur mikilvægi þessa grundvallarinnsæis verið viðurkennt í vaxandi mæli, en þó hafa hinar ýmsu tilraunir til að staðfesta einkenni ólíkra textategunda verið þjakaðar af sérstökum skorti á tærleika.

Elsa Tabering de Pucciarelli (1964: 144, og áfram) setur fram þrefalda greiningu í ritgerð sinni „Aspectos técnicos y literarios de la traducción“: 1) tæknilegir vísindatextar, þar sem einkennandi er að þekking á tæknilegum staðreyndum hefur forgang fram yfir tungumálakunnáttu, og það er þörf á því síðarnefnda til þess að ná yfir hina sérhæfðu íðorðafraði sérstakra sviða; 2) heimspekilegir textar, þar sem vitsmunaleg geta þýðandans til að grípa af innsæi þær víddir sem eru í hugtakaheimi höfundarins, eru mikilvægari en smáatriði í íðorðafraði; 3) bókmenntatextar, þar sem ekki þarf einungis að ná valdi á inntakinu, heldur einnig á listrænu formi og endursköpun á markmálinu.

En þessi þrefalda greining er einnig ófullnægjandi. Réttlætningin fyrir „heimspekilegum textum“ sem viðbótartegund er ekki ígrunduð á sannfærandi hátt. Einkum og sér í lagi myndar sú ályktun að þýðandinn verði að hafa á valdi sínu íðorðafraði heimspekinnar á engan hátt sérstakt viðmið í samanburði við önnur svið. Ekki bætir heldur skilyrðið um samúðarfullan skilning á hugmyndaheimi höfundar neinu við hina almennt réttmætu grundvallarreglu að skilningur fari á undan þýðingu.

Sem annað dæmi úr hinum spænskumælandi heimi gætum við tekið Francisco Ayala (1965: 23, og áfram). Hann gerir sér einnig ljósa nauðsyn þess að greina á milli ólíkra textategunda, einkum með tilliti til breytilegra þýðingaraðferða: „Með því að ritmenning hefur að geyma óendanlega fjölbreytni af textum sem útheimta við þýðingu alhliða beitingu ýmissa lausna sem sífellt geta aðlagast þeim vandamálum sem þeir skapa hver fyrir sig, t.d. ritgerð um stærðfræði, pólitíska orðræðu, gamanleik

og ljóðrænt kvæði, er ekki hægt að þýða alla textana á sama hátt.³¹ Því ber að hrósa að Ayala viðurkennir réttilega fjölbreytileika hagnýtra texta, athugasemdir hans enda þó á afturhvarfi til hinnar venjulegu tvískiptingar og þrátt fyrir frábært innsæi á köflum er niðurstaðan samt ruglingsleg.

Aðra þrefalda greiningu á textategundum má finna í ritgerð eftir Peter Brang (1963: 421, og áfram). Brang skrifar gagnrýni um verk eftir A.Fedorov, einn af brautryðjendum í þýðingafraeðum í Sovétríkjunum. Hann byggir greiningu sína á ýmsum tegundum þýðingarefnis. Hann aðgreinir: 1) fréttir og gagnrýni, viðskiptaskjöl, opinber skjöl, og vísindalega texta; 2) skjöl tengd skipulagningu og pólitík (þar á meðal verk eftir sígilda marxista, ritstjórnargreinar og ræður); og 3) bókmenntatexta.

Almennum einkennum fyrsta hópsins³² er lýst þannig að þau séu sérhæfð tækniheiti og málvenjur.³³ Meginskilyrði fyrir fullnægjandi þýðingu er að þýðandinn virði orðrétt setningarbyggingu frumtextans með eins fáum persónulegum innskotum eða frávikum og mögulegt er.

Þetta skilyrði er nokkuð réttmætt að því tilskildu að textinn sé ekki yfirlýsing sérstaks höfundar, sem ekki er einungis ábyrgur fyrir „hvað-inu“ (innihaldi), heldur einnig „hvernig-inu“ (máti) í tjáningu hans. Að hafa á valdi sínu margbrotinn *íðorðaforða* tiltekins sviðs er grundvallaratriði, samt sem áður, (enda þótt varla sé minnst á þetta sjónarmið) ef þýddur texti á að einhverju leyti að vera ásættanlegur og ekki koma lesandanum furðulega fyrir sjónir, eða a.m.k. viðvaningslega.

Fedorov lítur á almenn einkenni annars hópsins, texta um skipulagningu og pólitík, þegar þau blandast vísindalegri málnotkun (eins og tæknilegur *íðorðaforði*) og bókmenntalegri málnotkun (eins og mælskulistarstílbrogð, myndlíkingar, o.s.frv.) – en sést yfir þá staðreynd að þessa sömu samsetningu einkenna er að finna í skáldsögum og sviðsleikritum. Fedorov mælir hér með því að virða setningafraeðileg

³¹ „Pues la incalculable variedad de textos en que se concreta una cultura escrita ha de requerir una aplicación alternativa y siempre cambiante de las soluciones diversas al problema que su traducción plantea en cada caso: no pueden traducirse de igual manera un tratado matemático, un discurso político, una comedia, un poema lírico.“

³² Umræðan hér um greiningu Fedorovs er eingöngu byggð á ritgerð P.Brangs vegna þess að rússneska frumritið var ekki fyrir hendi.

³³ Dæmi um þessar málvenjur eru: „Af þessum sönnunargögnum drögum við þá ályktun...“ (vísindalegir textar), „Samkvæmt áreiðanlegum heimildum...“ (fréttir), „Með vísan til bréfs yðar frá [dagsetning] ... (viðskipti), o.s.frv.

sérkenni til þess að varðveita hrynjandina í frumritinu, einkum þegar ræður eru þýddar.³⁴ Hin sígildu skrif marxista eru nefnd sem viðeigandi dæmi.

Einangrun þessa flokks virðist ekki á neinn hátt réttlæt看leg. Annaðhvort tilheyra textar um skipulagningu og pólitík nytjategundinni, og er þá gengið út frá því að megintilgangur þeirra sé að miðla upplýsingum, eða að þeir tilheyra bókmenntatextum, þar sem nýtt eru meðul mælskufræðinnar til þess að ná fram sérstökum áhrifum sem einnig ætti að varðveita í þýðingu. Fedorov tekst ekki að setja fram sannfærandi rök fyrir flokki skipulags og pólitíkur samhliða flokkum eitt og þrjú. Þessi flokkur númer tvö, getur ekki talist sjálfstæð textategund, heldur fremur blönduð tegund sem hlýst af skörun ólíkra tegunda, sem getur átt sér stað hvar og hvenær sem er.

Að síðustu lýsir Fedorov einkennum þriðja flokksins, bókmenntaverkum, þannig að þau séu auðkennd af fjölbreytilegum stílrænum og setningafræðilegum þáttum (mállýskum, fagorðum, fornyrðum og framandi heitum) sem og frjálslegri notkun orðatiltækja úr talmáli. En ef frá er talin sú staðreynd, að þessi lýsing gæti jafnt átt við annars konar texta sem yfirleitt er ekki litið á sem bókmenntalega, eins og fréttaskrif, virðist það of einhliða og yfirborðskennt, einkum vegna þess að ekki er minnst á mikilvæg atriði eins og hið ríkjandi fagurfræðilega sjónarhorn í samningu frumtextanna og þá nauðsyn að varðveita þessi fagurfræðilegu gildi þegar þýtt er. Þar að auki, er bókmenntaprósa, leikverkum og ljóðrænum kveðskap slengt saman enda þótt hvert þessara búi yfir sérkennum sem gætu réttlætt flokkun þeirra sem sérstakrar tegundar.

Otto Kade (1964: 62) sér einnig möguleikann á að aðgreina breiðan skala af ólíkum texta-, tegundum³⁵ byggða á innihaldi, tilgangi og formi texta. Hann undirstrikar að vegna mjög svo ólíkra einkenna ýmissa textategunda sé sú niðurstaða óumflýjanleg að ekkert eitt þýðingamunstur eða líkan geti haft jafnt gildi fyrir þær allar. Og svo, eftir að hafa tekið fyrir hina hefðbundnu skiptingu í hagnýta prósatexta annars vegar og bókmenntatexta (bæði prósa og ljóð) hins vegar, heldur Kade áfram, rétt eins og R.W.Jumpelt gerði á undan honum (1961: 22-26), að huga að frekari

³⁴ Nauðsyn þess að virða sérkenni vandlega, sér í lagi í textum í mælskufræði, verður rædd síðar. Sjá hluta 2.2.3.

³⁵ Heiti O.Kades, „Textgattungen“ er heldur óheppilegt sökum þess að það gefur í skyn jafngildi við ýmsar bókmenntalegar flokkanir eftir formgerð, sem hafa tilhneigingu til að rugla frekar en að auðvelda þróun form-gerðarflokkunnar texta sem skiptir máli á sviði þýðinga, eins og sýnt mun verða fram á síðar.

aðgreiningu. Bandaríski málvísindamaðurinn J. B. Casagrande hefur lagt til eftirfarandi hópa: 1) hagnýtar, 2) fagurfræðilegar, 3) málvísindalegar, og 4) þjóðfræðilegar þýðingar. Kade og Jumpelt eru sammála þessari tillögu, enda þótt greining síðari tveggja hópanna geri tæplega mikið gagn. Önnur tillaga um undirflokkun sem þeir nefna báðir, Kade og Jumpelt, er komin frá Karl Thieme, sem í ritgerð greinir á milli fjögurra „kjörtegunda“ sem eru fulltrúar fyrir trúarleg, bókmenntaleg og opinber og viðskiptaleg form tungumálsins, hver þeirra aðlöguð að ólíkum hópum fólks og hver þýdd á sinn hátt.³⁶ Eftir að hafa minnst á báðar þessar tillögur um flokkun, snýr Kade sér að lokum aftur að umræðunni um þýðingarvandamál einungis með hliðsjón af nytjatextum. Jumpelt, hins vegar, víkkar út kerfi Casagrandes með afar nákvæmri en alveg ófullnægjandi formgerðarflokkun þýðinga, svo notað sé heiti Kades.³⁷ Hún er ekki aðeins ófullnægjandi vegna þess að hana skortir allan grunn til þess að greina hinar ýmsu „tegundir“. Hún fer út í allt of mikil smáatriði í meginhópnum „nytjatextar“ (Jumpelt sýnir sérstakan áhuga á þýðingum á tæknilegu og náttúruvísindalegu efni í verkum sínum), en um „fagurfræðilega (listræna) texta“ er fjallað í stuttu máli. Hin óþarflega ítarlega undirskipting nytjatextanna kemur á óvart, ef litið er til þeirrar skýru kröfu að „sérhverja fullyrðingu sem snertir spurninguna um þýðingu verður að rannsaka til þess að skera úr um hvort hún sé einungis sérstakt dæmi um þýðingatækni“, og þeirrar skýru viðvörunar um að „mynda ekki sérstaka flokka fyrir einkenni einstakrar tegundar sem einnig má finna hjá öðrum tegundum“ (Kade, 1964: 26).

Georges Mounin (1967: 113-159) hefur þróað nýjustu og gleggstu tillögu að flokkunarkerfi fyrir þýðingar hingað til. Og samt skortir hana einnig innri samkvæmni. Fyrsti flokkur hans, trúarlegar þýðingar, er skilgreindur eftir innihaldi; annar flokkurinn, bókmenntaþýðingar, eftir tungumáli; þriðji hópurinn, ljóðagerð, eftir formi; sá fjórði barnabókmenntir, eftir lesendahópi; fimmti flokkurinn, þýðingar fyrir leiksvið, eftir framsetningarmiðli; sjötti flokkurinn, þýðingar fyrir kvikmyndir, eftir sérstökum tæknilegum aðstæðum; hinn sjöundi, tæknilegar þýðingar, aftur eftir innihaldi.

³⁶ R. Jumpelt vísar þessari flokkun á bug sem í besta falli sögulega áhugaverðri, þó svo að hún marki upphafið að því að merkja texta á hlutlægan hátt, þ.e.a.s. eftir tungumálinu, „efni“ sérhvers texta.

³⁷ Það er hugsanlegt að O. Kade hafi fengið að láni heitið „textategundir“ hjá Jumpelt, þó svo að ekki sé hægt að færa sönnur á það.

Í þessari greiningu er talið upp mikið úrval af ólíkum textagerðum, en sem greining á ólíkum textategundum virðist hún vera of misleit og sundurlaus.

Í þessari könnun á dæmigerðum tilraunum til að greina eitthvert munstur í stríðum straumi fjölbreytilegs texta, sem gætu gefið niðurstöður fyrir aðferðafræði og aðferð við þýðingu, hefur tvennt orðið nokkuð ljóst. Í fyrsta lagi verður því ekki neitað að tegund texta leikur stórt hlutverk í vali viðmiða fyrir þýðingu, og á samsvarandi máta fyrir þýðingarýni. Þar af leiðandi er það ekki einungis réttlætandi heldur einnig áriðandi að þróa formgerðarflokkun texta til þess að mæta kröfum þýðinga sem og hlutlægrar þýðingarýni. Í öðru lagi hafa flokkanirnar hingað til reynst ófullnægjandi, fyrst og fremst vegna þess að þeim hefur ekki tekist að sýna neinar stöðugar grundvallarreglur til að skilgreina hinar ýmsu tegundir texta, og ástæðurnar sem gefnar eru fyrir þeim skilum sem dregin eru (ef þær eru þá nokkuð gefnar) breytilegar og veikburða.

Umræður um val á þýðingaraðferð (umræður um aðferðafræðileg viðmið sem henta eru ekki bara afar sjaldgjæfar, heldur eru þær efni sem aldrei er í brennidepli)³⁸ hafa samkvæmt hefð, og jafnvel nýlega, einkum vegna áhrifa Schleiermachers (1963: 47),³⁹ alltaf snúist í meginatriðum um greinarmun á „bókstafs-“ og „frjálsum“ þýðingum, án þess þó að skilgreina nokkurn tímann hæfilegt umfang bókstafsstefnunnar eða takmörk frelsisins. Meira að segja Ernst Merian-Genast (1958), sem vitnar í Schleiermacher álíka oft og Ortega y Gasset og lætur sig einnig á dæmigerðan hátt einvörðungu varða vandamál við bókmenntaþýðingar, viðurkennir aðeins þessar tvær aðferðir. Hann skrifar: „[Þýðandinn] yfirfærir, þ.e.a.s. hann „færir yfir,“ og þetta felur í sér tvær stefnur: Annaðhvort flytur hann erlenda höfundinn til innfædda lesandans eða hann flytur innfædda lesandann til erlenda höfundarins. Þetta gefur til kynna tvær gjörólíkar þýðingaraðferðir. Í fyrra tilvikinu hugsar þýðandinn sér að viðfangsefni sitt sé að aðlaga frumtextann að hugsun og málsniði samlanda sinna þannig að þeir heyri erlenda höfundinn tala við sig á þeirra eigin tungu. Í síðara tilvikinu mun lesandanum finnast sem útlendingur sé að tala við hann: Hann þarf að kynnast nýjum hugmyndum og málvenjum sem honum eru ókunnar, og í stað þess að vera heima, er hann útlendingur í ókunnunni landi.“ Að kjósa aðra aðferðina, en ekki

³⁸ Jafnvel G. Feidel (1970), ein af nýjustu þýsku útgáfum um þýðingar, veldur talsverðum vonbrigðum þrátt fyrir að titillinn lofi góðu.

³⁹ „Þýðandinn tekur annaðhvort afstöðu með höfundinum gegn lesandanum (= bókstafsþýðing) eða með lesandanum gegn höfundinum (= frjáls þýðing).“

hina, getur opnað flóðgáttir fyrir geðþóttaverkum. Merian-Genast deilir þeirri skoðun með mörgum öðrum höfundum, að fjölmargt byggist á vali aðferðar. „Í fyrsta lagi er þar takmarkið sem á að ná; hvort huga skuli meira að innihaldi frumritsins eða formi, og síðan er það eðli tungumálsins sem þýða skal yfir á: hversu sveigjanlegt er það, getur það boðið erlendar málvenjur velkomnar og þá sérstaklega anda þeirrar menningar og tímabils sem það tilheyrir, hvort það eigi að vera kokhraust, einangrandi eða með opinn huga“ (bls.25). Þessar yfirlýsingar hefðu vafalaust sögulegt gildi ef slíkar íhuganir hefðu ákvarðað nær eingöngu þýðingaraðferðirnar, sem löngum hefur verið litið á að væru sérstaklega fyrir svonefndar bókmenntaþýðingar. Með ákveðnum ströngum skilyrðum eru þær enn mikilvægar nú um stundir,⁴⁰ enda þótt ekki sé lengur litið á þær sem fullgildar í þeim afmarkaða skilningi sem lýst var hér á undan.

Ströng annaðhvort/eða nálgun hvað varðar þýðingaraðferðir er hvorki hlutlæg né hagkvæm. Þýðingaraðferð ætti frekar að laga alveg að textategund. Eðlilega ætti skilgreiningin á tegund texta að hefjast á hinum einstaka texta; hún ætti að tilnefna hann í þá sérstöku tegund þar sem viðeigandi þýðingaraðferðir eru sem best hannaðar til þess að varðveita grundvallareinkenni textans. Frávik frá þessu verklagi sem þjóna sérstökum tilgangi eða eru fyrir sérstakan hóp lesenda verða skoðuð síðar í smáatriðum. En slík frávik koma eðlilegum þýðingafærslum ekkert við, ekki frekar en við aðrar hliðar á því að flytja innihald skjals af frummáli yfir á markmál.

2.2 Flokkun texta fyrir þýðendur eftir formgerð

Umræðan um flokkun texta fyrir þýðendur hefur sýnt greinilega fram á að bæði þýðendurnir og gagnrýnendur þeirra verða að byggja á sama greinandi grunni. Og mestar líkur eru á að hann sé að finna í miðli textanna sjálfra: *Tungumálinu*. Þar sem textar þurfa tungumálsmiðilinn svo að hægt sé að tjá þá (þó svo að stærðfræðiformúlur gætu verið lausar við þörf á þýðingu), verður að skoða sérhvern texta til þess að ákvarða nákvæmlega hvaða hlutverki í tungumáli hann þjónar. Karl Bühler segir (1990: 28), að tungumál þjóni því samtímis að *standa fyrir* (hlutlæg), *tjá*

⁴⁰ Sjá umræðuna í hlutum 6 og 7.

(huglægt) og *vekja áhuga* (sannfærandi). Nú gætir þessa þríþættu hlutverks ekki jafnt í sérhverri málvenju.

Í texta (eða hluta úr texta) getur lýsandi þátturinn verið ríkjandi, í öðrum tjáningarþátturinn og í enn öðrum tilraunin til að sannfæra áheyrendur eða lesendur. Að sjálfsgöðu er textaheildin ekki ætíð tileinkuð einu hlutverki einvörðungu. En veruleikinn er sá að þarna eru stöðugar samsetningar og skaranir. Eigi að síður verður það augljóst, þegar eitt eða annað hlutverk verður *ríkjandi* í tilteknum texta, að réttlætánlegt er að greina á milli hinna þriggja hlutverka: Áhersla er lögð á lýsandi hlutverk í *innihaldsmiðuðum* textum, tjáningarhlutverk í *formmiðuðum* textum, og sannfæringarhlutverkið leggur áherslu á *áhrifsmiðaða* texta.⁴¹ Með áherslu á innihald er átt við ríkjandi áhuga á að koma tilteknum atriðum á framfæri, gögnum eða upplýsingum. Í textum þar sem áhersla er lögð á form er vissulega innihald, en það er formið sem notað er fyrir innihaldið sem er ráðandi.

Fram til þessa hefur greining okkar í grófum dráttum fylgt hinni hefðbundnu grunnskiptingu á milli texta sem hagnýtra (áhersla á innihald) og bókmenntalegra (áhersla á form), en þó án þess að viðurkenna gagnrýnislaust hefðbundna skyldu ólíkra texta við þessar grunntegundir, líkt og eftirfarandi mun sýna.

Því ætti *gerð auglýsingatexta* ekki að flokkast sem innihaldsmiðuð, þar sem einungis er mikilvægt að upplýsingainnihaldið jafngildi frumtextanum. Viðskipta-auglýsingar eru nokkuð skýrt dæmi um sannfæringarhlutverk tungumálsins og í þýðingu verður að viðurkenna að það hefur forgang umfram lýsandi hlutverk. Á hinn bóginn tilheyra eldhúsrómanar „bókmennta-“ tegund þrátt fyrir að þá skorti bókmenntaleg gæði. Þegar fjallað er um þýðingar og þýðingarýni gæti virst kjánalegt að skilgreina þá sem formmiðaða texta, þó njóta þeir varanlegra vinsælda vegna spennandi innihalds, sem sést einnig á fjölda þýðinga. Þar sem lesendur hafa einungis takmarkaðan áhuga (ef þá nokkurn) á fagurfræðilegum gæðum, er ekki hægt að ætlast til þess að þýðandinn verji tíma og fyrirhöfn í að athuga meira af formlegum sjónarmiðum.⁴²

⁴¹ Þetta nafn er meira við hæfi á þeirri tegund sem ég hef áður kallað *áhrifsstefnu* (Sjá K.Reiss, 1969) vegna þess að meginmarkmiðið í að sannfæra er að ná fram óyrtum áhrifum. Því miður er samt of auðvelt að heitið *áhrif* rugli hagnýtar niðurstöður með hinum fagurfræðilegu áhrifum texta.

⁴² Sjá F.Ayala (1965: 29), „Si el autor mismo no ha practicado mayor pulcritud estilística libremente, sin tener que ceñirse a un texto ya dado y consolidado, ... ¿por qué había de imponerse el traductor semejante carga?“ („Ef höfundurinn sjálfur var kærulaus um stílfræðileg efni þegar hann skrifaði frjálst og fannst engin nauðsyn á því að skapa vel til haft verk, hvers vegna ætti þýðandinn þá að leggja það á sig?“).

Benedetto Croce (1953: 108 í Kloepfer, 1967: 57) bendir með áherslu á að í fræðilegum vangaveltum um vandamál þýðinga hafi vantað alla skýra skiptingu milli heima rökfræði og fagurfræði, prósa og bundins máls, og að þetta hafi leitt til falsfræðimennsku. Þótt umræðan um þýðingar hafi staðfest rækilega skiptinguna á milli hinnar rökfræðilegu og fagurfræðilegu víddar tungumálsins,⁴³ stangast það á við að litið hefur verið framhjá þriðju vídd tungumálsins: Samræðu. Þetta hefur augljóslega verið aðalástæðan fyrir því að litið er fram hjá áhrifsmiðuðu textategundinni, sem er fulltrúi fyrir sannfæringarhlutverk tungumálsins. Á skýringarmynd myndu hin samsvarandi tengsl líta svona út:

| | | | |
|--------------------|--------------------------------|------------------------|-------------------------|
| hlutverk tungumáls | framsetning | tjáning | sannfæring |
| vídd tungumáls | rökfræði | fagurfræði | samræða |
| textategund | innihaldsmiðuð (upplýsandi) | formmiðuð (lýsandi) | áhrifsmiðuð (virkur) |

Eins og þessi skýringarmynd sýnir verður nú að skilgreina, ásamt hinum tveimur ólíku textategundum sem hefð er fyrir að viðurkenna, þá þriðju: Tegundina sem vekur áhuga.

Tegundin sem er áhrifsmiðuð flytur innihald rétt eins og hinar tegundirnar gera, en í ákveðnu málformi. Byggingu þess ræður sérstakt sjónarhorn sem endurspeglar markmið sem hefur að mestu leyti verið skilgreint. Það einkennir slíka texta að þeir leitast við að ná óyrtri niðurstöðu og þýðing þeirra verður að varðveita greinilega skírskotun um hlutverk af hálfu hlustandans eða lesandans.

Auk þessara þriggja textategunda sem grundvallaðar eru á hlutverkum tungumálsins, er samt sem áður til hinn fjórði hópur texta sem ef til vill mætti nefna „hljóð- og miðlunarmiðuðu-“ tegundina.⁴⁴ Slíkir textar eru *skrifaðir* til að *mælast* af munni fram (eða til *söngs*) og því *lesa* viðstaddir þá ekki heldur *heyra*, oft með aðstoð einhvers utanmálsmiðils sem sjálfur leikur hlutverk í málamiðlun margbrotinnar bókmenntablöndu.

⁴³ Sjá hina greinilega staðfestu skiptingu milli hagnýtra og listrænna texta.

⁴⁴ Þetta er greinilega betra en að kalla hana undirtegund líkt og ég gerði áður (sjá K.Reiss,1969). Heitið reyndist misvísandi sökum þess að það gaf í skyn að textinn hefði stöðu hjálpartexta, sem í rauninni er látinn í té af tengdum utanmálsþáttum. Nýja nafnið lýsir nákvæmar séreinkennum textategundarinnar. [K.Reiss breytti síðar heitinu í „multimedial“ (E.F.R.)].

2.2.1 Innihaldsmiðaði textinn

Sérhver hagnýt tilraun til þess að skipuleggja allan hinn fjölbreytilega efnivið þýðinga með fjórfaldri flokkun verður að hefjast á því að taka megineinkenni hvernar tegundar og deila aftur í smærri afbrigði. Enda þótt *tegund* texta snerti í grundvallar-atriðum þýðingaraðferðina og forgangs röðun þess sem varðveita skal í markmálinu, snertir *gerð* texta málhluta sem hafa þarf í huga þegar þýtt er.⁴⁵ Sé gert ráð fyrir þessu, myndu helstu gerðir texta af innihaldsmiðuðu tegundinni ná yfir fréttatilkynningar og textaskýringar, fréttaumfjallanir, bréfaskriftir í verslun, vörulista, rekstrarleiðbeiningar, leiðbeiningar um notkun, lýsingar í einkaleyfisumsókn, sáttmála, opinber skjöl, kennsluefni, bækur af öllu tagi sem ekki teljast til skáldskapar, ritgerðir (e. *essay*), fræðilegar ritgerðir, skýrslur, lokaritgerðir og sérhæfð rit í hugvísindum, náttúruvísindum og á öðrum tæknilegum sviðum.

Samt sem áður, ætti einnig að varpa frekara ljósi á enn eitt atriði. Ef við greinum á milli texta sem eru innihaldsmiðaðir og þeirra sem eru formmiðaðir, er það ekki til þess að gefa í skyn að innihaldsmiðaðir textar hafi ekki form. Rétt eins og það að ekkert form samskipta getur verið án einhvers konar innihalds, þá getur ekki verið til neitt innihald sem ekki hefur einhvers konar form. Þar af leiðandi þarf einnig að muna, þegar fengist er við innihaldsmiðaða texta, að með því að innihald og form eru órjúfanlega tengd, hefur það *hvernig* hugsun er tjáð varla minna mikilvægi en *hvað* er tjáð. Einungis í viðeigandi *formi* er *innihaldið* tjáð á viðeigandi hátt.

Að þessu marki fjarlægjum við okkur frá hinni einhliða hlutverksmiðuðu sýn á tungumálið, sem sér það einvörðungu sem samskiptameðal hannað til að gagnast sérstökum upplýsingaeiningum. Slík sýn á tungumálið er allsendis ófullnægjandi fyrir áhrifsmiðaða texta af því að þeir láta sig ekki fyrst og fremst varða að setja fram staðhæfingu heldur nýta tungumálið til að ávarpa manneskju, hagnýta tungumálið til þess að vekja óyrt svar.

Enda þótt innihaldsmiðaður texti snerti formið, að svo miklu leyti sem það snertir árangursrík samskipti og nákvæmni upplýsinga, þá snertir formmiðaður texti fagurfræðilega og listskapandi náttúru formsins. Innihaldsmiðaðir textar eru dæmdir eftir merkingarfræðilegum, málfræðilegum og stílrænum einkennum sínum, og

⁴⁵ Sjá að neðan 2.3 og 3.5.

endurspeglast þetta í þýðingum þeirra. Formmiðaðir textar eru metnir í tengslum við fagurfræði sína, sem og eftir stílrænum, merkingar- og málfræðilegum einkennum sínum, og eru þeir þýddir samkvæmt því.

Skýrslur, kennslutextar, vörulistar, o.s.frv., eru auðsjáanlega af innihaldsmiðuðu tegundinni. Þessir textar eru meira eða minna nafnlausir og venjulega hannaðir til þess að veita upplýsingar hratt, örugglega og ítarlega, og til að lýsa aðstæðum. Fréttaskýringar eru dálítið öðruvísi. Þær skrifa gjarnan virtir fréttaskýrendur með bókmenntametnað og einkennandi stíl. Enda þótt í þessum textum megi sjá einstaklingsbundinn stíl (sem ætti að halda til haga í þýðingu sé þess kostur⁴⁶ og ætti einnig að koma til álita meðal þeirra viðmiða sem notuð eru til að meta þýðingu), tilheyrja þeir réttilega innihaldsmiðuðu tegundinni vegna þess að meginmál þeirra varðar sérstakar aðstæður eða atburði sem þeir fjalla um eða tjá sig um. Eða, eins og Julius Wirl (1958) orðar það:

Þegar við sögðum hér að framan að ómeðvitað eða hálfmeðvitað val á sérstöku tjáningarformi eða stíl hafi ekki áhrif á grundvallareinkenni texta, höfðum við í huga höfund sem beinir fullri og óskiptri skapandi athygli að innihaldi eða efni hugmyndar, og lítur einungis á tjáningarform út frá gildi þeirra við skýra framsetningu þess innihalds. Jafnvel þegar höfundurinn velur meðvitað ákveðna tjáningu um leið og hann hefur í huga tryggð við reynslu sína og tekur fullt tillit til annarra tjáningarleiða, skipa tengslin við form ætíð lægri sess heldur en innihaldið. Eini tilgangur formsins er að gefa innihaldi næga tjáningu.

Komi umræðuefni og umræðan um það (þ.e.a.s. grundvallarkjarni þess) að fullu fram í þýðingu verður að líta svo á að þýðingin sé fullnægjandi.

Nefna má, að skjöl eins og sáttmálar og vottorð fylgja almennt skilgreindri formgerð sem mælt er fyrir um í opinberum reglum. En það ætti einnig að minna á að málformi má ekki rugla saman við tæknileg formsatriði, sem fyrst og fremst láta sig varða yfirborðskennd smáatriði eins og útlit, fyrirskipaða forskrift, o.s.frv.⁴⁷

⁴⁶ Sjá frekar í umræðunni um stílræna þætti, 3.4.

⁴⁷ Í tvíhliða alþjóðlegum sáttmálum, t.a.m., er það venja að þjóðinni sé veittur forgangur með því að rita skjalið á hennar móðurmáli. Samkomulag á milli Þýskalands og Spánar myndi þýski textinn hljóma svo: „Abkommen zwischen der Bundesrepublik Deutschland und Spanien über gewisse Auswirkungen des Zweiten Weltkrieges. Die Bundesrepublik Deutschlands und Spanien ...“, en spænski textinn myndi hljóma svo: „Convenio entre España y la República Federal de Alemania sobre ciertos efectos de la Segunda Guerra Mundial. España y la República Federal ... Formlegar reglugerðir sem þróaðar hafa verið með hefðbundinni diplómátskri nokun eiga einnig hér heima.

Þessir textar eru skyldir textum í hugvísindum, náttúruvísindum og á tæknisviðum (sáttmálar, ritgerðir og rannsóknarskýrslur, o.s.frv.), þar sem einungis er hægt er að þýða innihaldið á fullnægjandi hátt með því að nota sérhæfða íðorðafraeði og málvenjur viðkomandi sviða.

Að síðustu, til þess að skýra eðli bóka sem ekki eru skáldskapur (eða texta sem ekki eru skáldskapur) og tilheyra innihaldsmiðuðu tegundinni en greina sig þó frá tækni-legum uppláttarritum, má skilgreina lesefni sem ekki er skáldskapur sem almenna ósérhæfða meðhöndlun hinna ýmsu sviða. Að sjálfsögðu, geta höfundar óskáldaðs efnis haft „bókmenntametnað“.⁴⁸ Séreinkenni texta sem ekki eru skáldaðir ættu að vera áreiðanleiki efnis, nákvæmar upplýsingar og nógildandi málfar. Auðvitað getur komið fyrir stöku notkun á sérhæfðum tækniheitum, en þegar upp er staðið er lesendahópurinn sem höfundurinn ávarpar mest um verður, því hann sker úr um val á málsniði. Hafi höfundur sérfræðinga í huga (fræðibækur eða tæknitímarit), ætti þýðingin að fylgja sambærilegri nákvæmni í tæknilegum orðaforða. Sé höfundurinn að ávarpa leikmenn með víðara áhugasvið (texti sem ekki er skáldskapur, tímarit fyrir almenning), ætti þýðingin að gefa meiri gaum að stílrænum atriðum.

Einkennum hinna ýmsu textagerða, sem hér eru flokkaðir saman sem innihaldsmiðaðir textar, mætti lýsa þannig að þau snúist fyrst og fremst, ef ekki eingöngu, um að miðla upplýsingum.

Hafi það verið staðfest að tiltekinn texti tilheyri innihaldsmiðuðu tegundinni, hefur mikilvægur þáttur af þýðingaraðferð hans verið ákvarðaður. Innihaldsmiðaðir textar krefjast *óbreytanleika í yfirfærslu á innihald sínu*. Gagnrýnandinn verður umfram allt að fullvissa sig um að innihald þeirra og upplýsingar komi að fullu fram í markmálinu. Þetta forgangsskilyrði krefst þess að málform þýðingarinnar sé lagað skilyrðislaust að málvenjum markmálsins. Með öðrum orðum ætti form þýðingarinnar í grundvallaratriðum að vera stillt af fyrir notkun á markmálinu. Annað viðmiðið til að meta innihaldsmiðaðan texta er hve ítarlega hann er stilltur af fyrir markmálið. Markmálið verður að vera ríkjandi, því að í þessari tegund texta er

⁴⁸ Sjá R.Portner (1968, bls. 32): „Ég álit ... að jafnvel bindi sem ekki er skáldskapur skaðist ekki af því að tekist sé á við efni þess með áhuga eða eftirvæntingu. Með þessu á ég ekki við að smygla því sem ekki er skáldskapur lævíslega inn í umdæmi bókmenntanna eða á laun, heldur einungis að það ættu að vera ákveðnir persónulegir drættir.“

upplýsingainnihaldið mikilvægast og lesandi þýðingarinnar þarf að fá hana framsetta á kunnuglegu (Jumpelt, 1961: 133)⁴⁹ málsniði.⁵⁰

2.2.2 Formmiðaði textinn

Til þess að lýsa nánar þessari annarri tegund texta og ýmsum gerðum texta sem henni tengjast, verðum við fyrst að skýra hugtakið *form*, sem er grunnþáttur í henni. Almenn, tengist *form* því *hvernig* höfundur tjáir sig, aðgreint frá „innihaldi“, sem snýst um *hvað* höfundurinn segir. Auðvitað eiga þessi einkenni við um alla texta, þ.á.m. nytjatexta, líkt og við tókum eftir í hlutanum hér á undan, og eru þar af leiðandi of almenn til að geta þjónað sem aðgreinandi eiginleiki formmiðaðra texta. Í þessum textum nýtir höfundurinn sér formlega þætti, hvort sem það er meðvitað eða ekki, til þess að ná sérstökum fagurfræðilegum áhrifum. Þessir formlegu þættir hafa einfaldlega ekki áhrif á viðfangsefnið, heldur ganga lengra til þess að miðla sérstakri listrænni tjáningu⁵¹ sem er sérkennandi út frá samhenginu, og er aðeins hægt að endurskapa í markmáli með einhverju hliðstæðu tjáningarformi. Því er það, að tjáningarhlutverk tungumáls, sem er í forgrunni í formmiðuðum textum, verður að finna *hliðstætt form* í þýðingunni til þess að skapa samsvarandi áhrif,⁵² svo að þýðingin geti orðið að sönnu jafngildi.

⁴⁹ R. Jumpelt notar heitið „gebräuchlich“ (*algengur*) og leggur áherslu á nauðsyn þessa fyrir alla tæknilega texta. Athugasemdir um nauðsynlegar umbreytingar við þýðingar á enskum og rómönskum textum í réttri en einnig málvenjubundinni þýskri þýðingu með sérstakri vísun til efsta stigs, málalenginga (umorðunar) og þolmyndar, sjá M. Wandruszka (1969: 84, 338, 432).

⁵⁰ Markmálið skiptir einnig miklu máli í áhrifsmiðuðu tegundinni, sökum þess að án fullrar aðlögunar að markmálinu er ekki hægt að tryggja virkni áhugavakningar. Hins vegar, er formmiðuðu tegundinni aðallega stjórnað af frummálinu vegna þess að fagurfræðilegu áhrifin eru undir formlegum þáttum komin, sem verður að varðveita. Að sjálfsögðu merkir þetta ekki að það megi hansa að vild grundvallarreglur markmálsins (sjá undantekningar í 6.6 og 6.7). Tungumáli þýðingar, eins og J. Ortega y Gasset (1937: 88-89) orðar það, ætti aldrei að þrýsta að endimörkum skiljanleika. („al extremo de lo inteligible“), af þeirri ástæðu að í lifandi myndlíkingu J. Grimms (1963: 111), „übersetzen ist übersetzen“ traducere navem („að stýra skipi“): Ef lagt er í sjóferð, siglt á fullmönnuðu skipi og undir fullum seglum að erlendri strönd, verður að lokum að *nema land á framandi jörð* þar sem *framandi vindar* blása.“ (Áherslur höfundar)

⁵¹ Sjá J. Wirl (1958: 54): „Vitanlega, séu formlegu þættirnir ekki valdir af nákvæmni, af því að þeir eru best aðlagaðir til þess að tjá og standa fyrir tiltekið innihald og hafa sjálfir sprottið fram í ferli sem er fullkomlega skilyrt af kjarna innihaldsins ...“ Á svipaðan hátt segir O. Kade, (1964: 277) „...vegna þess að í bókmenntaþýðingum virkar formlegi þátturinn ekki einungis sem meðal til að miðla hinni listrænu gerð, heldur hefur hann einnig fagurfræðilegt gildi. Þrátt fyrir að eðli hans sé eingöngu fræðilegt, gefur formlegur þáttur af bókmenntaþýðingum henni sérkennilega einstaklingsbundna eiginleika.“

⁵² Sjá S. von Radecki (1965: 46): „... ég gerði mér ljóst að þýska þýðingin yrði að framkalla sömu áhrif og rússneski textinn gerði. Það mikilvæga voru áhrifin: Ef orðrétt þýðing nægir ekki, verður að leita allra ráða sem ímyndunarflið býr yfir.“ Sjá einnig H. J. Kann (1968: 127): „Í heild var orðatiltækjum úr talmáli fækkað svo að skynja mátti í þýsku þýðingunni [á *The Killers* eftir Hemingway]. En fyrir þýska lesandann, sem ekki á von á orðatiltækjum úr talmáli í bókmenntatexta, varðveitti þessi smábreyting tilætluð áhrif.“

Jafnvel stakt hljóð getur myndað mikilvægan formlegan þátt.⁵³ Meira að segja er hægt að nota setningafræðilega eiginleika sem listform.⁵⁴ „Hrynjandi“ stílsins, sem og stílræn form og rímskipun (von Wilamowitz-Moellendorff, 1963: 148, 154), málnotkun þar sem er samanburður og myndmál, málshættir og myndlíkingar (Nida, 1964: 94) ætti allt að skoðast. Bragarhættinum og fagurfræðilegum afleiðingum hans ber einnig að veita athygli.⁵⁵ Hljóðstílsþættir eru mikilsverðir hlutar, ekki einungis í ljóðlist heldur einnig í bókmenntaprósa (Blixen, 1954: 45-51).

Við hverju má gagnrýnandi búast af meðhöndlun þýðanda á þessum formlegu þáttum? Það blasir við að ekki er hægt að færa þá á þrælbundinn hátt af frummálinu yfir á markmálið og fyrir hjóðmálsþætti væri þetta hvort sem er ómögulegt sökum mismunandi hljóðkerfisfræði tungumála. Í innihaldsmiðuðum textum, þar sem mikilvægi formlegra hliða er ekki í fyrsta sæti, er einfaldlega hægt að líta fram hjá þeim, en ekki í bókmenntatextum þar sem þeir skipa mikilvægan hluta. Þar er meginkrafan sú að ná fram áþekkingu fagurfræðilegum áhrifum. Þetta má gera með því að skapa jafngildi með nýjum formum.⁵⁶ Í formmiðuðum texta mun þýðandinn því ekki herma eftir (aðlaga) rígbundnum formum frummálsins heldur meta frekar form frummálsins og fyllast andagift af því til að uppgötva hliðstæð form í markmálinu,⁵⁷ eitthvað sem mun vekja svipuð viðbrögð með lesandanum. Af þessari ástæðu flokkum við formmiðaða texta sem frummálsvísandi texta.

Yfir hvers konar textagerðir nær þessi textategund? Hún nær almennt talað yfir alla texta sem byggðir eru á formlegum, bókmenntalegum grundvallarreglum og

⁵³ Sjá R. Kloepfer (1967: 81): „Stakt hljóð hefur í raun ekkert gildi í listaverki nema í tengslum við önnur, ... en þegar það stendur í samhengi við önnur (eins og í stuðlun, rími eða jafnvel hreimfegurð, í hljóðfræði- eða formgerðarlegu munstri) öðlast það gildi. Í þessum skilningi getur fagurfræðilegt smáatriði orðið að mikilvægasta þætti verksins, ekki eitt og sér, heldur sem hluti af samfellu.“

⁵⁴ A. Luther (1949: 11) setur fram fróðlega athugasemd sem snertir þýðingu á Tolstoj: „Þegar ég ber þýðinguna saman við frumtextann kemst ég að því að þýðandinn hefur endurmótað hinar löngu málsgreinar Tolstoj's í stuttar líflegar setningar. Hinni breiðu og hægfljótandi á er breytt í freyðandi fjallalæk. Innihald frásagnarinnar er hið sama, en forminu hefur algjörlega verið breytt.“

⁵⁵ Sjá meðal annara E. Horst von Tschärner (1963: 274) og R. Kloepfer (1967: 99).

⁵⁶ „Með nýjum formum,“ heldur M. Buber (1963: 353) því fram, „er ekki átt við það djarfa herbragð að fá að láni heiti úr ólíku samhengi, heldur þá tilraun til að skapa eitthvað samsvarandi innan málkerfis þess erlenda tungumáls sem þýðingin er gerð á.“ Buber heldur áfram og segir skýrt og skorinort að einungis þýðing sem sé innblásin „af áþekkri kveikju“ geti gefið af sér „áþekk áhrif.“

⁵⁷ Gott dæmi má finna í smásögu Aldous Huxley *Green Tunnels* (Sjá H. J. Kann, 1968: .47), þar sem endurteknung sömu endingar byggir upp hljómdýpt: „... *feeling* about among superhuman conceptions, *planning* huge groups and friezes and monumental figures with *blowing* draperies; *planning*, *conceiving*, but never quite *achieving*. Look, there's something of Michelangelo.“ Í þýsku þýðingunni eftir Herbert E. Herlitschka, tekur endingin – *en* að sér áþekka virkni, enda þótt það sé ekki alveg á sama hátt: „... unter unmenschlichen Vorstellungen umhertasten und riesige Gruppen, Friese und Monumentalgestalten mit flatternden Gewändern entwerfen; entwerfen, sich ausdenken, aber niemals ganz vollenden.“

þar af leiðandi alla texta sem *tjá* meira en þeir *skýra frá*, þar sem líkingar og stíll gegna hlutverki í því að ná fagurfræðilegum tilgangi – í stuttu máli: Texta sem kalla má fagurbókmenntir.⁵⁸

Ekki er hægt að komast hjá þeim erfiðleikum sem fylgja því að úthluta hinum ýmsu gerðum texta sæti meðal formmiðaðra texta, með því að treysta á yfirlýsta bókmenntagrein þeirra.⁵⁹ Það er jafnvel ekki hægt að treysta merkimiðum sem komnir eru frá höfundinum. Með því að íðorðfræðin er þjökuð af útbreiddri margræðni – að ekki sé minnst á mikilláta notkun á faguðum merkimiðum – geta hvorki þýðandinn né gagnrýnandinn með neinu öryggi vikist undan ábyrgðinni á sjálfstæðri greiningu. Til dæmis, má lesa esseyju (e. essay) í anda Karls Muth, en fyrir honum er fagurfræðin grunnþátturinn í sannri esseyju vegna hreinnar ánægju formsins, með litlum eða engum áhuga á efnislegu innihaldi; það er nauðsynlegt fyrir þýðandann að þýða hana samkvæmt grundvallarreglum innihaldsmiðaðra texta og gagnrýnandinn verður að meta hana samkvæmt sömu reglum. Stundum lýsir höfundur texta sínum sem esseyju, líkt og Ludwig Rohner (1966: 128) gerir að umtalsefni: „Sterk og sannanleg tilhneiging í nýlegum þýskum esseyjum er í rauninni svik, dregur esseyjuna niður í fræðilega ritgerð, úr hugmyndaríku máli í fræðilegan prósa, frá frjálsum tilraunaskrifum að *einföldum staðhæfingum* um niðurstöður, frá vinsamlegum samræðum til prósaeinræðu...“ svo að burtséð frá merkimiðanum sem settur er á hann, ætti textinn í raun að þýðast sem fræðileg ritgerð,⁶⁰ skýrsla eða eitthvað annað afbrigði af innihaldsmiðaðri tegund og gagnrýnandinn ætti að meta hann sem slíkan. Hið sama á við *belles lettres*.

Þegar skilgreina skal tegund texta verður greiningin að vera óháð bókmenntalegum flokkunum. Þannig, til að mynda, tilheyra öll form reyfara innihaldsmiðuðu textategundinni, vegna þess að hinar fagurfræðilegu og formlegu víddir vantar í þá eða gert er lítið úr þeim (Foltin 1968: 242-270). Þeir snúast um upplýsingar (innihaldsmiðaðir), þó svo að upplýsingarnar sem þeir hafa á boðstólum séu óraunverulegar eða skáldaðar.⁶¹ Hins vegar tilheyrir léttskáldskapur lægsta stigi

⁵⁸ Sjá þó athugasemdir um „hljóð- og miðlunarmiðaðan texta“ (2.2.4), sem hér verður að undanskilja, þó svo að flokka megi þá sem listræn verk.

⁵⁹ Eins og við höfum veitt athygli, ætti að forðast heitið „textagrein“ (*Textgattung*), sem þeir O. Kade og R. Jump kjósa frekar á ýmsar gerðir texta og textategunda, sem misvísandi.

⁶¹ Það er síður en svo tilgangslaust að láta sig skipta vandamál sem snerta þýðingar á léttvægum skáldskap, þrátt fyrir skoðanir J. Ortega y Gasset (1937: 88-89), sem og W. Widmers (1959: 39, og áfram) og F. Kemps (1949: 154). Það eru ekki einungis „æðri“ bókmenntir sem eiga skilið að vera

formmiðaðra texta. Líkt og Foltin (1968, bls. 248) segir, er hann með meira mikillæti, að hluta til vegna meiri stílfágunar. Í samræmi við það, er þörf á fágaðri stöðlum af hálfu þýðandans og gagnrýnandans og eru þeir fyllilega réttlætanlegir.

Ekki er heldur hægt gagnrýnislaust, að útnefna ljóðlist í formmiðuðu textategundina einfaldlega sem bókmenntalegt listform. Níðskrif, sem og háðsádeilukvæði, verður að útnefna í áhrifsmiðuðu tegundina, því að markmiðið með þýðingunni er fyrst og fremst að ná sömu óyrta áhrifunum í markmálinu.⁶²

Sé þetta dregið saman, getum við sagt á grunni áformuðu meginreglnanna, að formmiðaðir textar nái yfir bókmenntaprósa (esseyjur, ævisögur og *belles-lettres*), hugmyndaríkur prósi (atvikssögur, smásögur, stuttar skáldsögur og ástarsögur), og ljóðlist í öllum sínum formum (frá fræðiljóðum til þjóðkvæða til hins tilfinningalega hreina). Með því að öll þessi form hafa það hlutverk að flytja eitthvert innihald, glata þau sínum einstaklingsbundnu einkennum ef ytri eða innri form höfundar frumtextans eru ekki varðveitt í þýðingu, hvort sem það er í skáldlegum stöðlum þeirra, stíl þeirra eða listrænni byggingu. Nauðsyn á nákvæmu samræmi innihalds, sem er einkennandi fyrir innihaldsmiðaða tegund texta, lendir hlutfallslega í öðru sæti gagnvart kröfum um *samlíkingu forms* og um jafngildi fagurfræðilegra áhrifa.

Gagnrýnandinn verður einnig að taka ákvörðun um hvort þýðandinn hafi stigið „skrefið af málstiginu upp á bókmenntastig aðgerða“ (eins og Georges Mounin [1967: 123] myndi segja), og gefið þýðingunni „gæðapátt til viðbótar, fagurfræðilega þáttinn, ‘bókmenntalega‘ gljáann.“

Það er óhjákvæmileg afleiðing af ofangreindri kröfu, að öfugt við innihaldsmiðuðu textategundina, þar sem tungumál þýðingarinnar stjórnast af markmálinu, stjórnast tungumál formmiðuðu tegundarinnar af *frummálinu*.

Til dæmis getur í innihaldsmiðuðum texta verið í lagi að líta fram hjá orðaleikjum í þýðingu án þess að óbreytanleiki innihaldsins skerðist. Í formmiðuðum texta, aftur á móti, er nauðsyn að finna samsvarandi ráð til að halda bókmenntalegu og

þýddar. Andstætt áliti þeirra Ortega og Widmers, er ekki gefin nægilega góð mynd af ýmsum léttum skáldskap í innlendum þýskum bókmenntum. Þýskir rithöfundar virðast ekki hafa hæfileika bandarískra eða enskra höfunda í morðgátum – bókmenntagrein sem bæði örvar og slakar á, veitir létti frá hversdagslegu álagi. Góðan léttskáldskap er mun oftar að finna hjá frönskum, enskum og bandarískum höfundum en hjá Þjóðverjum, sem eru annaðhvort of hámenningarlegir og merkilegir með sig eða of einfaldir til að framleiða sölulist án fágunar. En hömlulaus fjöldaneysla og þorsti eftir útlendum glæpasögum og ómerkilegum skáldsögum hefur beint athygli gagnrýnenda að þýðingum á þess konar bókmenntum. Það er einmitt vegna fjöldaneyslu að þýðingar, sem eru a.m.k. viðunandi hvað málið varðar, gætu bjargað lesendum frá algjörri ringulreið hvað málið snertir.

⁶² Sjá nánar í *áhrifsmiðaðir textar* (2.2.3).

fagurfræðilegu hlutverki hans.

Ef ólík uppbygging frum- og markmálsins gerir það að verkum að sambærilegur orðaleikur er útilokaður, er tveggja kosta völ: að nota öðruvísi líkingu sem myndi hafa sambærileg fagurfræðileg áhrif eða að setja fram orðaleik á öðrum stað sem er upp-runalegur í markmálinu en er ekki að finna í frummálinu.⁶³

Í innihaldsmiðuðum texta verða upplýsingarnar sem undir búa í frummálinu að koma að fullu fram og á skýran hátt í samræmi við grundvallarreglur og málnotkun mark-málsins. Í formmiðuðum texta er það málform frumtextans, ekki einungis upplýsingarnar sem hann hefur að geyma, sem ákvarðar formið á markmálinu. Þegar höfundur frumtextans notar orðatiltæki sem víkur frá *venjulegri notkun*, líkt og svo til allir höfundar gera,⁶⁴ ætti þýðandi formmiðaðs texta einnig að vera skapandi í því að víkja frá normum markmálsins, einkum og sér í lagi þegar slík „veðrun“ hefur fagurfræðilegan tilgang. Þegar gagnrýnandi veitir athygli þess háttar mismun ætti ekki að afskrifa hann sem villu. En þegar það sem ólíkt er á sér ekki hliðstæðu í frumtextanum, ætti fyrst að spyrja að því hvort um sé að ræða jafngildi sem hafi víxlást og samþykkja megi sambærileg fagurfræðileg áhrif annars staðar. Ítarlegasta réttlætningin á þessu verklagi er yfirlýsing W. E. Süskinds (Süskind og von der Vring, 1963: 14): „Höfundur frumritsins skrifaði með fullum tökum á eigin tungumáli og hann getur því krafist nýtingar á öllu sviði hárfinna vísbendinga sem eru einkennandi fyrir málvenjur sem tungumál okkar, og einungis okkar tungumál, getur boðið.“

Gagnrýnandinn getur því lagt dóm á hvort þýðandanum hafi tekist að færa lesandann að frumtextanum. Hann verður að leiða hann „út úr hans eigin heimi“ en þó ekki á óviðfelldinn hátt nema, að sjálfsögðu, að það hafi verið ætlun höfundarins að hneyksla (Mounin, 1967: 125). Samt er það einmitt þetta vinsæla listræna bragð sem takmarkandi athugasemd Ernst Merian-Genast er ætluð: „Líkt og ofgera má með meginreglu aðlögunar gildir hið sama um meginreglu firringar. Ef tilraun þýðandans til að líkja eftir málvenjum frumtextans af samviskusemi fer út fyrir takmarkanir

⁶³ Sjá K. Reiss (1967, ágúst) og F. Güttinger (1963: 75). Slík ráðagerð er lögmæt aðgerð til þess að varðveita fagurfræðileg heilindi og grundvallarreglu sem gildir um öll afbrigði formmiðaðra texta. Sjá einnig W. E. Süskind-G. von der Vring (1963: 14) og R. Kloefer (1967: 117): „... venjulega er hægt að bæta fyrir úrfellinguna með jafngildi í annari stöðu.“

⁶⁴ Sjá J. Ortega y Gasset (1936: 12): „Escribir bien consiste en hacer continuamente pequeñas *erosiones* a la gramática, al uso establecido, a la norma vigente de la lengua“ („Góð skrif felast í því að vera stöðugt að því að *stríða* málfræðinni, föstum málvenjum og ríkjandi grundvallarreglum tungumálsins“ (skáletri bætt við).

eðlilegrar notkunar, getur útkoman orðið (eins og Schlegel orðaði það) tóm bull“ (Merian-Genast, 1958: 34).

Í innihaldsmiðuðum textum getur verið fullkomlega löglegt að þýða orðtök, málshætti og myndlíkingar annaðhvort með sambærilegum útlekkingum eða orðatiltækjum í markmálinu, vegna kröfu um samræmi við eðlilega notkun í markmálinu. En í formmiðuðum textum er við hæfi að þýða orðtök (og málshætti) bókstaflega – fara með myndlíkingar, sér í lagi eigin myndlíkingar höfundarins, á sama hátt – og grípa til algengra sambærilegra málvenja í markmálinu en aðeins þegar þetta verður óþægilega þvingað og óskýrt.

Tökum dæmi: Þegar orðtakið „ofviðri í tekatli“ kemur fyrir í enskum innihaldsmiðuðum texta nægir einföld þýðing á hugmyndinni eins og „zuviel Aufhebens“ („of mikið fjaðrafok“), eða „unnötige Aufregung“ („óþarfa æsingur“). En í formmiðuðum texta er krafist jafngilds (og jafn málvenjubundins) orðatiltækis á hversdagsmáli, eins og „ein Sturm im Wasserglas“ („stormur í vatnsglasi“). Í áhrifsmiðuðum texta, miðað við innihaldið, gæti orðatiltæki líkt og „künstliche Aufregung“ („æsa sig upp yfir engu“) komið til greina, því að „künstliche“ („gervi“, „skyn-“) hefur sterkan tilfinningalegan undirtón.

Það er eitt atriði enn sem þýðingarýnar ættu að hafa í huga í þessu sambandi. Að þýða skáldlegan texta af frummáli sem prósatexta á markmáli getur ekki kallast þýðing í ströngum skilningi. Sé verk samið í samræmi við bókmenntalögmál frummáls, er endurgerð þess á almennum hversdagsprósa markmálsins engin þýðing. Þegar ekki er gerð tilraun til þess að halda í einhverja samsvörun á formlega stiginu, er hvaða aðlögun sem er á markmálinu hugsanleg, þar á meðal frjálsgleg endurskoðun og umorðun. Með því að slíkt ferli getur haft afleiðingar sem teygja sig langt (Kemp, 1965: 22 og áfram; Kloepfer, 1967: 22 og áfram; Nida, 1964: 157), verður gagnrýnandinn að gefa þessum þáttum tilhlýðilegan gaum í öllu sínu mati.⁶⁵

2. 2. 3 Áhrifsmiðaði textinn

Áhrifsmiðaðir textar mynda þriðju textategundina í formgerðarflokkun okkar. Áhrifsmiðaðir textar flytja ekki einfaldlega tiltekna upplýsingar í málformi; þeir eru auðkenndir á því að þeir setja ætíð fram upplýsingar með sérstöku sjónarhorni, skýrum tilgangi, sem felur í sér óyrta niðurstöðu. Að hrinda af stað þessari niðurstöðu

⁶⁵ Sjá nánar hér á eftir í köflum 6 og 7.

er það mikilvæga. Í þýðingu er óhindrað ákall til áheyranda eða lesanda textans grundvallaratriði. Málform sérhvers upplýsingainntaks í áhrifsmiðuðum texta er greinilega ekki eins mikilvægt og að ná hinum óyrta tilgangi skilaboða hans. Það ætti að vekja sérstök viðbrögð hjá áheyrendum og lesendum, hvetja þá til þátttöku í ákveðnum viðfangsefnum. Þetta færir fram í sviðsljósið hina sjálfstæðu fræðilegu virkni tungumálsins, sem er fræðilega til staðar í sérhverri tjáningu málsins. Viðskiptaauglýsing getur einfaldlega verið tæling án þess að bjóða nokkrar upplýsingar eða ætla að örva nokkur fagurfræðileg áhrif.⁶⁶ Þetta áhrifshlutverk tungumálsins verður a.m.k. að vera til staðar svo um muni, til þess að texti sé tilnefndur í áhrifsmiðuðu textategundina.

Hvers konar texta ætti að útnefna í þessa tegund? Skilgreiningin hér að ofan gefur til kynna að hún myndi ná yfir alla texta þar sem þátturinn ákall er ríkjandi, þar sem auglýsingar, útgáfa, predikanir, áróður, ritdeilur, lýðskrum og satírir sjá annaðhvort fyrir tilganginum eða leið til mállegrar tjáningar.

Hvort tveggja formið og innihaldið í viðskiptaauglýsingum er samstiga í sínu almenna markmiði að vekja viðbrögð neytenda. E. Carnicé de Gállez (1966: 52) segir: „Allur viðskiptaáróður er í rauninni byggður á ákallshlutverki tungumálsins (Bühler), vegna þess að hann snýst um að leiða áheyrendur að innan og að utan í áttina að því að kaupa þær vörur sem mælt er með, hrinda af stað framkvæmd.“⁶⁷

Auglýsingar eru yfirleitt skilgreindar sem „að ráðgera að hafa áhrif á hóp fólks í þá átt að stunda tiltekið atferli“ (*Großer Brockhaus*). Líkt og S. J. Hayakawa (1953: 344) nefnir: „Þær höfða til hégóma, ótta, snobbs og misskilins stolts.“ Hér mun textinn aftur tapa sínum sérkennum í þýðingu ef hliðstætt form í markmálinu framkallar ekki sambærileg áhrif.⁶⁸

Trúboðstextar hafa að geyma umtalsverða hluta af Gamla og Nýja testamentinu⁶⁹ og önnur trúarleg skrif, en megintilgangur þeirra er að bera vitni

⁶⁶ Árið 1970 hafði útvarpsauglýsing eftirfarandi endahnút, „Aðeins Persil er 100% Persil!“ Upplýsinga-þátturinn var í lágmarki, en 100% gáfu til kynna stig fullkominna gæða til þess að höfða til kröfu neytenda um það besta af því besta.

⁶⁷ „En realidad, toda propaganda comercial se basa en la función apelativa del lenguaje (Bühler), porque trata de dirigir la conducta interna y externa del oyente para la adquisición de los productos recomendados, mueve a la acción.“

⁶⁸ E.Carnicé de Gállez (1966, bls.52 f) býður upp á stutta umræðu um málúræði sem notuð eru í auglýsingum og útgefnu efni sem skiptir einnig máli fyrir önnur tungumál.

⁶⁹ Tilvísun til Biblíunnar sem heildar (eða helgitexta almennt) er með vilja sleppt hér vegna þess að hún nær yfir ýmsar ólíkar textategundir. Ljóðaljóð Salómons ætti að flokka með formmiðuðu textategundinni. Postulasöguna í innihaldsmiðuðu textategundina. En bréf postulanna, sem fyrst og

trúarlegri sannfæringu og að snúa öðrum til hennar.⁷⁰ En veraldlegir textar ætlaðir til að breiða út og afla fylgismanna við tiltekna hugmyndafræði eiga einnig hér heima.⁷¹

Áróður er kynningarefni fyrir sérstaka heimssýn eða pólitískan tilgang sem oft hefur tilhneigingu til að verða umdeildur og í pólitískum höndum verður hann auðveldlega að lýðskrumi. Ádrepar sem og lýðskrum, grípa gjarnan til satíru, líkt og öll form neikvæðs áróðurs gera.

Hugtök, eins og áróður og lýðskrum, eru náskyld mælskufræðitextum. Samt eiga þau alveg eins við um áhrifsmiðaða texta og hinar textategundirnar sem nefndar eru hér að framan; ekki er einfaldlega hægt að leggja þær að jöfnu við flokka í bókmenntagreinum. Mælskufræðitextar hafa ekki aðeins að geyma innihalds- og formmiðaða texta (fyrirlestrar, minningargreinar, líkræður og lofræður) (Lausberg, 1998: 52, 55, 129, 130, 131), heldur einnig áhrifsmiðaða texta (frambjóðendaræður, áróður og múgæsingar).⁷²

Ádrepa og satíra geta ekki aðeins orðið ráðandi einkenni í ræðum, heldur einnig í mörgum öðrum bókmenntaformum (fréttaskýringum, áróðursritum, umræðum, bæklingum, ágreiningsmálum, flokkshollum skrifum og satírukveðskap). Til þess að texti sé flokkaður í áhrifsmiðaðu textategundina ætti hann að uppfylla skilyrði Ludwigs Rohners (1966: 324) fyrir satíru: „Hann er í eðli sínu *hlutdrægur, bendlaður við óbókmenntaleg efni. Einbeiting að sérstökum tilgangi* hamlar frelsi satíruhöfundarins og grefur undan bókmenntaforminu.“

Þessi skilyrði, sem eru einkenni satíru, og Rohner skilgreinir – hlutdrægni, aðild utan bókmennta og einbeiting að sérstökum tilgangi – eru einnig einkenni allra áhrifsmiðaðra texta. Þau grafa ekki einungis undan bókmenntaformi, líkt og Rohner bendir á, heldur vekja þau einnig athygli þýðandans á mikilvægi þess að varðveita þessi einkenni.

Hvaða þýðingaraðferðir hæfa textum af þessari tegund?

fremst voru ætluð til að efla trú hinna ungu söfnuða, báru mestan part einkenni trúboðstexta og ætti að líta á sem áhrifsmiðaða texta.

⁷⁰ Sjá E.A.Nida (1964: 46): „Trúarleg boðskipti hafa oft haft að meginmarkmiði þetta *leiðandi svar*, áorkað með *munlegum táknum sem eru tiltölulega laus við merkingarfræðilegt innihald*.“ (Skáletri bætt við).

⁷¹ Sjá athugasemd P. Brangs (1963: 412) um þýðingu höfuðrita marxismans: „Eitt af augnamiðunum er að ... kynna marxískar hugmyndir fyrir öðrum þjóðum en Rússum og gera þær aðlaðandi á þeirra tungumálum – verkefni sem líkist á vissan hátt hlutverki Biblíuþýðingar í kristinni guðspjallaboðun – og almennt að koma boðskapnum á framfæri.“

⁷² T. Pelster (1966) setur fram yfirgripsmikla lýsingu á málráðum og öðrum ráðum sem notuð eru til að ná þeim áhrifum sem sóst er eftir.

Hvað áhrifsmiðaða texta varðar, er það mikilvægt að í markmálinu náist sömu áhrif og í frumtextanum á frummálinu. Þetta merkir að þýðandinn verður að víkja meir frá innihaldi og formi frumtextans heldur en í öðrum tegundum texta.⁷³ Það segir sig sjálfst að öll slík frávik frá frumtextanum ætti gagnrýnandinn ekki að líta á sem brot á meginreglu um trúnað. Innihaldsmiðaðir textar þarfnast trúnaðar þannig að endurskapað sé hvert smáatriði af innihaldi frumtextans. Trúnaður í formmiðuðum textum útheimtir samsvörun í grunnreglum um form og varðveislu fagurfræðilegu áhrifanna úr frumtextanum. Á samsvarandi hátt er það í áhrifsmiðuðum textum trúnaðurinn við frumtextann, að ná fram þeirri niðurstöðu sem höfundurinn hafði hugsað sér, *varðveita ákallið sem býr í textanum*.

Fáein dæmi munu skýra hvað í þessu felst í reynd fyrir þýðingastarfið.

Viðskiptaauglýsingu er ætlað að leiða áheyrandann eða hlustandann til þess að kaupa auglýsta vöru. Samt sem áður veita ekki allir tungumálahópar sama svar við sams konar auglýsingu.⁷⁴ Í Þýskalandi mætti auglýsa appelsínusafa á áhrifaríkan hátt með slagorðinu „samþjöppuð orka suðursólarinnar“ en í suðlægari löndum væri bókstafsþýðing á þessu slagorði varla eins sannfærandi.⁷⁵ Slík þýðing væri tilgangslaus í því að ná fram þeim áhrifum sem stefnt er að. Hér er „aðlögunarþýðing“ (Merian-Genast, 1958: 26) nauðsynleg.

Við Biblíuþýðingar koma upp svipuð vandamál. Stundum gerist það, í þeim tilgangi að byggja upp og styrkja trú hinna guðhræddu, að nauðsynlegt er að ákveðnar ímyndir gangist undir dálitla aðlögun svo að þær jafnist á við hin ólíku einkenni markmálsins og menningu þess. Til að mynda, þegar þýdd er frásögn af sjóferð á tungumál indíána í eyðimörkum í norðurhluta Mexíkó, er *formi* sögunnar haldið eftir. En trúboðarnir komust að því að bókstafsþýðing á *innihaldinu* – að ferðast á öldum – skilaði ekki þeim áhrifum sem sóst var eftir, því að í fjarlægri eyðimerkurveröld þeirra áttu indíánarnir engin hugtök yfir öldur, stöðuvötn eða höf. Lausnin fólst í því að setja í staðinn næsta fánlega hugtak: Mýrarfen. Róttæk aðlögun af þessu tagi að ólíkri veröld markmálsins og menningu þess, er það sem E. A. Nida (1964: 160) vísar til

⁷³ Sjá O.Blixen (1954: 58): „Pero es claro que el traductor no tiene absoluta necesidad de reproducir en caso la misma figura ... lo único que debe tratar de conservar es el efecto satírico.“ [„En það er ljóst að í þessu tilviki ber þýðandanum engin nauðsyn til að endurskapa sömu orðatiltækin ... heldur aðeins það sem til þarf til að varðveita satíruáhrifin“]. Meginreglan, sem tilgreind er hér fyrir satírutexta, gildir einnig um áhrifsmiðaða texta.

⁷⁴ Sjá E. A. Nida (1964: 227) [um Biblíuþýðingar]: „Hversu mikið á að aðlaga, byggist að mjög miklu leyti á þeim viðtakendum sem þýðingin er hugsuð fyrir.

⁷⁵ Á Ítalíu er þessi sama vara auglýst með því að benda á ávinning af hinum áhrifaríku vítamínum sem hún inniheldur.

sem „áhrifajafngildi.“ „Áhrifajafngildi“ hentar helst áhrifsmiðuðum texta, og við álitum að notkun þeirra ætti ekki að vera eins víðtæk og Nida leggur til.⁷⁶

Áhrifsmiðaðir mælskutextar þarfnast oft róttækra breytinga á frumtextanum. Líkt og Angel M. de Lera (1968, feb.29) bendir á, enda þótt í nútímaspænsku sé mælskutilhneigingin yfirleitt hófstíll og reynt sé að forðast skruðmælggi, sýnir hún samt í þessu greinilega andstæðu við þýska mælskulist. Þegar þýða skal spænskar ræður og opinber ávörp á þýsku, er mikið af smáskrauti sem bæla þarf niður til þess að komast hjá því að hafa öfug áhrif á þýska lesandann. Það sem spænskur lesandi gæti notið sem stíls í mælskulist, mun líklega koma þýskum lesanda fyrir sjónir sem óhóflegur barokkstíll sem hugsanlega afskræmir heildaráhrifin. Hinar ákaflega múgsefjandi ræður Fidels Castro gætu verið gott dæmi. Þjóðverji, sem les smeðjulegt lýðskrum Castros í þýðingu, væri líklegri til að missa áhugann heldur en hin ólæsa alþýða Rómönsku-Ameríku, sem er vön munnlegri hefð fullri af endurtekningum og frekar skeytingarlaus um hefðir í spænskri mælskufræði. Slíkar ræður myndu aldrei æsa þýska lesendur eða áheyrendur án umtalsverðrar aðlögunar – ekki á innihaldi þeirra heldur á formi þeirra. Í stuttu máli sagt, ætti gagnrýnandi sem fjallar um áhrifsmiðaðan texta í fyrsta lagi að athuga hvort þýðandinn meti nægilega hinn óyrta og óbókmenntalega ásetning textans, og hvort þýðingin á markmálinu flytji sama ákallið eða veki sömu útkomu og höfundurinn tjáði í frumtextanum.

Hljóð- og miðlunarmiðaði textinn

Hljóð- og miðlunarmiðaðir textar (e. *audio-medial*), líkt og við minntust á að framan, eru ekki fulltrúar fyrir einfalda uppskrift á munnlegum boðskiptum. Þeir eru fremur meira eða minna mikilvægir hlutar af stærri heild. Þeir skera sig úr í því að treysta á óyrta (tæknilega) miðla og á myndræna, hljóm- og sjónræna gerð tjáningar. Það er einungis í sameiningu þeirra að hin flókna bókmenntalega heild verður að veruleika.

Hvers konar textar eiga heima í þessari tegund? Í raun og veru sérhver texti sem settur er fram er að nokkru marki með ómállegum miðli, til þess að geta átt í boðskiptum við hlustandann, hvort sem það er á frummálinu eða á markmálinu. Helstu dæmin eru útvarps- og sjónvarpshandrit, eins og fréttauðsendingar og skýrslur, útvarpserindi og útvarpsleikrit. Í þeim gegna málfræði og framsögn,⁷⁷ auk

⁷⁶ Sjá frekar í 4.5 og 6.4.

⁷⁷ Það er undraverður munur á samtali sem lesið er í hljóði og á samtali eins og leikstjóri skilur það eða

hljómburðar (líkt og í leikverkum) og sjónrænir þættir (í sjónvarpi og kvikmyndum) stóru hlutverki. Að kunna að meta þessa þætti og hafa vald á þeim skiptir sköpum um hvernig til tekst, hvort sem er í frumritinu eða þýðingu.

Hér tilheyra einnig textar þar sem orð og tónlist sameinast, allt frá vinsælustu smellum dagsins til söngva og sálma, til kórverka og óratoría.

Hljóð- og miðlunarmiðaðir textar ná einnig yfir allar sviðsuppfærslur, frá söngleikjum til óperetta og ópera, gamanleikja og harmleikja. Grundvallargreinarmun ætti þó að gera, annars vegar á milli skjáhandrita, *libretti* og leikrita fyrir skóla og námsútgáfur,⁷⁸ þar sem athyglin beinist að tungumálinu, og hins vegar á þýðingum sem ætlaðar eru til uppfærslu á sviði þar sem framkoma leikarans og látbragð, búningarnir, leiktjöld og hljómburður, og fyrir óperu-, óperettu- og söngleikjatónlist stuðla í sameiningu að áhrifamætti.⁷⁹

Einnig er í grundvallaratriðum hægt að flokka hljóð- og miðlunarmiðaða texta í aðrar tegundir, eins og í innihaldsmiðuðu tegundina (útvarpsávörp og heimildarmyndir), formmiðuðu tegundina (útvarpserindi, leikrit) eða þá áhrifsmiðuðu (gamanleikir, harmleikir). En hvað þýðandann og gagnrýnandann varðar væri þetta ófullnægjandi.⁸⁰ Það væri óhentugt að tengja beint þessa fjórðu textategund, þar sem tungumálið er túlkað frekar og myndar heild með öðrum þáttum, hinum þremur textategundunum sem grundvallast á hlutverki tungumálsins.

Þýðing á útvarpsávarpi ætti ekki einungis að vera trú innihaldinu, hún ætti einnig að fylgja setningafræði hins talaða máls markmálsins. Þetta er ekki eins áriðandi í þýðingu sem aðeins er ætluð til lestrar.⁸¹ Tungumál eru mun frábrugðnari í taktbundnum og ítónandi mynstrum í mæltu formi sínu en í því ritaða. Tökum dæmi: Langur og vandlega uppbyggður kafli í spænsku útvarpserindi gæti fallið þýskum *lesanda* vel; hið talaða form myndi aðeins skiljast hjá spænskum hlustendum sem

leikarar flytja það, samkvæmt því sem Z. Gorjan segir (1965: 88).

⁷⁸ Sjá frekar í 6.3.

⁷⁹ Sjá S. Brenner-Rademacher (1965: 8): „Skáldsögur sjá lesandanum fyrir köflum sem lýsa persónum og aðstæðum þeirra, leggja orðum leikarans til bakgrunn, líf og lit, en leikhúsgesturinn er háður því sem leikararnir sjálfir segja. Hér verður hið talaða orð, stutt af leikstjóranum, leikmyndinni, skreytingum og búningum, að sjá fyrir persónusköpuninni, blæbrigðum, tóni og andrúmslofti.“

⁸⁰ Sjá R. Kloepfer (1967: 86): „Til þess að vel takist til með gamanleiki Plátusar í nútímaleikhúsi, verður fyrsta boðorð þýðandans að vera að gera þá leikhæfa (eða með heitum W. Schadewalds, þeir verða að vera „mælanlegir“ á trúverðugan hátt).“ [Síðar auðkenndi K. Reiss þessa fjórðu textategund sem „margmiðlað“ afbrigði af hinum þremur „grunntextategundunum“ E. F. R.]

⁸¹ Þetta sýnir það sem Jífi Levý (1968: 77) benti á í sambandi við samtal í leikhúsi: „Samtal í leikriti er mæltur texti sem gerður er til flutnings fyrir áheyrendur. Á undirstöðutónsviði leiðir það til þess að samsetning hljóða sem eru erfið í framburði eða auðvelt er að misskilja, eiga ekki við.“

vanir eru hröðu flæði frummálsins, en Þjóðverji sem hlustaði á nákvæma þýðingu væri líklegur til að tapa þræðinum. Stundum er einföldun á setningarbyggingu í erindi nærri því óumflýjanleg.⁸²

Í textum þar sem tónlist er bætt við og býður upp á samþættingu, er ekki hægt af öryggi að skoða mæltu þáttinn einan sér. Verulegur munur er á lögmálum bragfræðinnar frá einu tungumáli til annars og tónlistarþættirnir í frumsömdu verki laga sig náttúrulega að bragfræðireglum frummálsins. Óperutexti ætlaður til flutnings myndi hljóma undarlega, ef ekki blátt áfram fáránlega, ef þýðandinn héldi trúnaði við form hans til streitu eða innihaldi á markmálinu á kostnað tilfinningar fyrir melódíunni, hljómfalli og flæði þeirrar tónlistar sem leikin er undir.

Í leikrænum uppfærslum, hvort sem hinn ritaði texti er talinn vera innihaldsmiðaður, formmiðaður eða áhrifsmiðaður, gildir grundvallarregla Georges Mounin: „Trúnaður við orð, málfræði, setningafræði og jafnvel við stíl setninga í texta, verður að víkja fyrir forgangi þess sem tryggði velgengni leikritsins í heimalandi þess. Það er mikilvægara fyrir þýðinguna að sviðsuppfærslan sé áhrifarík, frekar en málefni tengd sérstökum skáld- eða bókmenntalegum eiginleikum, og rísi ágreiningur eru það heildaráhrifin sem ættu að ráða forgangsroðinni. Eins og Mérimée sagði: „, það er ekki (ritaði) textinn, heldur (mæltu eða sungna) leikritið sem þýða skal“ (Mounin, 1967: 137 [svigum bætt við]).

Ekki er við öðru að búast en að þýðing hljóð- og miðlunarmiðaðra texta vekji upp margvísleg vandamál hjá þýðendum. Þessar flækjur fylgja með þegar takast þarf á við texta sem eru undir meiri eða minni áhrifum af óyrtum þáttum.⁸³

Sé þetta dregið saman, stendur eftir að viðeigandi þýðingaraðferð fyrir hljóð- og miðlunarmiðaða texta verður að varðveita sömu *áhrif á hlustandann* og frumtextinn hefur á frummálinu. Aðstæður geta jafnvel útheimt enn meiri frávik frá innihaldi og formi frumtextans heldur en þarf með áhrifsmiðaða texta.⁸⁴

⁸² Sem þýskt dæmi, sjá B. Berger, sem vitnað er í af L. Rohner (1966: 114): „Taka verður utan af samþjappaðri staðhæfingu með flóknu jafnvægi og gera gagnsæja. Flókin setning hlaðin fyrirvörum getur ráðið úrslitum í því að hylja aðalatlögu staðhæfingar. Höfundur útlitverindis verður að þróa nýtt orðfæri sem, í stuttu máli sagt, sneiðir hjá smáatriðum í stíl og metur gildi hins hverfula orðs.“

⁸³ Hin sértæku vandamál forms tungumáls og þýðingar sem er að finna í ýmsum gerðum hljóð- og miðlunarmiðaðra texta eru umfjöllunarefni í mörgum og oft gagnlegum umræðum, einkum og sér í lagi hjá F. Ayala (1965: 36); J. Buschkiel (1966: maí 5?, 13); P. F. Caillé (1965: 116-122); E. Carnicé de Gállez (1966: 47-58); E. Hartung (1965: 10 og áfram.); R. Kloepfer (1967: 86-97); G. Mounin (1967: 135-147); R. Schottlaender (1966).

⁸⁴ Sjá G. Mounin (1967: 145): „Öllum þessum spurningum ... svara sérfræðingarnir sem talsetja, að *allt sé leyfilegt* sem komi aðalhugmyndinni til skila ... Og hugmyndin telst hafa komist til skila ef áhorfendur bregðast við talsettu kvikmyndinni á sama hátt og áhorfendurnir brugðust við upphaflegu

Í kvikmyndum getur hlutverk þýðingar orðið algjört aukaatriði. Í öfgafullum tilfellum verður það einfaldlega fyrirmyndin sem lokasamhæfingin er mynduð út frá.⁸⁵

Allt þetta verður ekki einungis þýðandinn heldur einnig gagnrýnandinn að hafa hugfast sem grundvallaratriði við mat. Þýðing innihaldsmiðaðra texta krefst trúnaðar við innihald. Formmiðaður texti krefst samjöfnuðar forms og fagurfræðilegra áhrifa. Áhrifsmiðaður texti krefst þess afreks að það náist – að svarið verði nákvæmlega eins. Á samsvarandi hátt eru þýðingar hljóð- og miðlunarmiðaðra texta dæmdar eftir því að hve miklu leyti þær jafnast á við frumtextann í því að fella saman framlag óyrtra miðla og annarra þátta í flókið bókmenntaform.

2.3 Textategundin sem bókmenntaflokkur í þýðingarýni

Ortega y Gasset hitti naglann á höfuðið þegar hann fullyrti: „það er útilokað, a.m.k. næstum því alltaf, að tjá allar hliðar frumtextans.“⁸⁶ Á því leikur enginn vafi að varðveisla allra hluta frumtextans í þýðingu er ómöguleg.“⁸⁷ Því ætti ekki að einblína á einhverja sérstaka þætti eða hluta þýðingar við mat á henni, eins og svo oft er gert, heldur ætti matið frekar að hefjast með skilgreiningu á textategund hennar. Að þessu loknu, og viðeigandi þýðingaraðferð hefur verið staðfest, er hægt að meta að hve miklu leyti þýðandinn uppfyllir það viðmið sem máli skiptir. Með öðrum orðum má segja að í innihaldsmiðuðum texta sé það hvort nákvæmni upplýsinga hafi haft *forgang*; í formmiðuðum texta, hvort því hafi verið sérstakur gaumur gefinn, umfram umhyggju fyrir nákvæmni upplýsinga, að mælskuformgerðir nái sambærilegum fagurfræðilegum áhrifum; í áhrifsmiðuðum texta, hvort hann nær þeim tilgangi sem til var ætlast í frumtextanum; í hljóð- og miðlunarmiðuðum texta, hvort miðlar sem eiga við hafi verið aðlagðir og framlag þeirra fellt inn í með skilum.

Sérhver þýðing er málamiðlun og aðlögun að hinu stóra samhengi lífsins. En hún er málamiðlun sem vega þarf mjög vandlega. Schadewaldt (1964) kallar þetta „listina að fórna rétt“, sem ætti að mæla fyrir texta af hans tegund. Samkvæmt því er

kvik-myndinni, þó svo að það feli í sér *ferskan innblástur*: „Staðhæfingu Mounins hér, um talsetningu í kvikmyndum, má víkka út þannig að hún eigi við öll form hljóð- og miðlunarmiðaðra texta.

⁸⁵ Sjá R. Jumpelt (1961: 24): „... en í umgjörð þar sem verið er að kvikmynda samtal gæti úrslitaatriðið verið þörfín að finna orðatiltæki sem í raun bera merkinguna og samsvara best varahreyfingum leikarans.“ Sjá einnig sérútgáfueintak „Cinéma et Traduction“, *Babel*, bindi 6 (1960).

⁸⁶ J. Ortega y Gasset (1937: 82): „Es imposible, por lo menos lo es casi siempre, acercarnos a todas las dimensiones del texto original.“

⁸⁷ Sjá E. Cary [1963, (kafla 7): 393]: „Ekkert sköpunarverk er hægt að varðveita fullkomlega og án einhvers smávægilegs mismunar. Nauðsyn á þýðingu felur í sér nauðsyn þess að velja á milli. Að velja á milli er hluti af ábyrgð þýðandans.“

mikilvægt að virða forgangsröð sem er mismunandi eftir hinum ýmsu tegundum texta. Georges Mounin (1967: 19) skrifar að „núttímapýðingar leitist við að láta erlent tungumál samsvara orð fyrir orð, setningargerð fyrir setningargerð og líkingu fyrir líkingu, hvenær sem mögulegt er“. Hinn raunverulegi vandi við að þýða kemur einmitt fram þegar þetta verður ómögulegt. Líkt og nefnt var hér að framan, er einungis hægt að leysa þennan vanda með því að laga sig að kröfum hinna fjögurra textategunda, hværrar fyrir sig. Þýðing innihaldsmiðaðra texta verður að láta nákvæmni upplýsinganna sem þeir flytja hafa forgang, í formmiðuðum textum er það uppbygging innihalds þeirra, í áhrifsmiðuðum textum eru það áhrif ákalls þeirra og í hljóð- og miðlunarmiðuðum textum eru það óyrtað forsendur miðlunar.

Í víðasta skilningi, mætti skilgreina heitið bókmenntir þannig að það umljúki allt svið ritaðrar tjáningar á tilteknu tungumáli. Því uppfyllir sérhver texti sem festur er í ritað form skilyrði sem bókmenntir, og hvaða texti sem er getur verið grundvöllur þýðingar. Þess vegna verður fyrsti flokkurinn fyrir þýðingarýni að vera bókmenntaflokkurinn, sem fjallar um textategundir.

3. Mállegir þættir

Þegar bókmenntaleg einkenni þýðingar hafa verið ákvörðuð, getur gagnrýnandinn snúið sér að öðrum flokki – *stíl tungumálsins*. Þetta snýst um *málsérkenni* þess og jafngildi í markmálinu, nefnilega, að kanna í smáatriðum hvernig þýðingarferlið hefur gefið mynd af sérkennum frummálsins í markmálinu.⁸⁸

Þýðing er eiginlega aðeins möguleg vegna þess að það eru hliðstæður í tungumálum á sviði *langue* (tungumál sem kerfi). Verknaðurinn að þýða felur í sér val á

⁸⁸ Hugtak þetta ber ekki að tengja við leskvæðar eða setningafræðilegar einingar, heldur fremur einstakar „skyneiningar“. Sjá O. Kade (1964: 276): „Ekki er hægt að halda máleiningu (t.d. orði) *a priori* við einstakt þýðingarjafngildi, hvorki sem almennri reglu né jafnvel á milli tveggja tiltekinnar tungumála.“

Greining á hugsunareiningum ræðst bæði af uppbyggingu tungumálsins og nánasta samhengi. Eftirfarandi dæmi er fengið hjá A. Malblanc (1961: 23, og áfram):

Damit schritt er schnell den langen Flur hinauf und öffnete eine kleine Seitentür

1 2 3 4 2 5 6

die in einen Korridor führte.

7 8 7

Ce disant, il remonta rapidement le long vestibule et ouvrit une petite porte de côté

1 2 3 4 5 6

qui donnait dans un corridor.

7 8

ákjósanlegasta jafngildinu úr hópi hugsanlegra jafngilda á sviði *parole* (tungumál eins og það er talað í raun) (Kade, 1964, bls. 137).

Fáein dæmi til skýra muninn á hugsanlegum og ákjósanlegum jafngildum.

1. Fyrir þýska orðið *Glas*, hefur spænskan að bjóða eftirfarandi hugsanleg jafngildi. *crystal* (*kristall*), *vaso* (*vasi*), *copa* (*glas*) og *vidrio* (*rúða*). Ef samhengið tengist gluggum, væri besta leskvæða jafngildið *vidrio*. Franska orðið *opération* ætti sér sem hugsanleg jafngildi í þýsku: *Rechnungsart* (*reikningur*), *Operation* (*aðgerð*), *Aktion* (*herferð*), *Eingriff* (*inngríp*), *Geschäft* (*viðskipti*), o.s.frv. Í viðskiptalegu samhengi er *Geschäft* það jafngildi sem næst kemst.

2. Fyrir spænska orðið *compromiso*, væru hugsanleg jafngildi í þýsku: *Kompromiß* (*málamiðlun*), *Verpflichtung* (*skylda*), *Engagement* (*skuldbinding*). Í málgreininni „En ¿as negociaciones sobre este tema no llegaron a un compromiso viable“ („Í samningaviðræðunum um þetta mál komust þeir ekki að neinni hagkvæmri málamiðlun“) er næsta merkingarfræðilega jafngildi í þýsku tvímælalaust *Kompromiß*.

3. „Ich erhebe mein Glas auf die Freundschaft zwischen unsern Völkern ...“, („Ég lyfti glasi mínu fyrir vináttu þjóða okkar ...“. Hér eru það aðstæðurnar, að fagna hátíðlegu tilefni með víni eða kampavíni, sem ákvarðar hið rétta jafngildi leskvæðu einingarinnar „Glas“ sem „copa“: „Levanto la⁸⁹ copa y brindo por ...“ („lyfta glasi til að skála ... = skála fyrir ...“). Og á hinn bóginn getur franska málvenjan „la troisième“ haft afar ólíka merkingu eftir aðstæðum. Í músík-heiminum gæti hún vísað til þriðju sinfóníu tónskálds. Ef um er að ræða herinngæti hún merkt þriðja undirfylkið, stórfylki, herdeild, o.s.frv. Fyrir sagnfræðing gæti hún þýtt Þriðja lýðveldið, og fyrir ferðamann gæti hún verið þriðji áfangi ferðar. Nauðsyn þess að skoða samhengið er augljós af þessu dæmi um franska setningargerð með úrfellingum (tekið úr Haensch, 1967: 61).

⁸⁹ Hið bókstaflega jafngildi „ich erhebe mein Glas“ væri „levanto mi copa.“ En til þess að vera í raun jafn-gild verður þýðingin að taka notkunarþáttinn með í reikninginn. Í spænsku er eignarforbafnið sjaldnar notað en í þýsku. „Levanto mi copa“ væri ekki samkvæmt málvenju, þannig að þörf er á „levanto la copa“ til að komast hjá bókstafsstirðleika og til að ná ósvikinni jafngildri tjáningu.

4. „Hay un placer íntimo, profundo, en ir recorriendo un pueblo desconocido entre las sombras“ („Það er djúpur og innilegur unaður að reika um á meðal skugganna í ókunnum bæ“) (Azorín, *La Ruta de Don Quijote*). Hugsanleg jafngildi setningagerðarinnar „ir + sagnarnafnorð“ í þýsku eru m.a. *langsam* (*hægt*), *allmählich* (*smám saman*), *nach und nach* (*smátt og smátt*), *in aller Ruhe* (*með hægd*) *etwas tun* (*gera eitthvað*), o.s.frv. Hins vegar bendir samhengið til þess að ákjósanlega jafngildið hér væri stök leskvæð eining: Í stað *langsam, in aller Ruhe gehen durch* (*rölta um, í hægðum sínum*), kemur orðið *schlendern* (*rölta*), sem í spænsku á sér ekkert eitt jafngildi.

Fyrir ensku málsgreininna, „Though he is poor, he is an honest man,“ gæti fullkomlega hliðstætt hugsanlegt jafngildi í þýsku verið „Obwohl er arm ist, ist er ein ehrlicher Mann.“ Í bókmenntalegu samhengi, frekar en í samtali úr daglegu máli, væri stílrænt ákjósanlegt hið merkingarfræðilega jafngildi: „Er ist zwar arm, aber ehrlich“ (tekið úr W. Friedrich, 1969: 127).

Allt þýðingastarf felur í sér að fyrst þarf að bera kennsl á hugsanleg jafngildi og síðan að velja úr þeim það sem best fellur að tilteknu samhengi, og einnig þarf að meta hversu vel hver hluti í þýðingareiningunni fellur inn í heildarsamhengið.

Annars vegar byggist þessi ákvörðun á málsamhenginu líkt og Harald Weinrich (1966: 23) hefur bent á: „Einangrað orð getur bent til víðs sviðs sambanda, en ekki orð í texta. Samhengið ákveður merkinguna. Orð gefa hvert öðru gildi og eru gagnkvæmt takmarkandi og enn frekar sé samhengið algjört.“⁹⁰ Hins vegar leika utanmálsaðstæður mikilvægt hlutverk í því að ákveða form í markmálinu.⁹¹ Eða með orðum Georges Mounin (1967: 61), „Þýðing er fyrst og fremst og almennt séð málaðgerð“ en þó „er hún aldrei einungis og aðeins málaðgerð“.

Af þessu leiðir, að annars vegar verður að bera kennsl á merkingarfræðilega, les...kvæða, málfræðilega og stílræna (þ.e.a.s. mállega) þætti texta, hins vegar verður

⁹⁰ M. Wandreuszka (1969) leggur til góð dæmi um hve sterklega merking orðs sé undir áhrifum af samhengi sínu eða málnotkun þess, t.d. , bls. 43, spænska *el tiempo*, franska *le temps*, þýska *Zeit* (*tími*) og *Wetter* (*veður*); bls. 48, franska *parents*, þýska *Eltern* (*foreldrar*) og *Verwande* (*ættingjar*); bls. 50, spænska *huésped*, þýska *Gast* (*gestir*) og *Gastgeber* (*gestgjafi*); bls. 112, 115, franska *la matinée*, þýska *Vormittag* (*morgunn*) og *Nachmittagsvorstellung* (*siðdegisþáttur*).

⁹¹ J. C. Catford (1965, bls. 31) greinir á milli co-texta (mállegt samhengi) og con-texta (aðstæðusamhengi). Við tökum ekki upp þessa íðorðafræði hér þrátt fyrir að hún sé hnitmiðuð, því hún getur auðveldlega boðið heim hættunni á prentruglingi. Þar að auki, a.m.k. í þýskum þýðingarbókmenntum, er „Kontext“ venjulega skilið þannig að það vísi til málsamhengis.

að taka með í dæmið þau áhrif sem óyrtir þættir⁹² hafa á merkingarfræðileg, leskvæð, málfræðileg og stílræn svið.

Víxlverkun þessara tveggja þátta (mállegu þáttanna og óyrtra ákvarðandi þátta) og þess hvernig þýðandinn tekur á þeim, færir gagnrýnendum tvo flokka til viðbótar í þýðingarýni: Mállegan og hagnýtan. Þessir tveir flokkar eru af ýtrasta mikilvægi fyrir þýðingarýna, því að án þeirra er útilokað að meta gæði jafngildanna sem valin hafa verið.

Gott dæmi er eftirfarandi samtal frá Juan García Hortelano (1962), og þýðing þess á þýsku:

„¿Jugaste al tenis esta mañana? - Sí. ¿Que hiciste tú con los niños en la playa? - *No sé*. Buscamos conchas, trepamos por las rocas, construimos un castillo.“

„Has du heute morgen Tennis gespielt? - Ja. Und was hast du mit den Kindern am Strand gemacht? – *Nichts Besonderes*. Wir haben Muscheln gesucht, sind auf den Felsen herum geklettert ...“ („Lékst þú tennis í morgun? – Já. Og hvað gerðir þú með börnunum á ströndinni? – *Ekkert sérstakt*. Við leituðum að skeljum, klifruðum í klettunum ...“

Það væri kjánalegt að benda á orðin „No sé“ og halda því fram að þýðandinn hafi ekki skilið orðin: Hvaða málfræðibók sem er gæti leitt honum fyrir sjónir að „sé“ væri mynd sagnarinnar „saber“ sem merkir „að vita“, og af því leiðir að „No sé“ merkir „ég veit það ekki“, og að þýða það sem „Nichts Besonderes“ („ekkert sérstakt“) er einfaldlega rangt. Í rauninni ætti mynd orðsins (1. persóna eintala af sögninni) að nægja til að sýna að ekki er hægt að taka „no sé“ bókstaflega, vegna þess að fólk veit yfirleitt hvað það hefur gert, og hvað var gert, er það sem spurningin snerist um. Aðstæðurnar leggja til hinn túlkandi þátt, sem leiðir í ljós að samhengisgildi orðatiltækisins er núll, þýtt á réttan máta sem „Nichts Besonderes“ („ekkert sérstakt“), eða jafnvel enn betur sem „Ach, nichts“ („o, ekkert“), sem er nær hinu gagnorða í frummálinu.

⁹² Sjá frekar í hluta 4.

Ólík atburðarás birtist í eftirfarandi dæmi sem Günther Haensch (1968: 69) tekur: „Le délégué français s'étonne que le point n'est pas été inscrit à l'ordre du jour.“ Þýðingin „Der französische Delegierte *wundert(e) sich*, daß dieser Punkt nicht auf die Tagesordnung gesetzt wurde“ („Franski fulltrúinn *var undrandi* á því að liðurinn væri ekki á dagskrá“) er á óaðfínanlegu máli (s'étonner = sich wundern = vera undrandi). Og samt verðskuldar hún gagnrýna athugasemd. Með samhengi fullyrðingarinnar í huga leggur von Haensch til þýðinguna, „Der französische Delegierte *äußert sein Befremden darüber*, daß ...“ („Franski fulltrúinn *lét í ljós óánægju sína* með að ...“). Þegar hans eigin tillaga er hunsuð í dagskránni, getur góður fulltrúi ekki einfaldlega verið undrandi í einrúmi - „undrunina“ þarf að tjá. Við þessar *aðstæður*, þar sem persónuleiki þess sem talar sem stjórnarerindreki kemur fram í málnotkun hans, er þýðingin sem mest er viðeigandi og málvenjubundin „sein Befremden äußern“ („að láta í ljós óánægju“).

3.1 Merkingarfræðilegir þættir

Að líta á (eða að horfa framhjá) merkingarfræðilegum þætti texta er þýðingarmikið atriði í að varðveita innihald og merkingu frumtextans. Bregðist það að taka eftir fjölmerkingar-orðum og samhljóma orðum, skorti á samsvörun heita í frum- og marktecta, mistúlkunum og geðþóttaviðbótum eða úrfellingum, er þýðandinn kominn í verulega hættu, og býður þar af leiðandi heim bestu tækifærum gagnrýnandans.

Til þess að ákveða merkingarfræðileg jafngildi verður að kanna málsamhengið, því það er þar sem skýrast sést hvað höfundurinn ætlar sér með því sem sagt er. Og með orðum Erwin Koschmieder (1955: 121), er það nauðsyn að skilja „hvað er *fyrirhugað* með tjáningunni, í staðhæfingunni sem verið er að þýða“ ef það á þá yfirhöfuð að þýða hana. Við þessar *aðstæður* felur málsamhengið í sér örsamhengið sem og stórsamhengið, sem hvorugt hefur mörk sem skilgreina má nákvæmlega. Þau eru breytileg eftir því mál- og hugtakaumhverfi sem verið er að þýða. En samt nær örsamhengið venjulega aðeins til orða í nánasta samhengi, nær sjaldan út fyrir endamörk málsgreinar, en stórsamhengið getur ekki einungis falið í sér efnisgrein, heldur textann í heild. Hvort tveggja er mikilvægt við að ákveða ákjósanlegt jafngildi á málstiginu.

Fáein dæmi munu skýra áhrif ör- og stórsamhengisins við að ákvarða málform.

1. „Al salir el sol me desperté.“ Hugsanleg jafngildi fyrir hið spænska „salir“ í þýsku eru: *ausgehen* (*fara út*), *abfahren* (*leggja af stað*), *abreisen* (*fara burt*), *aufgehen* (*rísa, um stjörnur*), o.s.frv. Frumlag setningagerðar í nafnhætti er „el sol“ (*sólin*), sem er stjarna. Í þessu tilviki bendir örsamhengið til að ákjósanlega les-jafngildið í þýsku sé „Als die Sonne *aufging*“ („þegar *sólin reis*“), eða „bei Sonnenaufgang“ („við *sólarupprás*“). Þannig að fyrir þýðingareininguna „al salir el sol“ eru tvö hugsanleg *málfræðileg* jafngildi: Aukasetning og atviksleg tjáning. Hvor þeirra er ákjósanlegri í þessu tilfalli er aðeins hægt að ákvarða út frá örsamhenginu með hliðsjón af stílrænum þáttum. Það sem hafa ber hugfast er hvort löng aukasetningin eða hinn styttri atviksliðsúrdráttur fellur betur að hrynjandi málsgreinarinnar í heild, eða aftur á móti, hvort hinn bjarti sérhljóði í „aufging“ sé ákjósanlegri en dimmi sérhljóðið í „-aufgang.“ Hér er það sem ræður úrslitum ekki mállhuti í frummálinu, heldur stílrænt sjónarhorn í markmálinu.
2. Í næsta dæmi er því öðruvísi farið: „Al salir el sol, me despertaba.“ Í þessu tilviki samanstendur örsamhengið (hér er einingin enn málsgreinin) af tveimur pörtum á málfræðistiginu: (1) í óloknu horfi sagnar í núliðinni tíð í aðalsetningunni („desperta“) er vísað til þess að verið sé að lýsa endurtekningu. Þetta hefur áhrif á form aukasetningarinnar í markmálinu. Þýska þýðingin getur ekki verið „Als die Sonne *aufging* ...“ (einstakur atburður; „Þegar sólin var að koma upp“), heldur „Wenn die Sonne *aufging*“ (endurtekinn atburður; „Þegar sólin kom upp“). (2) Valið milli hinna tveggja hugsanlegu jafngilda „wenn die Sonne *aufging*“ („Þegar sólin kom upp“) og „bei Sonnenaufgang“ („í dögum“) ákvarðast af óloknu horfi „desperta“ í vil „wenn“ í aukasetningunni, því að endurtekningarþáttinn í atviksliðnum er ekki hægt að tjá á þýsku án viðbótar leskvæðra þátta eins og „Ich erwachte *stets* bei Sonnenaufgang“ („Ég vaknaði *alltaf* í dögum“). Aftur byggist ákvörðunin á stílrænum íhugunarefnum sem ákvarðast af samhengi í markmálinu.
3. Svipaðra umhugsunarefna gætir í eftirfarandi dæmi úr frönsku: „Le remède pris, je me sentis mieux“ (Alfred Malblanc, 1961: 195). Þýsk jafngildi *prendre* eru m.a. (weg-, ab-, an-, mit sich) nehmen, fassen, ergreifen, o.s.frv. („að grípa, að taka eða bera burt með sér, o.s.frv.“). Andlagið „le remède“ („meðal“) bendir á „nehmen“ („taka“) sem hið ákjósanlega jafngildi. En örsamhengið ákveður ekki einfaldlega hið leskvæða jafngildi fyrir *prendre*, það snertir einnig málfræðilegt

jafngildi ótengdu setningarinnar í lýsingarhætti, sem á sér ekkert nákvæmt jafngildi í þýsku. Þátíð (passé défini) sagnarinnar í aðalsetningunni útilokar möguleikann á verknaði sem á sér stað samtímis. Þýða þarf lýsingarháttinn með tjáningu sem gefur til kynna undangenginn tíma. Þýðandinn gæti hallast að atvikslið, „Nach Einnahme der Medizin ...“ („Eftir að hafa tekið meðalið ...“), eða að atvikssetningu „Nachdem ich die Medizin eingenommen hatte“ („Eftir að ég hafði tekið meðalið ...“), allt eftir stílrænum íhugunarefnum. Hið fyrrnefnda væri best í tæknilegri skýrslu, en hið síðarnefnda í einkasamtali.

4. Dæmi úr ensku gæti einnig verið lýsandi. „By refusing to take any food, he made him accept his proposals“ (W. Friedrich, 1969: 85). Örsamhengið vísar á að jafngildi „to refuse“ sé „verweigern.“ Það vísar einnig á að frumlag sagnarnafnorðs-setningarinnar er „he.“ Það eru tvö möguleg málfræðileg jafngildi fyrir þýðingareininguna „by refusing to take any food“: Forsetningarliður eða auka-setning. Hér eru það aftur hin stílrænu íhugunarefni örsamhengisins sem úrslitum ráða, hvort sem „Dadurch, daß er jegliche Nahrungsaufnahme verweigerte ...“ eða „Durch Verweigerung jeglicher Nahrungsaufnahme brachte er ihn zur Annahme seiner Vorschläge,“ væri valið.
5. Nokkur dæmi munu sýna mikilvægi stórsamhengis í að ákvarða þýðingu og hvernig það teygir sig, líkt og áður kom fram, frá efnisgrein út í verkið í heild. Við þýðingu titils ritgerðar eða bókar á viðeigandi hátt, getur verið nauðsynlegt að lesa allan textann. Ekki er hægt að þýða titil „L'Education sentimentale“ eftir Flaubert á þýsku nema að þekkja verkið í heild sinni. Gagnrýnandinn verður að ákveða hver af þeim eftirfarandi lausnum sem stungið hefur verið upp á, sé ákjósanleg á grundvelli stórsamhengisins: *Schule des Herzens* („Skóli fyrir hjartað;“ H. Ruppert), *Erziehung des Herzens* („Þjálfun hjartans;“ E. A. Reinhardts, ef. „*Sentimental Education*“; Robert Baldick), *Schule der Empfindsamkeit* („Skóli í tilfinningasemi;“ H. Kanders), eða *Lehrjahre des Herzens* („Reynslutími hjartans;“ H. Widmer). Það er einungis einkennandi blær heildarverksins sem getur sagt til um hvort hið rómantíska *Schule der Empfindsamkeit* eða það lágstemmda *Lehrjahre des Herzens* bjóði upp á hið ákjósanlega jafngildi.
6. Og sem lokadæmi, í litla safnritinu *Alemania* eftir Julio Camba (1947, bls. 20) hefst grein sem nefnist „Las ideas alemanas“ („Þýskar hugmyndir“) á orðunum „Cuando Cándido llega al país de Eldorado, se encuentra a unos chicos que

juegan en medio de la calle con brillantes y turquesas de tamaño descomunal“ („Þegar Birtingur kom til landsins Eldorado hitti hann fyrir börn úti á götu sem léku sér að gríðarstórum gimsteinum og túrkíseðalsteinum“). Venjuleg þýðingar- aðferð myndi stinga upp á tveimur hugsanlegum jafngildum fyrir nafnið „Cándido“: Annaðhvort mætti halda hinni spænsku mynd nafnsins í þýska textanum (ef það er nafn Spánverja, væri það ákjósanlegra; Don Juan Tenorio yrði ekki Herr Johannes Tenor), eða að þýska mynd nafnsins „Candidus“ gæti nýst. Hins vegar leggur stórsamhengið til í þessu tilviki þriðja hugsanlega jafngildið. Í næstu efnisgrein (ellefu línun neðar) er málsgreinin, „Heine recuerda esta página de Voltaire a propósito de las ideas alemanas“ („Heine minnst þessarar blaðsíðu hjá Voltaire með tilvísun í þýskar hugmyndir“). Þetta sýnir að þegar Camba minnst á „Cándido“ hefur hann í huga skáldsöguna *Candide* eftir Voltaire. Þetta útilokar alveg möguleikann á því að halda hinni spænsku mynd nafnsins í þýsku þýðingunni. Eins væri hægt að réttlæta þýsku myndina „Candidus“ með þeirri staðreynd að spænski höfundurinn hafði umbreytt franska nafninu í spænska mynd. En að samþykka hina frönsku mynd nafnsins „Candide“ væri ákjósanlega lausnin, sökum þess að menntaðir þýskir lesendur væru a.m.k. kunnugir titli skáldsögu Voltaires.⁹³

En þar sem við erum sérstaklega að fjalla um mat á þýðingarefni, textum á föstu, rituðu formi, ættu allir dómar sem taka til þess hversu virkur merkingarfræðilegi hlutinn sé, að gera ráð fyrir þeirri staðreynd að ýmsar „merkingar“ koma ekki skýrt fram í textanum. Það getur verið mikilvægt í túlkun á samtali hvort þýðandinn grípi rétta hljómfallið í orðatiltæki, en það fer þó eftir því úr hvaða tungumáli er þýtt. Þannig væri „Llegas tarde“ sagt öðruvísi sem jafngildi þess þýska „du kommst aber spät!“ („Þú ert seinn!“ sagt ávítandi), eða „du kommst zu spät“ („Þú ert of seinn“ sem einföld staðhæfing).⁹⁴ Stundum auðkennir áherslan einfaldlega *aðalatriði* í staðhæfingu og þetta er hægt að setja skýrt fram með haganlegri skipan orðaraðar.

⁹³ Sjá einnig F. Güttinger (1963: 118, og áfram, 120) og E. A. Nida (1964: 243). Það sem Nida kallar „lexico-grammatical features of the immediate unit“ samsvarar heiti okkar „örsamhengi“, og það sem hann nefnir „discourse context“ er „stórsamhengi“ okkar.

⁹⁴ Í þýsku er mögulegt að gefa til kynna hljómfall með viðbótarorðum, sjá hluta 1 að framan. Gott enskt-þýskt dæmi er að finna hjá F. Güttinger (1963: 148): „Thou wilt not murder me?“ segir drottningin við Hamlet. A. W. von Schlegel þýðir, „Du willst mich *doch* nicht morden?“ vegna þess að þetta er ekki spurning með opnu svari. Svárið sem búist er við er tjáð á ensku með hljómfalli þess sem talar og í þýskri þýðingu er það gefið til kynna með viðbótarorðinu.

3.2 Leskvæðu þættirnir

Ef fullt jafngildi við frumtextann er mælikvarðinn sem dæma á merkingarfræðilega þætti marktíðans eftir, verður viðmiðunin fyrir *leskvæðu* þættina að vera *nægileg*. Eins konar bókstafsnákvæmni eins og á spegilmynd (þýtt orð fyrir orð), sem gjarnan er krafist í markmálinu, getur ekki þjónað sem hlutlægur mælikvarði því að orðaforði tveggja tungumála (með sínum mismun á formgerð og hugtökum) getur einfaldlega ekki verið fullkomlega samsvarandi.⁹⁵ Því verður gagnrýnandinn að ákvarða hvort þættir frumtextans hafi verið fluttir yfir í markmálið á fullnægjandi hátt á leskvæða stiginu. Þetta felur í sér að kanna hvort þýðandinn hafi sýnt færni í að eiga við tæknilega íðorðafræði og sérstakar málvenjur (Pelster, 1966: 63, og áfram, einkum 78; Güttinger, 1963: 195, og áfram), „falska vini,“ samhljóma orð, óþýðanleg orð (Mounin, 1967: 62 og áfram; Koschmieder, 1955), nöfn⁹⁶ og myndlíkingar, orðaleiki, málvenjubundna notkun og málshætti,⁹⁷ o.s.frv. Að sjálfsögðu ætti í öllum slíkum rannsóknum að taka tillit til viðkomandi skilyrða ólíkra textategunda.⁹⁸

Til dæmis, mætti líta svo á að í innihaldsmiðuðum texta megi segja að myndlíking sé þýdd á fullnægjandi hátt sé hún sýnd á markmálinu með tjáningu sem hefur sama merkingarfræðilega gildið, þó svo að það sé ekki með myndlíkingu eða sambærilegri ímynd. Hins vegar myndi formmiðaður texti krefjast þess, hvort sem myndlíkingin er hefðbundin eða ný sköpun höfundar, að sýna hana á markmálinu með jafn málvenjubundinni myndlíkingu með áþekku gildi eða mikilvægi,⁹⁹ hvort sem

⁹⁵ Sjá U. von Wilamowitz-Moellendorff (1963: 144): „... í rauninni, getum við nær aldrei þýtt einstakt orð, vegna þess að burtséð frá tæknilegri íðorðafræði, hafa engin tvö orð í ólíkum tungumálum nákvæmlega sömu merkingu.“

⁹⁶ Sjá hér meðal annarra, F. Güttinger (1963: 76, og áfram).

⁹⁷ Til að sjá þetta meðal leskvæðra þátta, sjá E. A. Nida (1964: 95). Spænsk-þýsk dæmi má sjá hjá E. A. Seibel (1963: 11, og áfram).

⁹⁸ Þessi hlið er ekki nægilega mikils metin hjá O. Blixen (1954: 38, og áfram) í umfjöllun hans um vandamál í þýðingum með tilliti til málvenjubundinnar notkunar og málshátta. Andstætt þessu setur R. Kloepfer (1967: 93) fram nokkrar frábærar athugasemdir, einkum fyrir áhrifsmiðaða textann – þó svo að hann ræði þá ekki sem slíka.

⁹⁹ Til að mynda (A. Malblanc, 1961: 330): „D’abord la surprise *cloua* sur place“ („Fyrst stóð hann stjarfur af undrun“) = „Dennoch blich er vor Überraschung wie *angewurzelt* stehen“ („Hann stóð sem límdur við gólfíð af undrun“). Eða „Quel bon *vent* vous amène!“ („Hvaða góði vindur bar þig hingað!“) = „Welch guter Stern hat Sie denn hergeführt!“ (Hvaða *heillastjarna* leiddi þig hingað!“). Eða (D. Murray, 1968: 54): „Bodidioms was now an *old hand* at writing political articles“ = B. war jetzt schon ein *alter Hase* ..., (B. var nú *gamall refur* ...“); en í innihaldsmiðuðum texta myndi annaðhvort „reyndur“ eða „vanur“ ná máli sem fullnægjandi. Á sama hátt, „We are likely to have our hands full“ = „Wir werden *alle Hände voll zu tun haben*“ („Við verðum önnur kafin“) væri hægt að snúa í innihaldsmiðuðum texta sem „sehr viel zu tun“ („hafa mikið að gera“). Það eru ekki orð myndlíkingarinnar, heldur merkingarfræðilegt gildi myndlíkingarinnar sem þýða skal (E. A. Nida, 1964: 94), og eins með málvenjubundna tjáningu, er það mikilvægið í viðkomandi tungumálum þeirra sem verður að reikna með. Sjá einnig F. Güttinger (1963: 64).

hefðbundin myndlíking er fyrir hendi eða skapa verður nýja. Þessi krafa er ekki eins erfið og virst gæti við fyrstu sýn. Með tilvísun í H. Weinrich, F. Vonesen og F. Schelling, segir Rolf Kloepfer (1967: 116) að „því djarfari og frjálssari sem hugsunin er, því sértækari er myndlíkingin, því auðveldara er að tjá hana á öðru tungumáli. ‘Vestræn tungumál deila hvorki sameiginlegri myndmálshefð’ né röðum af áþreifanlegum ímyndum með öllu mannkyni, heldur frekar ákveðinni mannlegri ‘formgerð ímyndunarafis’ – hvort sem eru leikhljóð eða táknskilningur – þar sem skapandi andi mannsins getur gert sér í hugarlund ímyndir með fruminnisæi.“ Þetta á einnig við um viðmiðun fyrir áhrifssmiðaða- og hljóð- og miðlunarmiðaða texta. Hið sama gildir um málvenjubundna notkun og málshætti.

Af orðaleikjum má sjá annað dæmi um þetta vandamál. Orðaleikjum á leskvæða stiginu þarf ekki að líkja eftir í textum sem eru innihaldsmiðaðir nema svo vilji til, að það finnist nálægar hliðstæður.¹⁰⁰ Í formmiðuðum texta ætti að sýna hann með einhvers konar hliðstæðri samsetningu, í sama kafla ef mögulegt er, einkum og sér í lagi ef einhver vísun er til hans síðar í sama texta. Að öðrum kosti væri hægt að kynna svipaðan orðaleik í öðrum kafla, sem þægilegra er að laga að markmálinu.

3.3 Málfræðilegu þættirnir

Mat á þýðingu með tilliti til *málfræðilegra* þátta verður að stjórnast af viðmiðinu *nákvæmni*, og það að tvennu leyti. Vegna þeirrar staðreyndar að mismunurinn á milli málfræðikerfa tungumála er oft allmikill, eru það orðhluta- og setningafræði markmálsins sem greinilega verðskulda forgang, nema það sé einhver yfirsterkari þáttur, annaðhvort í eðli textans¹⁰¹ eða einhverjar sérstakar aðstæður.¹⁰² Að öðru leyti er málfræðilegri nákvæmni fullnægt ef þýðingin fylgir notkun markmálsins, og ef merkingarfræðilegu og stílrænu hliðarnar á málfræðilegri gerð frummálsins hafa skilist og komist nægilega vel til skila.

„Nægilega“ merkir ekki einfaldlega svipaða tjáningu, enda þótt að í náskyldum tungumálum vestrænnar menningar sé það gjarnan tilfellið. Stílræn íhugunarefni eða staða málfræðilegs þáttar í almennri notkun geta oft leyft einfalda skiptingu (bókstafleg upptaka á málfræðilegu formi) í markmálinu sem hugsanlegt

¹⁰⁰ Það er að segja, nema merking alls kaflans velti á orðaleiknum. Í því tilviki ætti að vera útskýring neðanmáls (A. E. Nida, 1964: 195).

¹⁰¹ Til að mynda, þegar þýða á verk þar sem málfræðistaðlar eru hafðir að engu og mörk umburðarlyndis eru fram úr hófi eftirlát.

¹⁰² Til dæmis, tilgangur þýðingarinnar, eins og í athugasemdum milli lína hjá nemendum.

jafngildi, *ákjósanlega* jafngildið mun iðulega þurfa víxlun (breytingu á hinum formlegu, málfræðilegu og setningafræðilegu þáttum).

Með tilliti til munnlegra þátta, hefur spænka, sem og franska og enska, þróað auðug afbrigði af umorðuðum formum sem sýna bæði sjónarmið.

1. Stílræni þátturinn

Við þýðingu á spænsku málsgreininni „Solía madrugar“ (soler + nafnháttur fyrir tíðavirkni) væri það að miklu leyti rétt í þýsku að segja „Er pfl egte sich sehr früh zu erheben“ („Hann var vanur að fara snemma á fætur“), og jafn rétt að segja „Er stand immer sehr früh auf“ („Hann fór alltaf snemma á fætur“). Fyrri jafngildið væri ákjósanlega jafngildið í formlegum stíl, en það síðara í hversdagsstíl.

Sama er að segja um málsgreinina „Las rosas comenzaron a florecer“ (comenzar a + nafnháttur fyrir áhrifslausa aðgerð. Jafngildin í þýsku væru „Die Rosen erblühten“ („Rósirnar sprungu út,“ formlegur stíl); „Die Rosen begannen zu blühen“ („Rósirnar eru teknar að blómgast“, hversdagsstíl).

Á svipaðan hátt með „Elle ne cessait de poser des questions“ (Wandruszka, 1969: 346). Rétt þýsk þýðing væri „Sie hörte nicht auf, Fragen zu stellen“ („Hún hætti ekki að spyrja spurninga“). Álíka rétt þýðing væri „Sie fragte unaufhörlich“ („Hún spurði linnulaust“). Fyrri lausnin endurspeglar notkun á mæltu máli en sú síðari á rituðu máli.

Ensku málsgreininni „The German Empire has ceased to exist“ (W. Friedrich, 1969: 57) má snúa sem „Das Reich hat aufgehört zu bestehen“ (bókstafleg þýðing), en einnig álíka rétt „Das Reich besteht nicht mehr“ („Keisaradæmið er liðið undir lok). Vafalaust endurómar munnlega umorðunin líkt og yfirlýsing, endurspeglar íburðarmeiri stíl en hversdagslegi atviksliðurinn.

2. Málvenjubátturinn.

Raunar er það ekki áberandi skortur á almennum atviksorðum í spænsku sem leitt hefur til einstaklega þróaðs kerfis umorðunar í mæltu máli (Criado de Val, 1962: 103). Almenn, þ.e.a.s. í flestum tungumálum – og einnig í spænsku í grundvallaratriðum – er atviksorðið notað til þess að skilgreina virkni sagnorðs (Dietrich, 1955: 25). Enda þótt spænskan hafi tilhneigingu til að hallast að umorðun, er tilhneiging þýskunnar í átt að atviksorðum ákveðnari (Bausch, 1963: 208). Af sjónarhóli málnotkunar væri ákjósanlega jafngildið fyrir spænsku málsgreinina

„Continuó buscando el libro“ ekki „Er *fuhr fort*, das Buch zu suchen“ („Hann hélt áfram að leita að bókinni“), heldur „Er suchte *weiter* nach dem Buch“ („Hann leitaði *áfram* að bókinni“).

Það sama á við um spænskar samsetningar sem birta ófullkomna aðgerð. Hugsanlegt jafngildi fyrir spænsku „Don Pascual se contenta con preguntarle por el camino“ gæti verið „Don Pascual *begnügt sich damit*, ihn nach dem Weg zu fragen“ („Don Pascual *er sáttur* við að spyrja hann til vegar“). En það málvenjubundnara, og þar af leiðandi ákjósanlegra jafngildi væri „Don Pascual fragt ihn *lediglich* nach dem Weg“ („Don Pascual spurði hann *einungis* til vegar“).

Þátturinn sem snýr að málvenju verður enn mikilvægari fyrir þýðingu þegar ekki er fyrir hendi hentug og sambærileg tjáning til þess að þjóna sem hugsanlegt jafngildi, og einhvers konar formgerðaraðlögun er nauðsynleg til að komast hjá óþarfa álagi í markmálinu, líkt og í eftirfarandi þýskum jafngildum enskra og franska orða-tiltækja: „Lach nicht *andauernd*“ (bókstaflega „Ekki hlægja *sífell*“) fyrir „Don't keep laughing;“ „Er erschien *nicht*“ („Hann mætti *ekki*“) fyrir „He failed to appear;“ „Du brauchst unbedingt Hilfe“ („Þú þarfnast *skilyrðislaust* hjálpar“) fyrir „You are certain to need help“ (dæmi frá W. Friedrich, 1969: 57, og áfram); „Mein Bruder ist *eben* ausgegangen“ („Bróðir minn var *rétt* að fara út“) fyrir „mon frère *vient de sortir*“ („bróðir minn var *rétt* að fara;“ bókstaflega „... *kemur frá* að fara“); „Beinahe wäre ich nicht zurückgekommen“ („Það *munaði minnstu* að ég kæmi ekki til baka“) fyrir „j'ai failli ne pas revenir“ (bók-staflega „Ég *saknaði þess* að koma ekki til baka“); „Du wirst es bald genug sehen“ („Þú munt sjá það nógu fljótt“) fyrir „tu *ne tarderas pas* à le découvrir“ (bókstaflega „þér mun ekki seinka við að uppgötva það“)? (Wandruszka, 1969: 336 og áfram.).

Hér verður á ný að gefa nægilegan gaum að kröfum málnotkunar, eins og nefnt hefur verið að framan. Samkvæmt því, þegar verið er að þýða úr þýsku á frönsku eða spænsku, þarf ekki að halda í sérhverja þolmynd, því að þessi tungumál hafa einnig þolmynd. Eins oft og tók eru á, ætti að nota germynd sökum þess að franska og spænska kjósa germynd.¹⁰³

¹⁰³ Sjá A. Malblanc (1961: 230), „En premier lieu l'allemand fait un emploi plus grand de la voix passive que le français, qui *préfère* la voix active.“ Einnig M. Criado de Val (1962: 102, og áfram), „... lo verdaderamente peculiar de la passiva alemana es la frecuencia de su uso, que contrasta con la decadencia, cada vez mayor de esta forma en las lenguas románicas, y sobre todas ellas en el español.“ (Skáletri bætt við).

Ofangreind dæmi sem við höfum íhugað sýna að það er mikilvægt, ef ekki algjört frumskilyrði, að gera sér ljósa stöðu og fíngerða undirtóna málfræðilegra þátta í frummálinu. Eins og Lessing (1879: 11) sagði, „of vandvirknisleg trúmennska mun hafa vandræðaleg áhrif á þýðingu, því að ekki mun allt sem náttúrulegt er í einu tungumáli verða jafn náttúrulegt í öðru.“

3. 4 Stílrænu þættirnir

Á sviði þess stílræna verður gagnrýnandinn að ákveða hvort textinn á markmálinu sýni fullt *samræmi*.¹⁰⁴ Það áhugaverðasta hér er hvort þýðingin taki nægilegt tillit til þess mismunar á því sem er úr talmáli og hefðbundinni eða formlegri notkun, sem sjá má í frumritinu (líkt og með aðra leskvæða þætti, alltaf undir textategundinni komið), og hvort munurinn á málstígnum í tungumálunum tveimur sé í raun sambærilegur.¹⁰⁵ Það ætti að ákvarða hvort þýðingin tekur með í dæmið stílræna þætti frumtextans með hliðsjón af hefð- og einstaklingsbundinni notkun, sem og samtímanotkun, og hvort að í sérstökum stílrænum efnum víki skapandi tjáning höfundarins frá eðlilegri málnotkun. Í hefðbundinni þýsku er að finna stílræna reglu um fjölbreytni. Ef höfundur endurtekur sífellt sérstakt orðatiltæki til þess að ná fram ákveðnum fagurfræðilegum áhrifum, stendur reglan um fjölbreytni gegn ætlun þessa sérstaka stíls.¹⁰⁶

Þessi síðustu viðmið fá sérstakt vægi þegar dæma á þýðingu á form- og áhrifsmiðuðum textum.¹⁰⁷ Blandan, eða ósamkvæmni í stíl frumtextans, ætti a.m.k. að koma

¹⁰⁴ Í þessu samhengi skiljum við „stíl“ ekki þeim þrönga skilningi sem R. Kloefer (1967: 85) gengur út frá þegar hann tekur fram að „þýðing er einungis bókstafleg hafi hún stíl“, heldur í hinum nútímalega og breiðari skilningi á hugtakinu sem undirskilinn er í verki Ballys, sem lítur svo á að stíll vísi til „valkostar á meðal þátta og forma sem standa til boða í tungumáli.“

¹⁰⁵ Sjá E. A. Seibel (1963: 14): „Hér verðum við að spyrja hvort það sé skýr greinarmunur í spænsku á milli hefðbundna tungumálsins og talmáls. Líklega væri hægt að fullyrða að munurinn sé á reiki og að það sé ekkert hefðbundið tungumál sem hægt sé að skilgreina og bera saman við algenga, alþýðlega og svæðisbundna notkun eins og raunin er t.a.m. í Englandi.“

¹⁰⁶ Sjá C. Hoepfener (1953: 53, og áfram): „Í fyrsta kafla *Little Dorrit* lýsir Dickens sumardegi í Marseille, mynd af borg brennandi undir logandi sól, starandi á funheitan himininn sem starir til baka, með sína starandi hvítu vegg, sín starandi hvítu stræti, o.s.frv. Þessi allsherjar „stara“ sem olli verk í augum er endurtekin svo oft á blaðsíðunni – einum tuttugu sinnum – vekur með lesandanum hinn sama óþolandi verk og íbúar Marseille fundu fyrir þennan brennandi dag í hvítu starandi borginni Þýðandinn getur ekki fækkað tuttugu sinnum niður í aðeins tvisvar sinnum án þess að brjóta á stíl höfundarins, á auðkennandi málnotkun hans.“

¹⁰⁷ Sjá O. Blixen (1954: 20, og áfram): „En cambio los problemas estilísticos se darán normalmente en la traducción literaria, y puede afirmarse como regla que su importancia estará en razón directa de la peculiaridad del lengua del escribe, y, además del realce que en la obra orginal tenga la forma externa, es decir, la expresión, frente al contenido.“ („Á hinn bóginn, er stílræn vandamál yfirleitt að finna í bókmenntaþýðingum og það má segja að það sé regla að þýðing þeirra sé í beinu sambandi við í hversu

fram í þýðingu þessara tveggja textategunda, hvort sem höfundurinn nýtir þau viljandi (ef til vill sem lýðskrum) til að ná fram áhrifum, eða að það er raunveruleg villa í frumtextanum.¹⁰⁸ Á þessum stað, ættum við að ræða þýðingavandamál sem skiptir jafnt þýðendum sem gagnrýnendum í hópa: Hvort eigi að „endurbæta“ frumtexta. Við að skera úr um þessa spurningu, skiptir aftur máli að íhuga textategundina. Í innihaldsmiðuðum texta er alltaf viðeigandi að útrýma augljósum villum og bæta upp fyrir stílræna galla.¹⁰⁹ Hinsvegar, í formmiðuðum texta, ætti ekki að líta fram hjá stílrænum eða öðrum göllum „í anda bróðurkærleika“ líkt og Güttinger (1963: 107) ráðleggur, enda þótt hann vari við því annars staðar að „þýðandinn verður að geta staðist þá freistingu að skýra og bæta frumtextann“. Í svipuðum skilningi styður Walter Widmer (1959: 82) það sjónarmið að þýðandanum sé skylt að gefa skýra mynd af frumtextanum. Þó stangast þessi skoðun á við þá grundvallarreglu sem Wilhelm von Humbolt (1963: 84) setti fram um að „...þar sem frumtextinn stingur upp á, þó án þess að tilgreina beint, þar sem hann notar myndlíkingu sem ekki er augljóst hvaða gildi hefur, eða þar sem hann sleppir umskiptaatriði sem er lesandanum nauðsynlegt, væri það ósanngjarnt af þýðandanum að láta í té, af eigin geðþótta, skýrleikastig sem ekki er að finna í textanum.“ Þessi regla ætti að gilda um allar hliðar allra formmiðaðra texta. Sennilega hefur A. W. von Schlegel (1846: 228) haft A. Fraser Tytler í huga þegar hann heldur því fram að „jafnvel óheppileg stílræn einkenni“ ber að varðveita „í ljóðapýðingum“.

En hvernig sem fer, munu þýðendur að öllum líkindum viðurkenna þá grundvallarreglu að gagnrýnendur ættu að líta á það sem sjálfsagt skilyrði að fella aldrei dóm án þess að leita fyrst ráðgjafar í frumritinu. Það hefur lengi verið viðtekin venja meðal ýmissa sem segjast vera þýðingarýnar, að kanna einungis þýddu útgáfuna og að áfella þýðandann í stað höfundarins þegar þýðandinn hefur af trúmennsku endurskapað alla galla í frumtextanum.

ríkum mæli mál höfundarins er auðkennandi, eða að hve miklu leyti það víkur frá hefðbundinni málnotkun, og enn frekar, sambandinu í frumritinu á milli ytri forma, þ.e.a.s. orðatiltækjanna við innihaldið.“

¹⁰⁸ Sjá T. Pelster (1966: 90): „Algengt er að ræðumaður noti óvænt (eða ósamkvæmt) orðatiltæki viljandi til þess að vekja athygli hlustandans. Í slíkum tilvikum er engin spurning um ófullkomna notkun“ - hvorki í frumritinu né í þýðingu þess. Þvert á móti, er þýðandi sem „leiðréttir“ ósamkvæmnina sökum þess að hún þykir móðgandi, er sekur um að hunsa þarfir áhrifsmiðaða textans.

¹⁰⁹ Sjá R. Jumpelt (1961: 39): „Andstætt við þýðingar á *belles-lettres*, sem ættu að vera að meira eða minna leyti óaðfinnanlegar, eru sérstök skilyrði í þýðingum í náttúruvísindum þar sem leiðréttar verður formgalla“ (og Jumpelt bendir á að í þessari textategund eru þeir afar algengir).

3.5 Leskvæðir þættir sem leskvæður flokkur fyrir þýðingaryni

Einungis sannur skilningur og túlkun á merkingarfræðilegum, leskvæðum, málfræðilegum og stílrænum þáttum texta getur varðveitt merkingu frumtextans í markmálinu. Og það er einmitt hér sem meginvandi þýðingar á milli náttúrulegra tungumála er skilgreindur (Oettinger, 1963, bls. 436). Gagnrýnandinn verður að rannsaka þýðinguna með tilliti til sérhvers þessara leskvæðu þátta, merkingarþættina fyrir jafngildi, leskvæðu þættina fyrir nægjanleika, málfræðiþættina fyrir nákvæmni og stílrænu þættina fyrir samræmi. Að því verður að gæta hvernig hver þessara þátta tengist, ekki aðeins hver öðrum, heldur einnig kröfum textategundarinnar. Annars vegar eru þessir þættir ekki sjálfstæðar einingar;¹¹⁰ en hins vegar er gildi þeirra misjafnt í ýmsum textategundum. Í innihaldsmiðuðum textum hafa bæði merkingarfræði orða (leskvæði þátturinn) og merkingarfræði setninga (málfræðilegi þátturinn) forgang, en í form- og áhrifsmiðuðum textum eru hinir hljóðfræði-, setningafræðilegu og leskvæðu þættir sérlega mikilvægir.

Líkt og að tegund texta er traust leiðsögn þegar velja skal fullnægjandi þýðingaraðferð, þá ákveður gerð texta yfirleitt í hvaða röð eigi að íhuga leskvæðu þættina. Í innihaldsmiðuðum textum, til að mynda, þýddi þetta að merkingarfræðilegi þátturinn hefði forgang í öllum gerðum texta. Í skýrslu myndi málfræðiþátturinn fylgja, en í tæknilegu verki kæmi leskvæði þátturinn rétt á eftir í öðru sæti, og í verki um alþýðuvísindi hefðu merkingar- og stílfraðilegu (einstaklingsbundinn stíll) þættirnir forgang fram yfir leskvæða og málfræðilega þætti til þess að finna jafngildi í markmálinu. Aðrar textategundir myndu sýna sambærileg raðmunstur.

4. Óyrtir ákvæðisþættir

Gagnrýnandinn má ekki gleyma því að dómar á jafngildi, sem valin eru í þýdda textann fyrir málþætti frumtextans, munu óhjákvæmilega verða ófullnægjandi ef óyrtir ákvæðisþættir, sem hafa gagngerð áhrif á bæði form frumtextans og þýðinguna á markmálinu, eru ekki teknir til athugunar. Það eru einmitt þau sem gjarnan skipta

¹¹⁰ T.a.m. er til merkingarfræði orða, setningarfræði og stíls, rétt eins og að „stílræna kerfið í tungumáli getur fundið tjáningu í hljóðfræðilegum, sem og málfræðilegum og leskvæðum merkingarformum“ (Kade, 1964: 145), athugasemd sem endurtekið hefur komið fram í dæmunum hér að framan.

öllu máli í því hvort jafngildi er ákjósanlegt eða einungis hugsanlegt. En við hvað er átt með óyrtum ákvæðisþáttum?

Til þeirra telst vítt svið utanmálsþátta sem gera höfundinum kleift að velja sérstaklega úr úrvali meðala sem kostur er á í móðurmáli hans, sem ekki aðeins væru skiljanleg lesanda eða hlustanda, en myndu við ákveðnar kringumstæður leyfa honum að líta fram hjá ákveðnum leskvæðum meðulum, en samt skiljast hjá einstaklingum í hans málsamfélagi. Með því að allir þessir þættir hafa áhrif á leskvætt form textans, eru þeir nefndir óyrtir *ákvæðisþættir*.

Til dæmis verða valkostir spænsks höfundar við að gefa til kynna orsakasamband eins og aukasetningu, nafnháttarsetningargerð eða atvikslið, eftir sem áður spurning um (leskvæðan) stíl. Leskvæðu (þ.e.a.s. málfræðilegu og stílrænu) þættirnir benda þýðand-anum á hvernig finna eigi ákjósanleg jafngildi. Hvort spænski höfundurinn velur orðið „copa“ eða „vaso“ í sérstöku tilviki, byggist á aðstæðum, þ.e.a.s. á óyrtum þætti: Ef drekka á minni einhvers verður valið „copa“ (vínklas), en ef beðið er um vatn verður það „vaso“ (venjulegt vatnsglas). Spurningin um tíma getur skipt máli á svipaðan hátt við val á orðum, líkt og með málvenju um fulltrúa á spænska þinginu. Með vísan til tímabils Annars Lýðveldisins (1931-1936) væri orðið „diputado,“ en eftir borgarastyrjöldina (eftir 1939) væri heitið „procurador (en Cortes).“ Güttinger (1963: 118, og áfram) vísar til jafnvel enn flóknara dæmis: Hvort þýða eigi enska orðið „dinner“ sem hádegismáltíð, kvöldmáltíð eða eitthvað annað, byggist algjörlega á spurningu um tíma. Orðið vísaði upphaflega til hádegisverðarins en nú á dögum er það venjulega kvöldverðurinn, en á fyrri helmingi átjándu aldar taldist það við hæfi að bera aðalmáltíðina fram síðdegis (um 4 eða 5).

Óyrtir ákvæðisþættir taka til utanmálsaðstæðna sem áhrif hafa á leskvæð form. Eins og Harald Weinrich (1966: 19) tók fram í öðru samhengi: „Orð tilheyra setningum, textum og aðstæðum.“ Með því að beita þessari fullyrðingu í íðorðafræði okkar, eru „setningar“ örsamhengið, „textar“ eru stórsamhengið og „aðstæður“ eru þeir utanmálsþættir sem í þessum skilningi mynda *aðstæðusamhengið*. Þessi heiti draga saman það sem E. A. Nida (1964: 243) kallar annars vegar „communicative context“ (= circumstances involved in the original communication, including such matters as time, place, author, audience, intent), og hins vegar „cultural context of the source language“.

Georges Mounin (1967: 120) var velti fyrir sér vandamálinu um óyrta ákvæðisþætti (án þess að nota heitið), þó einvörðungu í sambandi við

„bókmenntaþýðingar“. Hann skrifaði: „... þótt það láti samhengið um allar þær upplýsingar sem eiga rætur að rekja beint til hins ritaða bókmenntatexta, þá ná málvísindin yfir öll landfræði-, sögu- og menningarlegu gögn sem eru *ekki alltaf* tjáð munnlega og eru þó nauðsynleg til þess að fullnægjandi þýðing fái á merkingu tjáningarinnar“ (skáletri bætt við). Hann dregur síðan eftirfarandi ályktun: „Nú merkir þýðing ekki einfaldlega það að beina athyglinni að formgerð og málvísindalegri merkingu textans, leskvæðu og setningarfræðilegu innihaldi hans, heldur fremur að heildarmerkingu fullyrðingarinnar, þar með talið umhverfi hennar, öld, menningu, og ef nauðsyn krefur, að þeirri siðmenningu sem gat hana af sér“ (bls. 121).

Með hliðsjón af því hversu flóknir málvísindalegir þættir eru, virðast allar tilraunir til að flokka þá í þágu þýðingar eða þýðingarýni í landfræði-, sögu-, félags- og menningarlega flokka, vera allt of óljósar. Þar af leiðandi ættum við að gera tilraun til að endurbæta núverandi skilning á aðstæðubundnu samhengi, eins og Nida og Mounin setja það fram, og þróa það frekar. Í þessum tilgangi munum við á næstu blaðsíðum fjalla um óyrta ákvæðisþætti, sem mikilvægir eru fyrir þýðendur og gagnrýnendur þar sem þeir eru tengdir aðstæðum í þröngum skilningi, viðkomandi staðreyndum, stund þeirra og stað, hlustendum, ræðumönnum, og þeim huglægu tengslum sem koma við sögu.

4.1 Milliliðalausar aðstæður

Líkt og þegar hefur verið nefnt, má skilgreina alla óyrta ákvæðisþætti vítt sem samhengisþætti. En þetta er verulega frábrugðið vægi sérstakra, aðstæðubundinna ákvæðisþátta í milliliðalausum samhengi. Eins og að framan er sagt, geta utanmálþættir stöku sinnum leyft höfundum að draga úr, niður í lágmark, málvísindalegt form þeirra boða sem koma á til skila, því að hlustandinn eða lesandinn mun geta lagt sér til það sem vantar upp á aðstæðurnar á sínu eigin tungumáli. Þetta snertir hið milliliðalausum samhengi, ekki verkið í heild (í tæknilegum málvísindaskilningi heitisins *aðstæður* [Mounin, 1967, bls. 120]), heldur einstaka kafla og atvik. Dæmi um það væru innskot, óbeinar tilvísanir (í bókmenntaverk, sögulega atburði, tísku, o.þ.u.l.), styttrar málvenjur úr talmáli (t.a.m., „du kannst mir...!“ [„Þú mátt ...“]), o.s.frv. Slíkar málvenjur er mjög víða að finna í hverfulum samtölum leikrita og skáldsagna. Gagnvart slíkum textum eru þýðendur alveg

hjálpavarna nema þeir geti ímyndað sér sjálfa sig „við aðstæður“ þeirra sem tala. Einungis þannig geta þeir verið í aðstöðu til að finna ákjósanlegt jafngildi í markmálinu, sem gerir lesanda þýðingarinnar kleift að skilja jafnt orðin sem og samhengi þeirra. Gagnrýnendur verða einnig á sama hátt að setja sig „í aðstæðurnar“ til þess að geta dæmt um hvort þýðandinn hafi valið viðeigandi orð, ekki aðeins út frá leskvæðu sjónarmiði heldur einnig merkingarfræðilegu. Það er oft sem örsamhengið eða stórsamhengið nægir ekki eitt og sér.

Brot af samtali úr *El Jarama* eftir Raphael Sánchez Ferlosio (1956: 38) er gott dæmi um þetta. Textinn morar allur af undirtónum og óbeinum tilvísunum. Bókstafsþýðing yrði vandræðaleg, svo ekki sé meira sagt, ef ekki fullkomlega óskiljanleg. Þýðandinn verður ekki aðeins að taka tillit til þess að samtalið hér er á milli ungs manns um tvítugt (þáttur þess sem talar) úr umhverfi miðstéttarsmáborgara í Madríd (staðarþátturinn) og að mál þeirra endurspeglar venjulegt hversdagsmálfar án nokkurs sér máls (leskvæðir og stílrænir þættir). Þess í stað, verður þýðandinn, til þess að skilja merkingarfræðilegt gildi ýmissa styttra málvenja og þar sem gripið er fram í, að ímynda sér eins nákvæmlega og mögulegt er atriðin sem verið er að lýsa, setja sig inn í manngerð og stöðu sérhverrar persónu til þess að finna jafngildi fyrir samspil hálfsgöðra vísbendinga sem á ljóslifandi hátt endurspeglar lífskraft í hinu raunverulega atriði: Heitur sumardagur, tilhlökkun eftir hressandi dýfu í ána, og einnig vaxandi pirringur hjá einum úr hópnum sem hefur fengið sér aðeins of mikið neðan í því.

Í samantekt getum við sagt að milliliðalaust samhengi hafi áhrif á leskvæðar, málfræðilegar og stílrænar hliðar á því formi sem mótast í markmálinu, og hjálpar sem slíkt til við að túlka á viðeigandi máta merkingarfræðilegu þættina sem eru undanskildir í frumtextanum.

4.2 Umfjöllunarefnið

Áhrifamikill þáttur, sem snertir ekki einungis málvísindalegt form frumritsins, heldur einnig þýðingu þess, er umfjöllunarefnið. Sérhver texti útheimtir að þýðandinn sé nægilega vel að sér á hans sviði til þess að geta sett saman þýðingu sem á leskvæðan hátt er nógu góð. *Rem tene*, eins og Cató sagði, og *verba sequentur* [„Þekktu efni þitt, og orðin munu fylgja“]. Þetta á að sjálfsögðu við alla hreinræktaða tæknitexta, þar sem heiti og málvenjur verða að vera í samræmi við viðtekna notkun á markmálinu. En þættir sem varða inntak einskorðast alls ekki við texta sem hafa með sérhæfingu að

gera. Þeir eru algengir í öllum textum þar sem þýðing útheimtir nána þekkingu á efninu. „Þeirrar tækniþekkingar sem þýðandi þarfnast til þess að þýða skáldsögu um skurðlækna, flugmenn og fjármálalífið,“ F. Güttinger (1963: 103), „má afla eftir því sem nauðsyn krefur. En mun meira máli skiptir að ætlast er til að þýðandinn búi yfir alfræðiþekkingu líkt og upplýsingabókavörður. Í hnotskurn: Hvort sem verið er að þýða texta eða meta þýðinguna, er ekki nóg að þekkja orðin – það er nauðsynlegt að vita um hvað orðin snúast (Mounin, 1967: 107). Peter Brang (1963: 419) vitnar í fullkomið dæmi: „Hinn rússneski þýðandi *Mariú Stuart*, sem þekkti orðin ‘Rose’ (‘rós’) og ‘Kranz’ (‘krans’, ‘sveigur’) en ekki ‘Rosenkrenz’ (‘talnaband’), túlkaði sviðsfyrirmæli Schillers þannig að átt væri við ‘rósasveig’ – sem olli því að stjórnendur í mörgum leikhúsum létu kvenhetju sína bera rós í axlar-eða mittislinda.“

Sé tekið saman, bendir allt til þess að bæði þýðandi og rýnir verði að kunna skil inntaki. Eigi að síður eru ákvæðisþættir tengdir inntaki í víðasta skilningi, fyrst og fremst á leskvæða stiginu í markmálinu. Og enn frekar, í þýðingu á tæknilegum texta geta erlend tökuorð verið áberandi sums staðar, að öðrum kosti getur hún átt á hættu að virðast ófagleg.

4.3 Tímaþátturinn

Tímaþátturinn fer venjulega að skipta máli þegar tungumál texta er í nánnum tengslum við ákveðið tímabil. Það hefur auðvitað áhrif á ákvarðanatöku við þýðinguna. Við þýðingu gamalla texta ætti val á orðum, gamaldags formfræði eða setningafræðileg form, val á einstökum líkingum o.s.frv., að vera í sem fyllstu samræmi við málnotkun í frumtextanum. Einkum og sér í lagi vegna þess að tungumálið er lifandi, síbreytileg lífræn heild, mótuð af sérstökum kringumstæðum, sem ættu að endurspeglast í þýðingunni – einkum í form- og áhrifsmiðuðum textum. Þýðing á átjándu aldar texta ætti í grundvallaratriðum að vera aðgreinanleg frá þýðingu tuttugustu aldar texta, jafnvel þótt þýðandinn sé tuttugustu aldar maður. Þetta er ekki gerlegt með því að treysta einvörðungu á þá sérstöku þætti sem einkenna frumtextann, því að í samtímanotkun getur virst sem þeir leiði stundum til gerólíkra jafn ákjósanlegra jafngilda. W. Widmer (1959: 60) gagnrýnir réttilega þýðingu á skáldsögunni *La Cousine Bette* eftir Balzac fyrir að gefa engan gaum að tímaþættinum með því að segja að „auk þess, er það [tungumálið] svo óskammfeilið, hortugt og líflegt að það gæti verið í Berlín um aldamótin fremur en París á fjórða tug nítjándu aldar“.

Tímaþátturinn er einnig mikilvægur fyrir þýðingarýni í öðrum skilningi. Þannig verður þýðing á nítjándu aldar texta, gerð um líkt leyti, ekki dæmd með sömu mælikvörðum og nýlegri þýðing sama texta, vegna þess að tungumál frumtextans gæti verið óbreytt, en markmálið hefur verið að þróast í millitíðinni. Þessir þættir geta verið sérlega þýðingarmiklir fyrir form- og áhrifsmiðaða texta.¹¹¹ Hið kunnuglega fyrirbæri að fyrna þýðingar er hér að verki. Þetta er ástæða þess að þýða þarf hin gömlu, klassísku verk heimsbókmenntanna upp á nýtt af og til.¹¹² Julius Wirl (1958: 74) bendir á önnur áhrif af tímaþættinum: „Framrás í rannsóknum í sagnfræði, textafræði og textarýni getur (í grundvallaratriðum) breytt hefðbundnum skilningi á bókmenntalegu eða ljóðrænu verki, og einnig snert heildaráhrif og sérstök smáatriði í texta.“ Það er boðið upp á fyrirtaks dæmi í hinum fjölmörgu þýðingum á verkum Dantes, einkum í best heppnuðu þýðingunum, sem endurspegla ekki einungis tungumál frumritsins, heldur sýna viðkomandi stig markmála þeirra þegar þær voru þýddar, og sýna ekki síst ýmis hugtök sem tengjast hlutverki þýðinga.¹¹³

Í þessu sambandi ætti að veita athygli einu sjónarmiði til viðbótar, enda þótt að sem flokkur fyrir þýðingarýni ætti að nefna það síðar. Þýðing getur haft sérstakan tilgang sem getur réttlætt það að litið sé fram hjá tímaþættinum. Aðlögun

¹¹¹ Gott dæmi má finna hjá R. Kloepfer (1967: 94, og áfram). Gamanleikur eftir Plátus nær skoplegum áhrifum með því nota vísbendingar úr daglegu lífi, t.a.m. tískusveiflur. Kloepfer gerði hugvittsamlega, og í raun jafngilda, þýðingu á einkennandi hluta af þessum gamanleik sem sýnir „samtímis hversu skammlíf tímabær þýðing á gamanleik getur verið ef henni, líkt og frumritinu, er ætlað að fullnægja tiltekinni stuttri stund“ (bls. 96). Á þýðingu þessari, sem var talin fullkomin fyrir árið 1965 með kjörorðum tímabilsins, yrði nú að gera umtalsverðar breytingar.

¹¹² Sjá E. Tabernig de Pucciarelli (1964: 139): „De esto depende que mientras las obras orginales pertenecen a todos los tiempos y son definitivas, las traducciones son provisorias. En su mayoría son productos históricos y como tales envejecen y necesitan ser renovadas de acuerdo a nuevas exigencias de la sensibilidad, a nuevos intereses intelectuales o estéticos, a una nueva comprensión del orginal.“ („Þetta er ástæða þess að þó að frumverkin séu ævarandi og endanleg, eru þýðingar þeirra bundnar tíma. Flestar þeirra eru sögulegar afurðir og sem slíkar eldast þær og þurfa endurnýjunar við til þess að mæta þörfum nýs tilfinningaræmis, nýjum vitsmuna- og fagurfræðilegum áhuga, og nýjum skilningi á frumtextanum“).

¹¹³ Sjá O. Blixen (1954: 43): „Pero con la traducción sucede otra cosa: ella envejece *siempre*, pues al plasmarse en la lengua de un determinado momento histórico vasa cargando paulatinamente en algunos siglos – no necesariamente muchos – con el peso de toda la tradición idiomática y literaria de esa lengua“ („En hvað þýðingar snertir gerist eitthvað annað: Aldurinn er *óumflýjanlegur*, því að þýðingin er mótuð á tilteknu sögulegu andartaki í tungumálinu, smátt og smátt í áranna rás – stundum hraðar – hún sígur undan þyngd allrar bókmenntalegrar og málvenjubundinnar hefðar tungumálsins“). Samt getum við ekki tekið undir þá skoðun Blixens að frumverk eldist ekki, heldur mistakist því aðeins að falla að *smekk* nýrra tíma. Þessi misskilningur Blixsens stafar líklega af annríki hans með dæmi á latínu. Núna er latína dautt tungumál og heldur ekki áfram að þróast. Lifandi tungumál eru tungumál í þróun og þar af leiðandi eldast allar málafurðir og eru tímasettar, *hvort sem þær eru frumrit eða þýðingar*. Þýðingar geta elst hraðar, einkum ef markmálið breytist hraðar og greinilegar en frummálið. Þetta kallar fram tímabílaþáttinn, sem jafnt og tímaþátturinn getur haft áhrif á þýðingar. Spænska sextánda aldarinnar var þegar fullþroska. Þýskar þýðingar úr spænsku eru vart lesandi nú til dags sökum þess að þýskan hefur þróast á mun víðtækari hátt síðan á sextánda öld en spænskan.

miðháþýskra texta að samtímaþýsku getur verið réttlætanleg sé tilgangurinn að gera þá skiljanlega fyrir nútímalesanda. Á sama hátt gætu fornfranskir textar verið þýddir á þýsku samtímans til að auka skilning nútímalesandans.

Af ofangreindu mætti draga þá ályktun að tímaþátturinn sé sérlega flókinn ákvæðisþáttur og það að taka tillit til hans krefjist háþróaðs tilfinninganæmis, bæði málvísindalegs og stílræns, eftir því um hvaða textategund er að ræða og einnig hver sérstök áhugasvið þýðandans og þýðingarýnisins séu.

Eitt dæmi mun sýna hvernig orð sem er sérlega vel viðeigandi og mælikvarði sem það er dæmt út frá, geta verið breytileg á skömmu tímaskeiði. Í ritdómi (Mager, 1968) um skáldsöguna *La familia de Pascual Duarte* eftir Camilo José Cela (1945), skráir rithöfundurinn undir fyrirsögninni „Breytingar á frumtextanum,“ eftirfarandi kafla: „No obstante, y si *la Providencia* dispone que ...“ („Samt sem áður, ef forsjónin leyfði;“ *Pascual Duarte*, bls. 22) og þýðingin „Wenn es aber *das Schicksal* will, daß ...“ („En ef örlögin fyrirskipuðu,“ Mager [1968], bls. 15, og áfram.). Kvörtun hans yfir þýðingunni á *la Providencia* með *Schicksal* var: „Með fullri virðingu fyrir „frjálsum“ þýðingum, þá gefa þær þýðandanum ekki rétt til að taka trúarlegt hugtak, sem var fyrir Spánverjanum eðlilegt (hvort sem það var meðvitað eða ekki) sökum hans djúpa trúarlega bakgrunns og umbreyta því í orðtak úr „upplýsingunni.“ Enda þótt það gerði það að verkum að lesa mætti þýðinguna líkt og frumtexta á þýsku, ætti lesandinn að vera meðvitaður um að hann væri að eiga við Spánverja,“ (bls. 49-50). Gagnrýnin á í meginatriðum rétt á sér. Í stað *Schicksal* hefði orðið *Himmel* („himinn“) verið betra, en ekki *die Vorsehung* („forsjón“), eins og höfundurinn stakk upp á í samtali. Árið 1949, árið sem þýðingin birtist, hafði orðið *Vorsehung* slíkan dauðahljóm vegna misnotkunar Hitlers á heitinu í mógæsingum, að þýski þýðandinn hefði forðast það væri þess nokkur kostur. Það hefði vakið með þýskum lesanda á árinu 1949 tengingar sem höfðu ekkert með frumtextann að gera og hefði jafngilt rangri þýðingu. Þýðingarýnirinn hefur greinilega aldrei hugsað út í það að þessi tímaþáttur skipti máli fyrir textann á markmálinu.¹¹⁴

Dæmin hér að framan gera það alveg skýrt að rýnirinn á alltaf að íhuga mjög vandlega hvaða valkosti þýðandinn gæti hafa vegið og metið, aðra en þá augljósu. Þetta getur einnig stuðlað að því að breyta neikvæðri gagnrýni í hlutlægan dóm.

¹¹⁴ Annað gott dæmi má finna hjá G. Mounin, 1967: 141): Merimée endurskrifaði heilan kafla í þýðingu sinni á broti eftir Gogol til þess að komast hjá því að nota orðið „démolition,“ sökum þess að eyðileggingin sem átti sér stað í París á hans dögum gaf því illan hljóm.

4. 4 Staðarþátturinn

Staðarþátturinn getur jafnvel valdið þýðandanum enn meiri vanda sem úrslitaatriði en tímabátturinn. Staðarþættir fela fyrst og fremst í sér allar staðreyndir og sérkenni lands og menningar frummálsins, og enn fremur allar tengingar við sögu sviðið þar sem atburðarásin sem lýst er á sér stað. Það er sérlega vandasamt að þýða á markmál sem skortir sams konar staði, reyna að lýsa hlutum sem eru fyrir utan svið ímyndunar þeirra sem tala málið. Þótt ekki beri að gera lítið úr þeim vanda sem þetta hefur í för með sér fyrir þýðingar, má samt sem áður halda því fram gegn Ortega y Gasset (1937: 20, og áfram), að vandkvæði af þessari gerð gera þýðingar ekki að útópískum æfingum, einkum þegar tungumálin tvö deila sömu menningu (Reiß, 1968: 377, og áfram, athugasemd 13). Og þar að auki, dregur úr þessum erfiðleikum dag frá degi, þökk sé fjölbreytileika umhverfisins. Ortega tekur sem dæmi spænska orðið *bosque* („skógur“) og þýska orðið *Wald* („skógur“ – lítill), og bendir á hversu mikill munur sé á þeim veruleika sem þessi tvö orð standa fyrir, andrúmsloft þeirra og þær ósjálfráðu tengingar sem þau vekja, og á samsvarandi hátt hugtökin sem þau tákna hvert um sig fyrir Spánverja og Þjóðverja. Vafalaust skortir þessi heiti sameiginlega samkvæmni ímyndar, tilfinningalegs blæs og tenginga. En hæfur þýðandi sem kunnugur er landinu, getur áætlað merkinguna mun nákvæmar með því að einbeita sér að einkennum staða, þ.e.a.s. með því að þýða ekki orðin, heldur veruleikann sem þau standa fyrir. Með tilliti til þessa, verður gagnrýnandinn að vera fær um að skilja ástæður þýðandans ef hann á að leggja næga áherslu á áhrif staðarþátta. Að sjálfsgöðu kæmi það þeim til góða, jafnt þýðanda sem þýðingarýni, að vera persónulega kunnugir þeim stöðum sem um ræðir. Þýðandinn gæti meðhöndlað dæmið sem hér er tekið af spænska orðinu *bosque* með því að þýða það, allt eftir samhengi og stíl kaflans, sem *Wald*, *Wäldchen* („kjarr“), *Hain* („lundur“), *Gehölz* („kjarrskógur“), o.s.frv., eða afturábak, hið þýska *Wald* væri hægt að þýða sem *monte* („skóglendi“), *soto* („lundur“), o.s.frv. Þó að lokum, er það sem líta má á sem tjáskiptaveilu¹¹⁵ í raun ekki þýðingavandamál, heldur frekar alhliða mannlegt vandamál sem snertir tjáskipti

¹¹⁵ Sjá E. Cary (1963: 393): Vissulega eru tjáskipti ... aldrei fullkomin. Margt tapast í ferlinu, og þetta á jafnt við um prentaða blaðsíðu þýðingar og erlenda landið sem verið er að lýsa, eða þá fjarlægju fortíð sem verið er að endurvekja. Það er útilokað að endanlega niðurstaðan verði nákvæmlega eins, án nokkurs mismunar.“ Um hugtakið tjáskipti, sjá G. Mounin (1967: 92, og áfram).

á milli þeirra sem tala sama tungumál. Fyrir manneskju sem aldrei hefur komið út fyrir Ruhr-dalinn mun orðið *Wald* ekki hafa sömu merkingu og það hefur fyrir einhvern frá Svartaskógi, og það er afar ósennilegt að orðið hafi fyrir æsku dagsins í dag sama tilfinningalega undirtóninn, sem það hafði fyrir ljóðskáld á rómantíska tímanum.

Meðferð vandamála sem tengjast staðarþættinum verða sérstaklega krefjandi fyrir þýðendur þegar til umræðu eru kringumstæður og stofnanir, siðir og venjur sem eru sérkennandi fyrir land frummálsins.¹¹⁶ Robert L. Politzer (1966: 33, og áfram) kallar þau „menningarbundin þýðingavandamál“ og áljútur að „hið dæmigerða menningarbundna vandamál komi einfaldlega upp af þeirri staðreynd að aðstæðurnar eða stofnanirnar, eða þá jafnvel hin óhlutbundna hugmynd í sérstakri menningu, er annarri menningu framandi (og því einnig tungumáli hennar). En þegar Politzer bætir við þeirri skoðun að þetta þýðingavandamál sé í grundvallaratriðum óleysanlegt, stríðir hann gegn reynslu sérhvers þýðanda.¹¹⁷ Raunhæfir möguleikar á því að sigrast á þessum erfiðleikum eru m.a.:

1. tökuorð, þ.e.a.s., „fá ekki einungis hugtakið að láni heldur jafnvel orð frummálsins yfir menningarlega félagshagfræðistofnun eða viðburð sem einkennandi er fyrir frummenninguna“ (Kade, 1964: 105) (nýleg dæmi eru *junta* (herforingjastjórn), *guerrilla* (skæriiliði), *teenager* (táningur) og *kolkhoz* (samyrkjubú); 2. lánsþýðingar eða lánsmyndanir, smíða ný orð fyrir markmálið (t.d., Wolkenkratzer fyrir skýjakljúf, Nietenhose fyrir gallabuxur með skrautbólum, Schnellbrüter fyrir eindahraðal (kjarnakljúf); 3. nota útlendu tjáninguna og bæta við neðanmálgrein til útskýringar; 4. útskýrandi þýðing (t.d. cocido – kássa, Retiro – almenningsgarður, Sacré-Coeur – kirkja, Puzzle – leikur, o.s.frv.).¹¹⁸

Þessum fjórum möguleikum ætti ekki að beita af léttúð, heldur beita skynsamlega samkvæmt kröfum þeirrar sérstöku textategundar sem fyrir hendi er, sem og þeirrar textagerðar sem kemur við sögu. Margar gerðir innihaldsmiðaðra texta

¹¹⁶ Sjá O. Kade (1964: 99): „Þessi fyrirbæri eru gjarnan nefnd ‘realia’ (raunþættir). Þau ná yfir þá félagshagfræðilegu og menningarlegu atburði og stofnanir (í víðasta skilningi) sem eru sérkennandi fyrir félagshagfræðilega uppbyggingu tiltekinnar menningar.“

¹¹⁷ Sjá O. Kade (1964: 99): „... svo að það er enginn grundvöllur fyrir ályktunni - sem reynslan hefur einnig hrakið - að raunþættir (raunveruleiki auðkenndur tiltekinni menningu) geti orsakað, a.m.k. tíma-bundið, óleysanleg þýðingavandamál.“

¹¹⁸ Þessar aðferðir, að leggja til auðkenni til þess að skýra þýðingu, svara í stórum dráttum til þeirrar uppástungu E. A. Nidas og C. Tabers (1969: 109, 198) um að koma með *leiðarmerki*, „þegar ákveðin fullkomlega óþekkt heiti eru fengin að láni.“ Dæmi um það væru „*dýrmætur steinn* rúbín, *borg* Jerúsalem, *helgiathöfn* skírn, *lín* klæði, *strangtrúarflokkur* faríseanna, o.s.frv.“

taka vel á móti möguleika á neðanmálgreinum (þýðingar á fræðilegum verkum og þeim sem ekki eru skáldskapur). Stöku sinnum er lýsing á aðstæðunum, sem eru markmálinu framandi, felld inn í sjálfan textann. Áhrifsmiðaðir textar, sem yfirleitt forðast neðanmálgreinar, og einnig hreinræktaðir tæknitextar, kjósa fyrstu tvo möguleikana vegna þess að áhugasamir og menntaðir lesendur kannast við erlendu tækniheitin. Í formmiðuðum textum eru útskýrandi þýðingar einnig viðeigandi. Hlutverk þeirra er að hjálpa lesanda markmálsins með því að halda erlenda heitinu, en við hliðina stutt viðbót sem tengir það kunnuglegum hugtökum. Í þessu ferli tapast alltaf eitthvað, en upplýsingarnar sem nauðsynlegar eru til skilnings á textanum eru varðveittar án þess að raska óþarflega formi staðhæfingarinnar með langdreginni umorðun. Til að mynda, ef hið spænska *chacolí* er þýtt sem „Biscaya-vín,“ færi spænski lesandinn á mis við auðkenni á léttu, bragðsterku víni, en lesandi markmálsins kemst að því að þetta hljóti að vera einstök vintegund frá ákveðnu héraði á Spáni. Ef *las Cortes* væri þýtt sem „spænska stéttapíngið“ er ekkert sagt um þessa gerð þings, en líklega er gefið í skyn að þetta sé ekki þing byggt á fyrirmynd vestræns lýðræðis. Því nær sem skýringaþátturinn er raunþættinum í frumtextanum, og því styttri og meira lýsandi um útlendu aðstæðurnar, því betra.¹¹⁹ Í formmiðuðum textum er það besta leiðin til þess að fást við staðmiðaða þætti, vegna þess að neðanmálgreinar eru hvimleiðar, rjúfa flæði lestursins og draga úr áhrifamætti textans á markmálinu.

Ákvörðunin um hvern þessara fjögurra möguleika skuli velja, byggist mjög á að hve miklu leyti hægt er að færa tilfinninganæmni frummálsins svo að hún verði vel metin á markmálinu. Því nánari sem tengslin eru á milli tveggja menningarheima og því meira sem fjölmiðlar og túristastraumur gera ólíka menningarheima og auðkennandi eiginleika þeirra að sameiginlegri þekkingu um heim allan, því meiri líkur eru á því að neðanmálgreinar og útskýrandi þýðingar verði ónauðsynlegar. Með hliðsjón af staðbundnum úrslitaatriðum, er staðhæfing Georges Mounin (1967: 108) hreinn sannleikur hvað varðar þýðendur og þýðingarýna, að „til þess að þýða tungumál vel“ – og við viljum bæta við, til þess að geta dæmt þýðingu á hlutlægan

¹¹⁹ Hugtak þetta, *skýringaþýðingar*, krefst meiri nákvæmni. Oft gerist það, einkum með staðartengdum ákvæðisþætti, að þýðing treystir á skilgreiningu sem finna má í einmálaorðabók, sem gæti haft áhrif sem eru fagurfræðilega verri en staðhæfing innan sviga eða neðanmálgrein. Til dæmis, þegar hið spænska *alpar-gatas* („strigaskór“) er þýtt sem „Schuhwerk aus Hanf in Sandalenform“ („fótabúnaður af sandalagerð gerður úr hampi“) geta upplýsingarnar verið nægilega ítarlegar, en ekki formið, og einkum í formmiðuðum texta er það formið sem á að njóta forgangs.

hátt – „er ekki nægilegt að læra tungumálið. Það verður að rannsaka menningu þess, ekki aðeins sem áhugasamur gestur, heldur frá grunni ... kerfisbundið.“

4.5 Viðtakendapættir

Áður en við getum rætt þau sérstöku vandkvæði sem viðtakendapættir valda¹²⁰ í tengslum við málform frumtexta og þýðingu hans, þarf að skilgreina sjálft heitið „viðtakandi“. „Viðtakandi“ er ætíð lesandinn eða hlustandi textans á *frum*-málinu. Þessi viðtakandi, sem ávarpaður er í frumtextanum, verður að vera skýrt aðgreindur frá „sérstökum viðtakendum“ sem þýðandi eða viðskiptavinir hans hafa í huga, sem mundi gera öll almenn viðmið fyrir þýðingar og þýðingarýni að aukaatriðum.¹²¹

Hér lítum við einungis á það sem ákvæðisþátt sem höfundur frumverksins hafði í huga fyrir lesendur sína þegar hann var að móta frumtextann eins og hann gerði á frummálinu, og ekkert annað. Hér er aftur allt félags- og menningarlega samhengið (efnislega það sem við köllum aðstæðubundið samhengi) mikilvægt, en frá öðru sjónarmiði en í umfjöllun okkar um umhverfispætti, því að þar snerist hún fyrst og fremst um staðreyndir og hugtök frummálsins. Viðtakendapátturinn er augljós í algengri, málvenjubundinni tjáningu, tilvitnunum, óbeinum tilvísunum í málshætti og myndlíkingar, o.s.frv., í frummálinu. Sá fjöldi íhugunarefna sem viðtakendatengdir þættir krefjast fer eftir tegund textans. Þetta felur venjulega í sér afkóðunarferli. Þýðandinn ætti að gera lesanda markmálsins mögulegt að sjá og skilja textann á forsendum hans eigin menningarsamhengis. Eftirfarandi dæmi um málvenjubundna tjáningu munu skýra þetta atriði.

Í innihaldsmiðuðum texta, til að mynda, á spænska orðatiltækið „miente más que el gobierno“ („hann er verri lygari en ríkisstjórnin“) sér strangt til tekið ekki bókstaflega samsvörun í þýsku. Með því að form orðatiltækisins er aukaatriði, og að í þessari tegund texta er það innihaldið sem ber að varðveita, ætti þýðing á merkingarfræðilegu gildi orðatiltækisins, eins og „hann er ömurlegur lygari“, að þjóna sem fullnægjandi þýðing. En hins vegar, í formmiðuðum texta, verður að finna málvenjubundið þýskt orðatiltæki sem hefur sambærilegt merkingarfræðilegt innihald,

¹²⁰ Hjá E. A. Nida samsvarar „menningarsamhengi frummálsins“ því sem við höfum aðgreint hér sem staðar- og viðtakendatengd úrslitaatriði. Þegar verið er að þýða máltákn sem eru undir áhrifum af þeim og öðrum utanmáls úrslitaatriðum. Það er nauðsynlegt að íhuga það sem Nida kallar „menningarsamhengi viðtökutungumálsins“ ef þau eiga að vera sæmilega „afkóðuð“.

¹²¹ Til að mynda, þýðing fyrir börn á *Don Kíkóta* eða *Ferðum Gúllivers* yrði að uppfylla aðra staðla en að þýðingin sé trú frumtexta þessara verka. Sjá 4.7 hér á eftir.

vegna þess að móttun orðatiltækisins tekur sér forgangstöðu: Í þessu tilviki væri ákjósanleg þýðing „er lügt wie gedruckt“ („hann lýgur eins og gólfmotta,“ eða bókstaflega, „hann lýgur eins og það sé prentað“). Í áhrifsmiðuðum texta, líkt og í stjórnmalabaráttu eða satíru, væri notað hefðbundnara form tungumálsins, en með óbeinni tilvísun til einhvers í nánasta sögulega samhengi til þess að þýða spænska orðatiltækið. Á tímum Spiegel-málsins hefði þýska þýðingin verið bókstafleg „er lügt mehr als die Regierung“ („hann lýgur meira en stjórnin“), sem ekki hefði haft neina merkingu fyrir þýskan lesanda frá öðru tímaskeiði. Það geta einnig verið „víxluð jafngildi“ þegar markmálið getur ekki látið í té beint frumáhrifin vegna mismunar á tungumálunum og bætir það upp með sambærilegum áhrifum á öðrum stað.

Svipuð umhugsunarefni geta haft áhrif á þýðingu á ímyndum í samlíkingum. Í innihaldsmiðuðum texta gæti orðatiltækið „Etre connu comme le loup blanc“ (bókstaflega, „að vera þekktur líkt og hvíti úlfurinn“) verið þýtt sem „vel þekktur,“ en í formmiðuðum texta væri búist við einhverri sambærilegri líkingu sem endurspeglaði sama merkingafræðilega kjarna, og sem er álíka nýlegt orðatiltæki og á svipuðu stúlrænu stigi í markmálinu, eins og „bekannt sein wie ein bunter Hund“ (bókstaflega, „eins kunnuglegur og blendingur,“ þ.e.a.s., „eitthvað sem allir þekkja“). Í áhrifsmiðuðum texta verður spurningin hvers vegna *þessi* sérstaka ímynd hafi verið valin, hvort það hafi verið vegna heitisins *loup* „úlfur“ eða heitisins *blanc* „hvítur“. Þá er hægt að gera viðeigandi aðlögun til þess að varðveita rétta merkingafræðilega hlutann, allt eftir samhenginu.

Eitt dæmi til viðbótar mun skýra þema þessa kafla. Ortega y Gasset (1937: 18-19) skrifar: „Y yo, a mi vez, entreveo que es usted una especie de último abencerraje, último supervivente de una fauna desaparecida, puesto que es usted capaz, frente a otro hombre, de creer que es el otro y no usted quien tiene razón.“

Í tvímálaútgáfunni er þetta þýtt svo: „Und ich, für meinen Teil, habe das Gefühl, daß Sie eine Art letzter ‘Aben-cerraje’ sind, ein letzter Überlebender einer ausgestorbenen Fauna, da Sie einem anderen Menschen gegenüber fähig sind, zu glauben, daß der andere und nicht Sie selbst recht haben“ (bókstaflega, „Og mér, fyrir mína parta, finnst að þú sért eitthvað í líkingu við síðasta ‘Abencerraje,’ hinn eina eftirlifanda af útdauðri dýrategund, fyrst þú ert fær um að trúá að aðrir, og ekki þú sjálfur, hafi rétt fyrir sér“).

Fyrir utan það hve þýðingin er almennt vandræðaleg, er það mikilvæga hér orðtækið „último abencerraje.“ Sé gert ráð fyrir því að þýðingar séu fyrst og fremst

ætlaðar lesendum sem ekki þekkja til frummálsins, ætti aldrei að þýða óbeina tilvísun á því einfaldlega, ef hún er óskiljanleg lesanda markmálsins. Merkingu orðsins ‘Abencerraje’ má að nokkru leyti ráða af örsamhenginu („ein letzter Überlebender“ = „síðasti eftirlifandi“) sem síðasta dæmið um eitthvað. En stórsamhengið er öldungis ruglandi fyrir lesandann sem einungis getur dregið þá ályktun að „Abencerraje“ sé einhver dýrategund. Þýddi textinn ætti samt sem áður að vera jafn skiljanlegur og frum-textinn. Myndir og samlíkingar úr veröld viðtakendanna á frummálinu verður að flytja yfir í hugsanaheim lesanda markmálsins. Fyrir Spánverja er „el último abencerraje“ söguleg persóna;¹²² „fauna“ vísar (kaldhæðnislega) til „mannvera.“ Málvenjubundin þýðing myndi vera eitthvað í áttina að „síðasti Móhíkaninn“ (Dornseiff, 1959: 32); og í stað „fauna“ ætti að nota heiti eins og „kynþáttur“ eða „ættflokkur.“ Þetta er nauðsynlegt ef þýðingin á að bera jafngilda merkingu.

Þessar grundvallarreglur eru einnig góðar til þess að meta þýðingu. Til að mynda, þegar verið er að þýða skáldsöguna *El Jarama* eftir Rafael Sánchez Ferlosio, myndu málvenjubundin orðtök sem ættu rætur að rekja til nautaats, eins og „Ahí, ya ves, *has estado*,” eða „*Sabe dar la salida como nadie*“ vera óskiljanleg ef þýdd væru bókstaflega fyrir þýskan lesanda (Dornseiff, 1959: 38). Sumir myndu jafnvel heimta sem mikilvægt viðmið að þýðandinn þrói sérstakan nautaatsorðaförða á þýsku í þeim tilgangi að „halda hinu erlenda andrúmslofti“, en þökk sé aðdráttaraflí Spánar meðal þýskra ferðamanna, hefur hinn þýski lesandi dagsins í dag góða almenna hugmynd um nautaat, enda þótt fíngerðari smáatriði listræns gildis ákveðinna hreyfinga gætu vel verið ókunn. Í þessu tilviki ætti gagnrýnandinn að viðurkenna algeng þýsk orðatiltæki sem samsvörun samhengisins í víðari eða þrengri skilningi sem fullnægjandi þýðingu, og þýða fyrra dæmið sem „du hast den Nagel auf den Kopf getroffen“ („þú hefur hitt naglann á höfuðið“), og það síðara sem „er versteht sich eben besser darauf als jeder andere“ („hann veit best af öllum hvernig taka ber á þessu“).

Sama gildir um ást Englendingins á tei, sem leiðir af sér ýmiss konar enska málvenjubundna tjáningu. Líkt og F. Güttinger (1963: 14) drepur á, að orðatiltækið „it isn’t my cup of tea“ ætti ekki að þýða sem „das ist nicht meine Tasse Tee“ einvörðungu til þess að varðveita „enskt andrúmsloft.“ Jafnvel þótt þýski lesandinn sé fær um

¹²² Muhammad XI (d.1527), soldán af Granada, síðasta höfuðvígi múslima á Spáni, sem hinir kaþólsku stjórnendur Aragon og Castile, Ferdinand og Isabella, lögðu undir sig árið 1492 [Þýð. E. F. R.].

að geta sér til um merkingu orðatiltækisins af málvísindalegu og aðstæðubundnu samhengi, skapar einskær framandleiki þess ólík áhrif í þýskum texta. Á ensku er þetta algengt og hversdagslegt orðatiltæki, sambærilegt við þýsku málvenjuna „das ist nicht mein Fall“ (bókstaflega, „þetta er ekki mitt mál“).

4.6 Talþátturinn

Með taltengdum ákvæðisþáttum er aðallega átt við þá hluta sem snerta tungumál höfundarins sjálfs eða sköpunarverk hans sem óyrtir þættir. Þessir þættir birtast með ýmsum hætti á leskvæðum, málfræðilegum og stílraenum stigum. Að hve miklu leyti skal taka tillit til þeirra í þýðingum, byggist aftur á þeirri sérstöku tegund texta sem um ræðir. Þeir ættu að hafa sem minnst áhrif í innihaldsmiðuðum textum, þar sem orðin, setningar- bygging og stíll ákvarðast í mun meira mæli af efninu en af höfundinum. Það eru nokkrar undantekningar, eins og skýringar, bækur sem ekki eru skáldskapur og uppláttargreinar, þar sem í markmálinu er líkt eftir stílbrögðum höfundarins eins og mögulegt er, þó í skýlausri undirgefni við innihaldið. Í formmiðuðum textum eru þeir ekki aðeins ákvarðandi fyrir stíl höfundar að svo miklu leyti sem hann er undir áhrifum af uppruna sínum, menntun sinni og því tímasteiði sem hann lifir, tengslum hans við skoðanahópa eða hefðir (til dæmis skrifar höfundur á rómantíska tímabilinu ólíkt náúralískum höfundi), þeir geta einnig haft úrslitaáhrif fyrir stílræna „persona“ höfundar (þvottakona talar ekki eins og blaðamaður, né barn eins og fullorðinn). Í áhrifsmiðuðum textum þarf enn fremur að hyggja að því að sérstakur utanmáls, óbókmenntalegur tilgangur hafi áhrif á orðaforða, setningafræði og stíl höfundarins í þeim skilningi að háttur málformsins er ætíð mótaður af því markmiði að ná hámarksáhrifum. Að síðustu, í hljóð- og miðlunarmiðuðum textum, einkum í sviðsleikritum, falla mæltu formin ekki einfaldlega undir lög mæltrar setningafræði og góðrar byggingar samtals. Eins og í mörgum formmiðuðum textum, er það mun mikilvægara að draga upp mynd af einstaklingum með tungumáli þeirra sem íbúa tiltekins svæðis (mállýska), með ákveðna félagslega stöðu (sérmaál, orðatiltæki úr talmáli, málvenjur), og sem fag- eða jafnvel trúarhóp (tæknileg heiti). Þetta eru nægar sannanir fyrir því að áhrif taltengdra ákvæðisþátta á form texta eru nægileg til að verðskulda athygli jafnt þýðanda sem gagnrýnanda.

4.7 Tilfinningalegar skírskotanir

Tilfinningalegir ákvæðisþættir hafa fyrst og fremst áhrif á leskvæð og stílræn efni, en þeir teygja sig einnig yfir á málfræðistig (bæði formfræði- og setningafræðilega) frummálsgerðarinnar. Charles Bally kom auga á, reyndar í öðru samhengi, mikilvægi þessa þáttar fyrir málform. „Fyrir honum,“ segir Georges Mounin (1967: 87), „lá það ljóst fyrir frá upphafi að í tungumáli væru ‘tilfinningaleg gildi’, ‘leiðir til tjáningar’, ‘tilfinningaleg öfl hugsunar’, ‘tilfinningalegt eðli tiltekinna leiða til tjáningar’, ‘tilfinningaleg setningafræði’ og þess háttar.“ Gagnrýnandinn ætti að sannreyna hvort þessar vísbendingar fái að enduróma á viðeigandi hátt í markmálinu. Hann ætti að veita athygli hvort hjálpargögn málsins við að tjá spaug eða háð, fyrirlitningu eða kaldhæðni, spennu eða áherslur í frumtextanum hafi réttilega verið dregin fram af þýðandanum og þýdd á réttan hátt á markmálið. Það gerist oft að málþættir frumtextans einir sér, draga ekki nægilega athygli að ákveðnum tilfinningalegum hliðum, þannig að þær verður að greina með öðrum aðferðum. Í áhrifsmiðuðum textum kalla þessi úrslitaatriði að sjálfsögðu á mesta athygli.

Gagnleg útskýring á þessu, þegar takast á við þýsku og spænsku, er smækkunarformið, sem er í miklum mæli í spænsku. Þýðandinn getur ekki verið of næmur á þá fjölbreytni í máli sem þetta formfræðilega atriði skapar, í að greina á milli þess hvort við-skeytið gefur til kynna smækkun á hlutlægri stærð eða merki um tilfinningalegan eiginleika. Nákvæma gerð tilfinningalegs eiginleika má venjulega ákvarða út frá innihaldi, helst aðstæðuinnihaldi.¹²³

Dæmi úr skáldsögunni *Nada*, eftir Carmen Laforet (1958: 117) mun skýra: „¿No te da miedo de andar tan *solita* por las calles? ¿Y si viene el *lobito* y te come?“

Með orðinu „*solita*“ hefur viðskeytið tilfinningalegan og ákafan kraft. Það er ómögulegt að þýða *-ita* með þýskri smækkunarendingu, því að í þýsku geta aðeins nafnorð fengið smækkunarendingu.¹²⁴ Best er að tjá tilfinningalegu og áköfu partana á þýsku með samsettu lýsingarorði: „*mutterseelenallein*“ („*aleinn*“ og því, „Óttastu

¹²³ Sjá R. Seco (1954: 123): „Por lo general, los diminutivos ... presentan una larga escala de matices oscilantes – según la frase, la entonación y los interlocutores – entre el sentido despreciativo, la ironía y la expresión cariñosa ...“

¹²⁴ Almenn tölubreytni smækkunar...upp á mikla fjölbreytni af flöktandi skuggum – sem fóru eftir orða-tiltækinu, hljómfallinu og þeim sem töluðu – náði allt frá fyrirlitningu til háðs og blíðrar ástúðar ...“ Sjá J. Erben (1966: 101): „Eine Diminutivbildung ... erhalten vor allen Bezeichnungen solcher Lebewesen und Dinge, zu denen der Sprecher ein emotionales Verhältnis hat“ (Smækkunarmynd ... er fyrst og fremst möguleg fyrir nöfn á verum og hlutum sem mælandinn gæti átt í tilfinningasambandi við“)..

ekki að vera á gangi hér *alein?*“ Enn á ný, með orðinu „lobito“ skortir viðskeytið „-ito“ allan mátt til að minnka eða að draga úr. Af aðstæðusamhenginu má ljóst vera að farið er með stúlkuna Andreu ástúðlega og kaldhæðnislega eins og lítið saklaust barn. Þennan eiginleika má tjá með því að þýða orðið „lobito“ með „Og hvað ef *stóri vondi úlfurinn* kæmi og æti þig?“ (Bonse, 1968: 106-107).

Blótsyrði valda einnig erfiðleikum í þýðingu: Tilfinningaþættina verður að para vandlega saman við hið tiltekna aðstæðusamhengi. Sé lítið á þá óhlutstætt geta þeir hlaupið allan skala tilfinningalegra blæbrigða. Aðeins ætti að tengja þau blæbrigði sem nákvæmlega parast saman í markmálinu. Er þó ekki allt talið! Þekkt er að dýranöfn séu í uppáhaldi sem blótsyrði, en ólík tungumál hafa ólíkt samband við ólík dýr. Algengast er að þýðandinn verði að gera lítilsháttar breytingu ef tjá á blótsyrðið með réttum áhrifum þess. Þegar Frakki bölvar einhverjum með orðinu „la vache!“ myndi þýska þýðingin „Die(se) Kuh!“ (bókstaflega „beljan!“) algjörlega missa marks. Auk þeirrar staðreyndar að í þýsku gæti þetta aðeins átt við eitthvað kvenkyns, ber orðið með sér tengingu við „heimskur“ og „klaufalegur,“ en „la vache“ sem blótsyrði á sér jafngildi í þýsku orðinu „Schwein!“ (enska, „bastard!“). Sama er að segja um orðin „hen“ („hæna“) og „duck“ („önd“) í ensku og þýsku. D. MacDermott (1969: 61) skrifar: „... hið tæplega minna heimskulega *hæna*, a.m.k. í Glasgow, gæti verið vingjarnleg leið til að ávarpa unga konu, sambærilegt við *duck* eða *duckie* sem heyra má í Englandi.“ „Huhn“ („hæna“) eða „Ente“ („önd“) sem gæludýranafn í þýsku væri vægast sagt óvenjulegt, svo að tilfærslan yfir í „Kätzchen“ („kisulóra“) eða „Mäuschen“ („mýsla“) væru ákjósanlegri. Upphrópanir af öllum gerðum þarf einnig að prófa mjög vandlega áður en hægt er að úrskurða jafngildi þeirra í markmálinu ákjósanleg. A. Malblanc (1961: 30) leggur fram áhugavert dæmi um þetta: „Du dehors la maison n’avait l’air de rien. Jamais on ne se serait cru devant la demeure d’un héros. Mais quand on y en entrait, coquin de sort!“ („Að utan var húsið látlaust. Engum hefði dottið í hug að það væri heimili hetju. En þegar gengið var inn í húsið, hvílík sjón!“) (*Tartarin de Tarascon*, bls. 2). Malblanc vitnar til tveggja þýðinga (án þess að greina frá heimildum): a) „Von außen hatte das Haus gar nichts so Absonderliches und Außergewöhnliches, und nach diesen äußeren Eindrücken würde man auch niemals auf die Vermutung kommen, daß drinnen ein Held wohnen könne; wenn man das Haus aber betrat, Himmel und die Welt, was gab’s da zu sehen!“ („Að utan var ekkert sérstakt eða óvenjulegt við húsið og af þessum ytri áhrifum hefði maður aldrei fengið þá tilfinningu að hetja byggji í því; en

væri stigið inn í húsið, himinn og jörð, það sem ekki mátti sjá þar!“); b) „Nein, von außen merkte man dem Haus nichts an. Niemand hätte geglaubt, vor der Wohnstatt eines Helden zu stehen. Aber wenn man hineinging: Donnerwetter noch einmal!“ („Nei, að utanverðu var húsið yfirlætislaust. Enginn hefði trúað því að hann stæði fyrir framan heimili hetju. En þegar inn var komið: Undur og stórmerki!“).

Orðatiltækið „coquin de sort!“ sem er undrunarupphrópun eða viðurkenning á furðu, hefur einu sinni verið þýtt allt of ríkulega og greinilega sem „Himmel und die Welt, was gab's da zu sehen“ (bókstaflega, „himinn og veröldin, hvílk sjón var það!“), og aftur dálítið tvírætt sem „Donnerwetter noch einmal!“ („Þrumur úr heiðskíru lofti!“). Í fyrri þýsku þýðingunni veitir Malblanc, réttilega, athygli skorti á leiftrandi gallverskri fyndni. Og að hans dómi mistekst í öðru dæminu að endurspegla hinn „sérstæða, indæla óm“ þessarar „upphrópunar dæmigerðrar fyrir Provence.“ „Héraðshreiminn,“ sem Malblanc saknar, mætti hugsanlega þýða á þýsku með orðatiltæki með örlitlum mállýskukeim, eins og „Dunnerkiel“ (enska, „I say!“ eða „my word!“) í stað „Donnerwetter.“

Samtímis leiðir mat á tilfinningalegum ákvæðisþáttum skýrt í ljós takmarkanir hlutlægrar þýðingarýni. Það er því sem næst óumflýjanlegt að huglægur, skilyrtur túlkunarmunur komi fram. Þetta gerir það því erfiðara að fá hlutlægan dóm, alveg sama hversu hlutlægur gagnrýnandinn reynir að vera.

4.8 Óyrtir ákvæðisþættir sem hagnýtur flokkur fyrir þýðingarýni

Af umræðunni hér að framan blasir það við að ítarlegt mat sem nær til allra þeirra þátta sem áhrif hafa á þýðingu er ómögulegt, ef gagnrýnandinn íhugar aðeins sérstakar kröfur hvernar textategundar og auðkennandi hluta sérhvers tungumáls. Gjarnan er einungis hægt að túlka hið síðarnefnda svo óyggjandi sé, þegar málsamhengið er metið í ljósi aðstæðusamhengis þess. Með öðrum orðum, þá verður gagnrýnandinn að taka með í útreikningana áhrif óyrtra ákvæðisþátta á málform frumtextans, jafn vandlega og þýðandinn verður að gera þegar hann þýðir. Með sérstöku tilliti til afleiðinga tilfinninga, ætti að viðurkenna að við ákveðnar aðstæður gætu þýðandinn og gagnrýnandinn báðir íhugað áhrif þessara ákvæðisþátta og komist að ólíkri niðurstöðu, þannig að það er greinilegt þrátt fyrir allar aðferðafræðilegar

varúðarráðstafanir, að ekki er algjörlega hægt að útiloka huglægan þátt í gagnrýni. En samt dregur þessi fyrirvari á engan hátt í efa, hvorki réttmæti né gildi þýðingarýni.

Auk bókmennta-og málvísindaflokkanna á gagnrýnandinn samt sem áður kost á þriðja floknum til þess að fella hlutlægan dóm. Hann gæti á endanum kallast hagnýti flokkur þýðingarýni sökum þess að hann treystir ekki á málvísindalega þætti sem eru full-komlega hlutlægir í eðli sínu.

C. Takmarkanir þýðingarýni

Þýðingar, og sér í lagi á skáldskap, eru eitt mikilvægasta hlutverkið í bókmenntum, að hluta til vegna þess að þær leiða fólk sem býr ekki yfir neinni kunnáttu í öðrum tungumálum að þessum formum hugvísinda og lista sem mynda hið sérstaka gildi sérhverrar þjóðar, sem það hefði annars aldrei kynnst, en einnig að hluta til, og það er jafnvel enn mikilvægara, vegna þess að það gefur þeirra eigin tungumáli aukið gildi og tjáningarkraft.

W. von Humboldt (1963), Inngangur að þýðingu á Agamemnoni eftir Æskýlos.

Hver sá sem raunverulega vill þýða verður umfram allt að trúá á það sem hann þýðir.

J. J. Breitinger, Critische Dichtkunst

Þegar fjallað er um takmarkanir þýðingarýni, eru tvær hliðar sem þarf að aðgreina. Annars vegar, hvar finnur gagnrýnandi markmálsgerðar takmarkanir þýðingarýni, og hins vegar, hverjar eru nákvæmlega takmarkanir þýðingarýni. Fyrri atriðið snýst eiginlega um sérhvert efnislegt frávík frá frumtextanum; hversu mikil má breytingin vera þar til ekki er lengur hægt að kalla hana þýðingu? Síðara atriðið felur í sér huglæg sjónarmið sem óumflýjanlega hafa áhrif á hlutlæga dóma, takmarka dóm gagnrýnandans óviljandi og oft alveg ómeðvitað.

Hingað til höfum við verið að ræða möguleikana á hlutlægri gagnrýni á þýðingum, greint niðurstöðurnar af ferlinu í þrjá ólíka flokka: Bókmenntaflokk (textategundir), tungumálaflokk (málvísindapættir) og hagnýtan flokk (óyrtingir)

ákvæðisþættir). Meðan á umræðunni hefur staðið hefur oftast en einu sinni verið vakin athygli á því, að við þessa þrjá aðalflokka þarf að bæta við öðrum sjónarmiðum þegar þýðingaraðferðir víkja frá normunum. Eins og koma mun í ljós, má auðkenna þessi sjónarhorn sem hagnýt og persónuleg.

5. Hlutlægar og huglægar takmarkanir þýðingarýni

Flokkar þýðingarýni, sem fjallað var um hér að framan, byggjast á þáttum sem við eðlilegar aðstæður stjórna þýðingarferlinu. Vanræksla einhvers þessara þátta við hvaða aðstæður sem er, myndi hafa áhrif á fullt jafngildi frum- og marktexta.

Það er einungis hægt að ræða um norm þegar undantekningar geta verið frá normi. Við tókum það fram, að venjulega er það mikilvægt í fullnægjandi þýðingu að skoða vandlega tegund textans, málvísindalega þætti og óyrta ákvæðisþætti. En það ætti ekki að líta framhjá því, að í reynd eiga sér stað frávik frá þessu eðlilega ferli þegar verið er að færa frumtexta yfir á markmálið. Ein veigamikil orsök fyrir hlutlægum skoðanamun á frumtextanum er skeytingarleysi um textategund hans. Þetta gerist ætíð þegar þýðingunni er ætlað sérstakt hlutverk. Ef hið sérstaka hlutverk hefur með inntakið að gera, gæti tilgangur þýðingarinnar verið einhver annar en frumritsins; taki það til persóna, gæti þýðingunni verið beint að öðrum lesendahópi en frumritið.

Í tilvikum sem þessum getur þýðandinn verið eins óháður grundvallarreglum textategundarinnar, hlýðni við málvísindaleg atriði og tilliti til óyrtra ákvæðisþátta, og tilgangur eða fyrirhugaður lesendahópur þýðingarinnar gæti þurft á að halda. Gagnrýnandinn verður þá að gera ráð fyrir áætluðu hlutverki þýðingarinnar meðal viðmiða við mat á henni. Í stað bókmennta-, málvísinda- og hagnýtra þýðingarýnisflokka, mun koma *hlutverksflokkur*.

Það verður að sjálfsögðu eftir sem áður spurning, hvort viðurkenna eigi að þessi hlutverksflokkur hafi notagildi í þýðingarýni. Það er tæplega hægt að líta svo á að hann dragi úr möguleikum á hlutlægri gagnrýni almennt – í hæsta lagi bendir hann til takmörkunar *þýðingarýni*. En þetta nægir til að gera hlutverksflokkinn fullgildan til þess að vera með í kafla um takmarkanir þýðingarýni.

Hin raunverulega deila getur einungis snúist um hvort þýðingar á markmáli ættu, eða ættu ekki, að teljast þýðingar ef þær þjóna sérstökum tilgangi, einkum tilgangi sem *ekki* var stílað á í frumritinu. Hvenær sem þýðing þjónar ekki þeim tilgangi sem fyrirhugaður var í frumritinu, reikar hún af leið þýðingarhugsjónar í

strangasta skilningi, hvort sem ástæðan er af listrænum toga (t.d. breyting á formi, eins og í leikrænum uppfærslum á söguljóðum, útgáfur í óbundnu máli af leikverkum, o.s.frv.), uppeldisfræðilegum (námsmannaútgáfur, bókstafsþýðingar á milli lína), eða viðskiptalegum (lauslegt uppkast, umsamning). Með öðrum orðum, aðeins hversu vítt, eða hversu þröngt, á að greina hugtakið þýðingu? En þetta er gamalt deiluefni sem hefur verið útkljáð á ýmsan hátt í aldanna rás (Kloepfer, 1967, kaflar 1 og 3; Wuthenow, 1969, kaflar 1 og 2).

Með hugtakinu *þýðingu* er hér átt við þýðingu á frumtexta yfir á markmál þar sem meginviðleitnin var að endurgera á markmálinu texta sem samsvaraði frumtextanum hvað varðar textategund hans, málvísindaleg atriði og þá óyrta ákvæðisþætti sem áhrif hafa á hann. Á yfirborðinu útilokar þessi skilgreining allar athuganir á þýðingum sem ekki hafa sama tilgang og frumritið, eða hafa annan tilgang heldur en höfundur frumritsins hafði, og er stýrt samkvæmt hagsmunum sérstakra viðskiptavina. Slík framleiðsla er betur auðkennd sem aðlaganir, umorðanir, meira eða minna óheftar endurskoðanir, útdrættir, samantektir, og þess háttar.

Líkt og lögð var áhersla á annars staðar, leikur enginn vafi á grundvallarlögmæti og notagildi þess að gera aðlaganir frumtexta, en betra væri að kalla þær „aðlaganir“ – eða meira eða minna frjálsar aðlaganir – en ekki þýðingar. Þessi smávægilega breyting á íðorðafraedi myndi á skýran hátt gefa í skyn raunverulegar breytingar á markmálsþýðingunni, án þess að gefa í skyn einhvern matsdóm.

Gagnrýninni á „*aðlaganir*“ er ekki hægt að halda sem stöðugri athugun á viðmiðunum og flokkum sem eiga við í þýðingarýni. Þess í stað, verður gagnrýnandinn að ákvarða hvort umbreytingin hafi náð þeim sértæka tilgangi sem að var stefnt með henni. Dómurinn snýst fremur um hlutverkspáttinn.

Annar þáttur, sem er huglægur fremur en hlutlægur í eðli sínu, getur valdið umtalsverðum breytingum á milli frumverks og þýðingar á markmáli. Hann snýst um sérstöðu þýðandans, sem óumflýjanlega setur mark sitt á þýðinguna. Það geta tæplega verið nokkrar tvær þýðingar af sama texta, hver svo sem textagerðin er, sem eru samsvarandi í öllum sínum smáatriðum og þar af leiðandi eins. Wilhelm von Humbolt (1963: 97), vísar beint til þessa huglæga ágreinings og séreinkenna hans, þegar hann segir að „sá hluti þjóðarinnar sem ekki er fær um að lesa klassísku fornritin á eigin spýtur, geti kynnst þeim betur af nokkrum þýðingum, en einungis af einni. Þær eru aðeins margar ólíkar skoðanir í sama anda, sérhver þýðandi endurspeglar sinn eiginn

skilning eins og hann var fær um að tjá hann – en raunveruleikann er aðeins að finna í frumtextanum.“ Slíkur huglægur ágreiningur getur að sjálfsögðu haft uppeldisfræðilegt gildi, að því tilskildu að fyrir hendi séu nokkrar þýðingar af sama textanum.

Þegar betur er að gáð, sýnir þessi huglægi þáttur tvennt. Fyrst er það túlkunarhæfileiki þýðandans, þar sem skilningur hans á tilteknu efni verður fyrir áhrifum af huglægum takmörkunum túlkunarferlisins. Þetta á við um öll afbrigði textategunda. Síðari hlutinn felur í sér einstaklingsbundinn persónuleika þýðandans, þar sem líta má á þýðingu sem persónubundið viðfangsefni. Þetta nær einnig til allra textategunda, en hann er áhrifamestur í þýðingu bókmenntatexta, sérstaklega ljóða, því allt of oft getur verðleiki listrænnar skapgerðar þýðanda leitt til róttækra breytinga á frumverkinu. Betra væri að kalla þýðingar á bókmenntaverkum frjálsar snaranir frekar en þýðingar, einkum þegar persónuleiki þýðandans og afl hans eigin listrænu skapgerðar, skapar þýðingu á mark-málinu sem stendur óstudd, einungis skuldbundin frumritinu sem fyrirmynd og uppsprettu innblásturs.

Breytingar á frumritinu af völdum annars þáttarins – túlkunarhæfileika og persónuleika þýðandans – færa þýðingarýni að *þanmörkum* hennar, vegna þess að gagnrýnandinn er einnig háður sömu skilyrðum. Á þessu stigi er ekki lengur mögulegt að tjá dóm á hlutlægan hátt með heitum eins og „réttur“ eða „rangur“, „góður“ eða „vondur“. E. A. Nida (1964: 164) hefur lýst stöðunni af miklum hyggindum: „Það er þess vegna ekki hægt að halda því fram að ákveðin þýðing sé góð eða vond, án þess að taka tillit til ótal þátta, sem á sama hátt verður að veða með fjölda ólíkra aðferða, með töluvert ólíkum svörum. Þess vegna munu ætíð vera til ýmis fullgild svör við spurningunni, 'Er þetta góð þýðing?'“

Ef verk þýðandans er augljóslega ekki beinlínis byggt á ákveðnum texta eða skjali, á spurningin „Er þetta góð þýðing?“ ekki lengur við. Í mesta lagi er hægt að bera saman túlkun þýðandans við túlkun gagnrýnandans; þegar um er að ræða frjálsa þýðingu má bera saman fagurfræðileg lögmál hvernar fyrir sig, og það yfirfarið hvernig leyst hafi verið úr listrænum sjónarmiðum á frum- og markmálunum.

En hvort sem breytingar á frumtextanum stafa af hlutlægum eða huglægum kröfum, er eitt atriði sem gagnrýnandinn verður að athuga: Viðmið og flokkar hefðbundinnar þýðingarýni eru ekki lengur fullnægjandi. Þær ástæður sem hvöttu þýðandann til að breyta annaðhvort formi eða innihaldi frumtextans verður að finna, sem og þann dilk sem þær draga á eftir sér í þýðingunni á markmálinu. Hafi

Þýðandinn ekki rétt sínar eigin ástæður í formála eða eftirmála verður gagnrýnandinn að reyna að koma auga á þær; aðeins þá getur gagnrýni hans gert tilkall til þess að hafa náð hæsta stigi hlutlægni.

Nú þegar skipulagið til þess að ákvarða takmörk þýðingarýni hefur verið skilgreint, verður kannað á sama hátt mikilvægi hlutverkaflokkanna sem og persónulegu flokkanna fyrir þýðingarýni.

6. Hið sérstaka hlutverk þýðingar

Eins og áður var bent á, er hlutverksflokkurinn leiðbeinandi grunnregla við dóma þýðinga sem eru hannaðar til að þjóna ákveðnum tilgangi og er samkvæmt því ætlað að uppfylla sérstakt hlutverk sem ekki er minnst á í frumritinu. Við þessar aðstæður ætti mat á viðeigandi þýðingaraðferð að fara fram í ljósi þessa ákveðna tilgangs en ekki tegundar textans.

6.1 Útdrættir og samantektir

Það fyrsta sem veita ber athygli hér eru útdrættir og samantektir. Þessi hópur nær til greininga og samantekta sem birtast í dag- og viðskiptablöðum og í vísindatímaritum, og segja aðeins frá mikilvægum niðurstöðum eða sérstökum atriðum sem viðskiptavinur hefur áhuga á. Mikill fjöldi þýðenda í utanríkisþjónustunni, á stjórnarskrifstofum, í verslun og iðnaði og í rannsóknamiðstöðvum, þarf að hafa þessa bókmenntagrein á valdi sínu. Hér er þýðingartækni aftur nauðsynleg forsenda; það form sem af því leiðir í markmálinu, ákvarðast hins vegar ekki af tegund eða gerð texta heldur af þeim tilgangi að sjá viðskiptavininum fyrir upplýsingum um mikilvægt innihald eða hliðar á því sem eru sérstaklega áhugaverðar í stuttu, gagnorðu og aðlaðandi máli. Á sama hátt, hvað varðar innihald skáldsögu eða leikrits á erlendu tungumáli, er markmiðið aðeins að koma á framfæri nægilega miklu af frumritinu sem nauðsynlegt er fyrir útgefanda eða leikhús til þess að ákveða hvort halda eigi áfram með þýðingu eða uppfærslu. Við þær umbreytingar þarf þýðandinn að skilja grunninnihaldið nógu vel til að geta tekið saman aðalatriði þess og sett fram á markmálinu í eðlilegum og liðugum stíl. Liðleiki í þýðingunni, sem í flestum öðrum tilvikum er minni dyggð, verður í þessu tilfelli jákvætt gildi fyrir gagnrýnandann, andstætt neikvæðu gildi þýðinga þar sem textarnir eru erfiðir á frummálinu og þar sem það að hanna haganlega „snurðulausan læsileika“ jafngildir því að þýða þá

yfirborðslega.¹²⁵ Ef útdrættir og samantektir skýra frá megininnihaldi frumritsins, eða lýsa þeim atriðum sem þýðandinn hafði fyrirhugað í aðgengilegum stíl á markmálinu, ber að dæma þá bæði fullnægjandi og við hæfi.

6.2 Lauslegar þýðingar

Lauslegar þýðingar á ljóðum, líkt og Goethe færði sér í nyt í sínum *West-östlicher Divan*, eru dæmi um umbreytingar sem uppfylla sérstakt hlutverk. Í þessu tilfelli gerði þýðingin úr persnesku eftir þýska Austurlandafræðinginn Josef von Hammerts engar kröfur um bókmenntalega verðleika (Güttinger, 1963: 34). Það sem Friedhelm Kemp (1965: 16, og áfram) nefnir „frjálsa þýðingu“ í umfjöllun um ljóðabýðingar, fellur undir þessa fyrirsögn.

Í þessu samhengi skilgreinir Kemp „frjálsar þýðingar“ sem „þýðingar ... sem leitast við að bjarga ytra forminu hvað sem það kostar, jafnvel þótt það sé á kostnað alls sem styður þokka, kraft og frumleika“. Slík trúmennska við formið getur verið æskileg í tungumálum með skyldar formgerðir og sem eiga sameiginlegan menningararf, þar með talinn „sameiginlegur stofn bragarháttar og mælskufræðilegra ímynda“ til þess að góð þýðing geti endurskapað formin af vandvirkni í formmiðuðum texta (1965: 17). En ef það eru lítil eða engin náin tengsl á milli tungumálanna, eins og í dæminu af persneskum og þýskum ljóðum, myndu allar tilraunir til að endurskapa formin af nákvæmni skapa það sem við köllum hér lauslega þýðingu.

Þar að auki, eiga hráar þýðingar á leikhúsverkum, sem eru þá vandlega endurskoðuð fyrir leikræna framsetningu af leikskáldi eða leikrænum ritstjóra, einnig heima hér. Í þessu tilviki er þýðandinn einfaldlega beðinn að leggja fram bókstafsþýðingu. Gagnrýnandi sem kvartar yfir því að slík þýðing sé yfirborðsleg, vanræki djúpu fletina, eða að hún haldi ekki til haga hinu eða þessu, gefur þannig færi á ásökunum

¹²⁵ Sjá E. Tabernig de Pucciarelli (1964: 150): „Si la lectura de Kant no es fácil en su propia lengua, ¿por qué ha de serlo en la versión española? Por eso conservó [el traductor García Morente] la dificultad inherente al filósofo alemán manteniendo detalles al parecer insignificantes, que entorpecen la comprensión y que hacen penosa la lectura. García Morente estaba seguro que toda soltura o facilidad en el decir añadidas a la traducción habrían desvirtuado el original“ („Ef Kant er ekki auðveldur aflestrar á sínu eigin tungumáli, því ætti hann þá að vera auðveldur í spænskri þýðingu? Það er vegna þess sem [þýðandinn García Morente] hélt eðlislægum erfiðleikum þýska heimspekingsins, geymir smáatriði sem virtust lítilfjörleg, deyfir hugann og gerir lesturinn að leiðindaverki. García Morente var þess fullviss að allur sléttleiki og fljótandi framstreymi sem bætt er við í þýðingunni væri einungis til þess að afskræma frumtextann“).

um að virða að vettugi tilganginn með þýðingunni, þegar hann felldi dóminn: Gagnrýnin brýtur í bága við meginregluna um hlutlægni.

6.3 Skóla-og námsútgáfur

Í umræðum okkar um viðmið til þess að dæma þýðingar leikhúsverka, veittum við því athygli að þýðingaraðferðina sem notuð er, og þar af leiðandi staðalinn til þess að dæma þær eftir, verður að laga að tilgangi þýðinganna. Ef þýðingarnar eru ætlaðar sviðsuppfærslum, mælir textategundin (hljóð- og miðlunarmiðuð) fyrir um að forgangur sé veittur athugunum á munnlegum flutningi, leik og leikrænni virkni (þar með talið samspil textans við sjón- og hljómræna þætti) (Buschkiel, 1966, 5. maí, bls. 51, 52). En sé þýðingin ætluð fyrir skóla eða námsútgáfur af leikverkum, réttlætir hlutverk þýðingarinnar (andstætt við stefnuna á sviðið í frumtextanum) notkun á þýðingaraðferð sem hönnuð er fyrir formmiðaða texta. Útkomu úr slíkri þýðingu ættu leikhúsgagnrýnendur ekki að dæma úr leik sem gagnslausa einungis vegna þess að hún er ekki vel fallin til flutnings á sviði. Þvílík gagnrýni væri ekki hlutlæg, af því að hún lítur fram hjá hlutverki þýðingarinnar.

6.4 Biblíuþýðingar

Þær mörgu gerðir Biblíuþýðinga eru annað dæmi um að markmið þýðingar hafi áhrif á þýðingaraðferðir. Sé Biblían þýdd í grundvallaratriðum í trúboðstilgangi (sem hún er fyrst og fremst þegar hún er þýdd í fyrsta sinn á nýtt tungumál), ber að líta á hana sem áhrifsmiðaðan texta. Þýðingaraðferð Lúters er að þessu leyti best. Goethe lagði þennan skilning í þýðingu Lúters á Biblíunni og hélt því fram að með því að þýða bókina, sem samsett er af svo fjölbreytilegum stíl, eins og hún væri öll steipt í sama móti, gerði hann „meira til að kynna trúna heldur en hefði hann reynt að varðveita séreinkenni hvers hluta frumtextans“. Og Goethe (1962: 47) hélt áfram: „Síðan þá hafa margir gert árangurslausar tilraunir til að færa okkur Jobsbók, Sálmana og aðra söngva á áhrifaríkari hátt í ljóðformi þeirra. En fyrir fólkið sem þeir voru ætlaðir, er einföld, slétt þýðing enn það besta.“

Einungis það markmið lútersku þýðingarinnar að þjóna trúboðstilgangi, veitir gagnrýnandanum þann rétt að líta jákvæðum augum þá staðreynd að hún virðist vera steipt í sama móti, jafnvel þó þetta þýði jöfnun mismunar á hinum ýmsu textategundum.

Þýska þýðingin á ritningunni eftir Buber og Rosenzweig er dæmi um nærri gagnstæða aðferð. Með þýðingu þeirra er stefnt að yfirlýstu, ólíku takmarki. Þeir freistuðu þess að þýða skáldskapinn, skriðþungann og tjáningarkraft hebreska textans á markmálið þannig að það varðveitti heilagt eðli frumtextans; þar af leiðandi var Biblían fyrir þeim formmiðaður texti: „Ekki er hægt að breiða út innihaldið án forms þess. Það er ómögulegt að greina hvað sagt er, frá því hvernig það er sagt,“ skrifaði Rosenzweig (1926: 33, 40) og svo bætti hann við: „Og ef við trúum því að sá möguleiki fyrirfinnist, að dag nokkurn, á þess eigin tíma eða á okkar tímum, geti orð guðs opinberast, ekki einungis í fyrirskipuðum trúarsetningum, heldur í grundvallaratriðum hvar sem er í máli manna, þá er það skylda þýðandans að endurskapa af trúmennsku eins og unnt er, á sínu eigin tungumáli hin einstöku blæbrigði mannlegu tjáningarinnar á þeirri opinberun, hvort sem er með eftirlíkingu eða vísbendingu.“ Martin Buber (1963: 351) ræddi um þetta á áþekkan máta:

Jafnvel mikilvægustu þýðingarnar á ritningunni sem við höfum aðgang að, hvort sem það er gríska Sjötíumannaþýðingin, latneska þýðing Híerónýmusar, eða sú þýska eftir Martein Lúter, gera enga tilraun til að ná upphaflegu sérkennum Bókarinnar í orðaforða, setningafræði eða hrynjandi í byggingu. Til þess að gera nútímasamfélagi skiljanlegt ... áreiðanlegt sáttmálsskjal, flytja þeir „innihald“ textans yfir á annað tungumál, án þess að hverfa blygðunarlaust frá sérkennisþáttum hans, byggingu og hreyfiafli, en reyndu þó ekki að halda þeim hvenær sem „formið“ virtist hindra snurðulausa þýðingu á innihaldinu.

Svipuð aðgreining þýðingaraðferða, byggð á yfirlýstum tilgangi ferlisins, var kveikjan að andstæðu E. A. Nida (1964: 160) á milli „samsvörunar forms“ og „breytilegs jafngildis“. Hann skýrði þetta með Biblíukaflanum 16:16 í Rómverjabréfinu:

„Salutate invicem in osculo sancto.“ Formlega jafngildið á ensku, er samkvæmt Nida: „Greet one another with a holy kiss“ (RSV).¹²⁶ („Heilsid hver öðrum með heilögum kossi.“ Útg. 1981). Hér er haldið menningarbundnum aðstæðum frumtextans. Hið „breytilega jafngildi“ er samkvæmt Nida „Heilsid hvert öðru með almennu

¹²⁶ Revised Standard Version.

hjartanlegu handabandi“. Þetta endurspeglar menningarbundnar aðstæður lesenda markmálsins. Þetta ferli getur verið mikilsvært eða jafnvel nauðsynlegt ef lítið er á Biblíuna sem trúboðstexta (þ.e.a.s. áhrifsmiðaðan). Það dæmi sem fyrir liggur virðist ganga út yfir það sem telja má nauðsynlegt, vegna þess að breytilega jafngildið sem gerð er tillaga um, gerir lítið úr tjáningunni. Textinn glatar eiginleikum sínum sem helgitexti, sem ætti að halda í þrátt fyrir sérstakan tilgang hans. Nida sjálfur leggur áherslu á þetta atriði á öðrum stað: „Trúarleg tjáskipti, hins vegar, fela í sér ákveðna sérerfiðleika, því að þau virðast þarfnast þess að málið búi yfir andaktugum eða dulspökilegum keim. Slíkur keimur er gjarnan þróaður með fyrningu máls, sem vegna forns útlits, virðist gefa textanum jarðneskt áhrifavald“ (Nida, 1964: 222). Þetta getur borist yfir í menningarbundnu aðstæðurnar. Í helgitextum geta menningarbundnu aðstæðurnar í markmálssamfélaginu fengið forgang, einkum ef ómögulegt er að skilja textann án aukaaðstoðar predikara eða reynds ritskýranda.

Eftir þennan nauðsynlega útdúringu verður að taka það fram í samantekt, að fyrir gagnrýnanda hefur það yfirleitt ekki hið minnsta gildi að tefla þýðingunum fram hvorri gegn annari (til dæmis, Lúter gegn Buber-Rosenzweig), og kalla aðra „góða“ og hina „vonda“. Mat getur aðeins verið hlutlægt ef gagnrýnandinn tekur með í dæmið það hlutverk sem þýðandinn hafði í huga. Gríska Sjötíumannaþýðingin, latneska þýðing Híerónýmusar (Vulgata) og þýska þýðing Lúters, sem fyrstu þýðingar á nýtt tungumál, voru fyrst og fremst ætlaðar til trúboðs og notuðu þar af leiðandi áhrifsmiðuðu þýðingaraðferðina með öllu því sem í henni felst. Ólíkt þessu getur ný þýðing á sama tungumáli hugað betur að gnægð bókmenntaforma í frummálinu og beitt grunnreglum þýðinga á formmiðaða texta. Þessar þýðingar sem um er að velja, geta stundum veitt huglægt innsæi sem fyrri framsetning hefur glatað með því að verða að klisjum sökum langrar og kunnuglegrar notkunar.

6.5 Umbreytingar í bókmenntaverkum

Einkennileg gerð þýðingar Lúters á Biblíunni leiðir til annars dæmis. Það gerist alloft að ljóðlist í bundnu máli er þýdd sem prósi á markmálið. Þýðingar af þessu tagi geta verið fullkomlega réttlætanlegar. Það geta verið ýmsar ástæður fyrir því að þýðandi kys lítillaga breytt form af hefðbundinni þýðingaraðferð. Hlutlægur grundvöllur, eins og ákveðinn ósveigjanleiki markmálsins, einhver tregða í því að taka á móti útlendum tjáningarformum (Merian-Genast, 1958: 35), og ósamrýmanleiki í byggingu frum- og

markmálsins, gætu þokað þýðanda til þess að velja á milli ljóðrænnar þýðingar og meira venjulegs prósaforms. En huglægar ástæður gætu einnig átt sinn þátt, eins og löngun til að tjá innihald ljóðs á erlendu máli með sem áhrifamestum hætti án þess að þurfa að virða hamlandi kröfur eftirlíkingar eða jafnvel að taka tillit til listræns forms þess.

Slíkar ástæður – og þá einkum huglægar ástæður¹²⁷ – verður að taka til skoðunar þegar meta skal, hvort sem gagnrýnandinn álítur þær gildar eða ekki. Hér á ný er það *hlutverk* þýðingarinnar sem máli skiptir sem flokkur fyrir þýðingaryni.

6.6 Millilínubýðingar

Hinar svonefndu millilínubýðingar eiga einnig heima hér, því að þær eru þýðingar með sérstakt markmið. Með millilínubýðingum er ekki einfaldlega átt við þær frumstæðu bókstafsþýðingar sem, líkt og Franz Rosenzweig sagði,¹²⁸ einkennir upphaf þýðingastarfs meðal allra þjóða, og er jafnvel stunduð af byrjendum enn þann dag í dag – aðferð notuð sem kennslutæki sem sýnir ýmis undirbúningsstig áður en kemur að lokaframsetningu textans á markmáli. Það sem frekar er átt við, er orð-fyrir-orð þýðing sem stundum er notuð í málfræði- og textabókum fyrir nám í erlendu tungumáli, þar sem línan sem þýðir hvert einstakt orð, er rituð beint fyrir neðan útlenda textann. Einnig fylgdi með það sem Friedhelm Kemp (1965: 21) kallar í þessu sambandi „yfirfærsla í þröngum skilningi“, nefnilega „eins konar ómöguleg þýðing“. Kemp skilgreinir þessa „yfirfærslu í þröngum skilningi“ sem „meira eða minna túlkandi þýðingu sem er bókstaflega og bragfræðilega rétt að því marki, að fórna sjónarmiðum hvað form snertir og gefa engan gaum að rímkerfum. Það varðveitir setningafræðilega byggingu, heldur skýringum óbrennluðum og viðheldur orðatengslum. Sem millilínubýðing er hún trú á niðrandi hátt, lifir skuggalífi og kemur aldrei í ljós án frumritsins sem hún þjónar.“

Millilínubýðingar af þessari gerð verða einungis metnar til hlítar með hliðsjón af hlutverki þeirra. Eina réttlætning þeirra liggur í því að vera hjálpargagn við lestur og

¹²⁷ Sjá skoðun sem Goethe setur fram í *Dichtung und Wahrheit* (Goethe, 1926, bindi 24, bls. 24): „Ég ber tilhlýðilega virðingu fyrir bæði hrynjandi og rími, sem eru megineinkenni ljóðlistar sem ljóðlistar, en djúpstæðasti og lífsnauðsynlegasti hlutinn, hinir mótandi og örvandi þættir, er það sem eftir stendur af ljóðskáldinu þegar það er þýtt sem prósi. Þetta er hið hreina og fullkomna efni: Íðulega þegar það skortir mun skínandi yfirborð blekkja, en þegar það er til staðar, hylja það.“

¹²⁸ F. Rosenzweig (1926: 17): „Það er þó nokkuð dæmigert samhengi í þýðingasögunni. Fyrst er það hin einfalda staðsetning þýðingarinnar á milli línanna ætluð til að aðstoða við lestur frumritsins.“

skilning á texta á erlendu tungumáli fyrir nám og kennslu, einkum ætlað byrjendum sem gagnleg leiðbeining til þess að læra betur að meta erlenda málið, eða til nánari skilnings á frumtextanum. Ef millilínubýðing skilar þessu hlutverki, á hún skilið jákvætt mat, jafnvel þótt málformið sé ólíkt eða jafnvel þótt hún virði að vettugi lög og norm markmálsins – sem tæplega er hægt að komast hjá eins og málum er háttað.

6.7 Fræðilegar þýðingar

Eins ætti að fara með gagnrýni svonefndra fræðilegra þýðinga, því þær eru náskyldar millilínubýðingum, bæði hvað varðar aðferð og hlutverk. Fritz Güttinger (1963: 28, og áfram) notar þetta heiti til þess að auðkenna þýðingar sem eru fulltrúar fyrir þýðingaraðferð sem Schleiermacher talaði fyrir og síðar Ortega y Gasset. Schleiermacher (1963: 39 og áfram), er þekktur fyrir að gera að andstæðum að *túlka* (dolmetschen: hversdagsleg, nytjaþýðing) og að *þýða* (übersetzen: beinist að meiri fágun). Þýðingar „af hreinum frásagnar- eða lýsingartoga“ og þýðingar „á greinum úr dagblöðum og venjulegum ferðafrásögnum“ eru „svið *túlksins*“ en starfserindi „*þýðandans*, í þröngum skilningi, er á sviði lista og vísinda“. Schleiermacher (1963: 47) þróaði í samræmi við það, sína frægu valkosti í sambandi við þýðingaraðferðir: „Annaðhvort ónáðar þýðandinn höfundinn sem allra minnst og þarfnast þess að lesandinn geti aðlagast, eða að hann gerir engar kröfur til lesandans og þarfnast þess að höfundurinn geti aðlagast.“ Hann leyfir ekki þriðja möguleika eða málamiðlun milli aðferðanna tveggja. Þennan möguleika sáu menn ekki fyrr en síðar, og á meðan „í staðinn fyrir neikvætt og sundrandi annaðhvort/eða“ var fyllilega „jákvæð bæði/og aðferð þróuð“ (Kloepfer, 1967: 69). Greinilegt er að fyrri valkostur Schleiermachers leggur til „fræðilegu“ þýðinguna, þar sem lesandinn verður að bera kennsl á framandleika höfundarins. Hann verður að læra nýja hugsun og nýja tjáningu sem hann hefur aldrei hitt fyrir áður „og hann sjálfur verður útlendingurinn, ekki lengur heima“ (Merian-Genast, 1958: 25). Kröfur Ortega y Gasset (1937: 88-89) ganga enn lengra: Hann óskar þess „að öll sérviska þýdda höfundarins endurspeglis í þýðingunni, jafnvel út að ystu endimörkum skiljanleikans.“

Hlutverk slíkra fræðilegra þýðinga er að auðvelda hinum áhugasama lesanda fræðsluefnis á markmálinu, sem skortir alla þekkingu (eða a.m.k. næga þekkingu) á frummálinu, að komast inn í anda og ímyndunarafli veraldar sem er útlend á hans tungumáli, og koma honum í kynni við ókunn fagurfræðileg lögmál, listræn

sjónarhorn og reynsluheim. Güttinger (1963, bls. 30; dæmi bls. 30 og áfram) minnir á að „hver sem vilji kynna sér brot af erlendum bókmenntum án þess að hafa tungumálið á valdi sínu, mun komast að því að besta verkfærið er sem bókstaflegust þýðing á formi þess og efni“. En þá, ef „málfræðileg þolmörk“ markmálsins eru „þvinguð að endimörkum sínum“ líkt og Ortega y Gasset lofar þýsku þýðingarnar á verkum sínum fyrir að hafa gert, þarf ekki að koma á óvart ef áhrifin af slíkri þýðingu sýnast á samsvarandi hátt brengluð eða „þvinguð“. Fræðilegar þýðingar eiga sér eigin réttlætningar, eins og við höfum veitt athygli, en líkt og Ortega y Gasset (1937, bls. 86-87) hefur sjálfur sagt, „lesandinn ætti að vera fullkomlega meðvitaður um að af bókmenntalegum sjónarhóli er hann ekki að lesa bókmenntagimstein, heldur að beita fremur brögðóttu verkfæri“. Í þessum skilningi mun fræðileg þýðing alltaf skilja vandlátan lesanda eftir óánægðan. En ófullnægjan sem gerir vart við sig, getur einng verið skapandi. Hún getur vakið forvitni og áhuga á frumverkinu og hvatt til tilrauna til að finna sömu hugsanirnar tjáðar á áhrifaríkari og ef til vill með meiri reisn. En það er einungis frumritið sem til fulls sameinar hugsunarinnihaldið í eina heild með málformi.

Í mati gagnrýnandans ætti líka að skoða hlutverk fræðilegu þýðingarinnar sem námu þekkingar og tilsagnar, en ekki sem form bókmenntaánægju og skemmtunar. Þá gæti virst, sem aðlögunin væri síður fráhrindandi á neikvæðan máta, eða fordæmd sem „ólesandi“ og „óaðlaðandi“. Þess í stað ætti það að þiggja ráð hjá Ortega y Gasset (1937: 78-79) sem segir: „Þýðingin er eitthvað einstakt, aðskilin frá öllum öðrum bókmenntaflokkum, með sína eigin mælikvarða og tilgang, af þeirri einföldu ástæðu að þýðing er ekki sjálft verkið, heldur þjónar sem nálgun að verkinu.“

7. Sérstakir markhópar lesenda

Eins og þegar hefur verið bent á, velja gagrýnendur þann hlutverkaflokk sem við á ef þýðandinn, eða viðskiptavinur hans, tilgreinir þrengri hóp lesenda fyrir markmálsþýðinguna en venjulega er ávarpaður með þýðingu. Það ætti að vera ljóst að aðstæður af þessu tagi eru undantekning. Og af þessari ástæðu verðum við að vera ósammála sjónarmiði Theodores H. Savory, að gera viðtakendurna sem þýðing er stíluð á, að viðmiðun fyrir þá þýðingaraðferð sem taka á upp. Af sjónarhóli Savory (1958, bls. 26) má greina á milli fjögurra gerða viðtakenda. 1. Lesendur, sem fáfróðir eru um frummálið og hafa eingöngu áhuga á bókmenntalegu innihaldi. Fyrir þá er

frjáls þýðing það rétta, og það þarf ekki að taka það fram að hvers kyns þýðingarýni skiptir engu máli. 2. Lesendur, sem áhuga hafa á að læra frummálið og vilja bæta við kunnugleika sinn á því, að hluta til í gegnum þýðingar á bókmenntum sem skipta máli. Fyrir þá eru *sem orðréttastar* þýðingar bestar. En þá vaknar sú spurning hvort þetta jafngildi ekki því að villa um fyrir lesendunum. Mun betra er að læra *tungumál* frumritanna með því að lesa sjálf frumritin. Beinist áhuginn að kunnugleika á *bókmenntum* tungumálsins áður en nægilegu valdi á tungumálinu er náð, geta „sem orðréttastar“ þýðingar tæplega verið gagnlegar, sökum þess að þær geta aðeins veitt daufa og ef til vill brenglaða sýn á bókmennta- og fagurfræðilegt gildi frumverksins. Einungis ef „sem orðréttastar“ þýðingar eru notaðar sem hækjur (til þess að losna við að þurfa stöðugt að fletta upp í orða- og málfræðibókum) geta þær komið að haldi sem nytsamleg verkfæri. En þá flokkast þær sem millilínubýðingar og ætti gagnrýnandinn að meta þær eftir því (Savory, 1958: 99 og áfram). 3. Lesendur, sem einhverju sinni kunnu tungumál frumritsins og hafa gleymt því. Þeir, segir Savory, vilja þýðingu sem ber það með sér að vera þýðing. Þetta er greinilega afbrigðilegt og óraunhæft. Annars vegar, gætu þeir verið lesendur sem kunna ekki tungumálið og vilja læra það af þýðingu, sem mun gefa þeim spegilmynd af byggingu þess og tjáningarleiðum; það sem þeir vilja er „fræðileg“ þýðing og það skiptir ekki máli hvort þeir eru kunnugir frummálinu eða ekki (Savory, 1958: 20, og áfram). Hins vegar, gætu þeir viljað endurnýja þekkingu sína á málinu. Fyrir þá lesendur gera þýðingar lítið gagn; í besta falli gætu þeir nýtt millilínubýðingar sem hjálpargögn í námi og lestri. 4. Sérfræðingar, sem vel eru að sér í frummálinu. Þeir, segir Savory, vilja þýðingar þar sem yfirburðahæfni yfirvinnur takmarkanir þýðingar. Eigi að síður, virðist þetta vera sameiginlegt markmið allra þýðinga og á ekkert sérstaklega við lesendur sem eru sérfræðingar.

Að sjálfsögðu merkir þetta ekki að venjulega séu þýðingar ekki gerðar með ákveðinn hóp lesenda í huga, heldur frekar að í eftirfarandi dæmum eru hóparnir yfirleitt skýrar og skarplegar skilgreindir. Og þar ber að leggja á það áherslu enn og aftur, að lesendahópurinn sem frumritið sá fyrir sér, þarf ekki að haldast sá sami fyrir þýðingu, heldur veltur það beinlínis á tilgangi þýðandans eða viðskiptavini hans. Með öðrum orðum, er sérvalinn lesendahópur nokkuð sem er skarplega aðgreint frá venjulegum lesendum frumritsins og þýðingu þess.

7.1 Útgáfur fyrir börn og unglina

Þýðingar barnabóka eru náttúrulega ætlaðar til þess að börn lesi þær. Þessi tengsl við börn leggjast til viðmið til þess að meta þær. En ef saga úr heimsbókmenntunum, eins og *Don Kíkóti*, *Ferðir Gúllivers*, *Róbinson Krúsó* eða *Gosi*, er þýdd fyrir börn, verður þýðingin á markmálinu að vera „endurskoðuð“ eða „aðlöguð“ fyrir sinn sérstaka lesendahóp. Þessa gerð aðlögunar væri réttara að kalla frjálsa þýðingu, endurskoðun eða umorðun, allt eftir því hversu mikið innihaldi og formi frumritsins er breytt. Það fer augljóslega fram þýðingastarf, en með ýmis konar smábreytingum – styttingum, úrfellingum, einföldunum, tilfærslum á áherslu, o.s.frv. Niðurstaðan af þýðingaferlinu getur ekki lengur kallast þýðing í ströngum skilningi. Þar af leiðandi eiga eðlileg viðmið og flokkar ekki lengur við. Þess í stað verður hlutlægt og sanngjarnt mat að ákvarða hvort verkið nær yfirlýstu markmiði sínu, sem í þessu tilviki væri að aðlaga frumritið að mjög ungum lesendum, hvernig svo sem það mun skiljast.

7.2 Sérhæft lesefni gert alþýðlegt

Staðan er nokkuð svipuð í tilraunum til þess að gera niðurstöður vísindarannsókna aðgengilegar áhugasömum leikmönnum. Þessar aðlöguðu þýðingar hafa það að markmiði að færa nákvæmt tæknilegt lesefni yfir á hversdagslegt málfar markmál. Í þeim tilgangi koma algeng orð að mestu leyti í stað tæknilegs íðorðafórða. Það er horfið frá hinum leiðigjarna, langdregna stíl, sem gjarnan einkennir vísindalegt lesefni. Ekki aðeins er köflum (með of flóknum smáatriðum) sleppt eða þeir stytta, upplýsingum getur verið skotið inn í og útskýringum bætt við. Allt er þetta í þágu þess að gera frumritið skiljanlegra í stærri lesendahópi en ávarpaður var með frumritinu á frummálinu.

Aftur hér, væri tilgangslaust að beita eðlilegum viðmiðum og flokkum þýðingarýnnar. Þess í stað verður gagnrýnandinn að veita aðlögun og (frjálsa) endurskoðun í ljósi hlutverksflokksins til þess að ákvarða hvort aðlagaða þýðingin skilar fyrirhuguðum viðtakendum sínum því hlutverki sem óskað var eftir .

Í þessu sambandi þarf að ítreka að aðlagaðar þýðingar er einfaldlega ekki hægt að leggja að jöfnu við þýðingar; lesendur aðlagaðrar þýðingar eru ekki þeir sömu og ávarpaðir voru í frumritinu. Ef frumritið er framsetning sem gerð er alþýðleg, ætti að mæla þýðinguna samkvæmt þeim reglum og stöðlum sem beitt er á þýðingar í ströngum skilningi; gagnrýnandinn ætti að dæma niðurstöðuna samkvæmt

venjulegum viðmiðum. Það er einungis þýðingin á tæknilegu frumriti, sem gerð er *alþýðleg* á markmálinu, sem er hæf til mats með hlutverksflokki þýðingarýni.

7.3 Siðferðileg, trúarleg, hugmyndafræðileg og viðskiptaleg ritskoðun

Að lokum ætti að veita athygli aðlögunarþýðingum (aðlögun, endurskoðun) þar sem útlenda frumritið er „hreinsað“ fyrir lesendur þess í samræmi við ákveðið siðferðilegt, trúarlegt eða hugmyndafræðilegt tilfinninganæmi, sannfæringu eða gildi. Þessi gerð af endurskoðun, oft rekin áfram af hreinum viðskiptahagsmunum, er langt frá því að vera sjaldgæf. Smábreytingar þýðandans á frumritinu, hvort sem það er með viðaukum, skrauthvörfum, úþynningum eða úrfellingum, eru ætíð ætlaðar til þess að hreinsa eða þvo frumritið í þágu tiltekins lesendahóps. Hvaðeina í frumritinu sem gæti sært siðareglur, trúarskoðanir eða hugmyndafræðilega afstöðu væntanlegra lesenda er eytt, textum jafnvel breytt þegar nauðsyn krefur og viðbótarefni bætt við til þess að koma til móts við lesendurna.¹²⁹

7.4 Sérstakir hópar og sérstök hlutverk sem hlutverkaflokkur fyrir þýðingarýni

Allar þrjár gerðir af aðlögunarþýðingum (fyrir börn og unglinga, fyrir alþýðu, og rit-skoðaðar) fást við það sem kalla mætti (hreint út sagt) fölsun á frumtextanum, því að með þýðingunni á markmálið er markmið þýðandans eða viðskiptavinar hans ekki hið sama og höfundar frumtextans, og það gæti hugsanlega verið eitthvað sem höfundurinn kærði sig ekki um að vera bendlaður við. Það ætti að vera sjálfsögð skylda þýðandans að afhjúpa eðli verksins sem umbreytingar-, endurskoðunar- eða aðlögunarþýðingar. Þetta ætti þýðandinn að gera sér til verndar gegn mögulegum ásökunum um vanhæfni, kæruleysi eða heimsku. Gagnrýnandinn ætti þá, að fá réttilega viðvörðun um að meta ekki verkið samkvæmt hefðbundnum mælikvörðum, heldur samkvæmt viðmiðum hlutverksflokks fyrir þýðingarýni.

Það sama á við um þau sérstöku hlutverk sem fyrst voru nefnd hér að ofan, sem gera aðlögunarþýðingu kleift að ná markmiði sínu. Ekki er frekar mögulegt að telja upp öll hin ólíku hlutverk, en að telja alla þá mismunandi hópa sem þau þjóna.

¹²⁹ Eitt fátánlegasta dæmið um þetta var í spænski talsetningu á erlendum kvikmyndum á árunum 1950-60, þegar rit-skoðunin krafðist þess að elskendur væru kallaðir frænkur eða systur. Langsamlega þekktasta dæmið eru hinar fjölmörgu þýðingar á *Búsund og einni nótt*.

En dæmi þau sem hér eru tekin, nægja til þess að sýna greinilega eitthvað af þeirri fjölbreytni sem umlukin er hlutverksflokknum. Ef allt væri eins og best yrði á kosið í þessari tegund bókmennta, ætti þýðandinn, eða útgefandinn væri um tímarit að ræða, að gefa ritdómaranum eða gagnrýnandanum einhverja vísbendingu um hvernig líta beri á hana, hlutlægt og hlutverksbundið.

8. Huglæg takmörk þýðingarýni

Að síðustu er því ólokið, að fjalla um takmarkanir þýðingarýni. Aftur verður ekki komist hjá þeirri nauðsyn, að hefjast handa með því að rannsaka nánar þýðingaferlið sjálft, enn og aftur.

8.1 Túlkunarfræðilega ferlið huglægt skilyrt

Á því leikur enginn vafi, að einfaldur lestur texta kemur af stað verknaðinum túlkun. Með þessu er ekki aðeins átt við nauðsynina á túlkun líkri þeirri sem R. L. Politzer vísar til. Politzer hefur í huga þær ákvarðanir sem þýðandinn stendur frammi fyrir þegar frum-textinn veitir engar vísbendingar. Sem dæmi bendir hann á tungumál þar sem ekki er að finna almennt orð yfir „hest“ heldur aðeins sérstök orð yfir hvíta, dökka, unga karl- og kvenkynshesta, eða þau sem ekki einungis hafa tölur í eintölu og fleirtölu, heldur einnig tvítölu. „Hvernig er hægt að þýða ‘börnin mín,’“ spyr hann, „ef frumtextinn greinir ekki á milli ‘tveir og meira en tveir’“. Maður túlkar og verður nákvæmari en textinn sem verið er að þýða“ (Poltzer, 1966: 34).

Það sem skiptir okkur máli hér er ekki einfaldlega túlkun ólíkra leskvæðra og málfræðilegra formgerða þar sem þýðandinn þarf að taka skýrar og afdráttarlausar ákvarðanir í markmálinu, heldur frekar túlkun í víðasta skilningi, byggð á mati á textanum í heild, þ. e. a. s. túlkunarfræðilega ferlið sem kemur við sögu við einfaldan lestur (eða hlustun) hvaða texta sem er. Þetta ferli ræður því fyrst og fremst hvaða ályktanir lesandinn dregur af texta eða hvaða skilning hann leggur í hann. Sérhver þýðandi er einnig fyrst og síðast lesandi textans sem mun verða efniviðurinn í þýðingu. Af þessu leiðir, að þýðandi sem tekur starf sitt alvarlega og lítur á það sem sína ábyrgð að miðla fordómalaust hugsunum, sjónarmiðum, röksemdum, áformum og tilgangi höfundar textans, mun ekki reyna að aðlaga textann eigin smekk eða sjónarmiði, heldur mun hafa hugfasta ábyrgð sína sem milligöngumanns jafnvel þegar hann les, og hann mun lesa af skarpskyggni, fylgja þeim eðlislægu grundvallarreglum

sem settar voru í upphafi sem sameiginlegar öllu þýðingastarfi. Þegar upp er staðið, gefur sérhver greining óneitanlega frá sér túlkun, sama hversu hlutlægur maður reynir að vera. Samt er það enn besta ráðleggingin handa þýðanda að „setja sig í spor höfundar frumritsins“.

Þetta merkir að *sérhver* þýðing er óhjákvæmilega einnig túlkun. Að sjálfsgöðu stafar möguleikinn og nauðsynin á sameiginlegum einkennum og mismun milli ýmissa þýðinga á nákvæmlega sama frumritinu m.a. af þeirri staðreynd að þýðandinn – til aðgreiningar frá túlkinum – vinnur með fastan ritaðan texta, sem er ófær um að koma til skila tilgerð í rithætti eða hljómfalli höfundarins, og eins og Hans-Georg Gadamer¹³⁰ leggur áherslu á, getur því verið tvíræðari en hið talaða orð. Ennþá mikilvægara er „bráðabirgðaeðli“ þýðinga, því að sérhver þýðandi er túlkur. Þegar Gadamer (1998: 365) segir að „framandleiki tungumáls er einfaldlega öfgakennt dæmi um túlkunarvanda, þ.e.a.s. um framandleika og úrlausn hans“ beinir hann athyglinni að eðlislægri náttúru ferlisins. Það ber einnig að bæta því við, að takmarkanirnar geta líka verið persónubundnar: Að endingu munu túlkanir standa eða falla með túlkandanum. Skapgerð einstaklings, söguleg umgjörð í tíma og rúmi og getustig í tungumálum (jafnt í frum- sem markmáli) auk áunnins menntunarstigs, eru huglægar takmarkanir á virkni túlkenda, leiða þá í tilteknar áttir og gera ákvarðanir þeirra hallar undir þeirra *eigin* skilning og valkosti, um það hvað og hvernig þeir þýða. Það er almennt viðurkennd staðreynd að ómögulegt sé að varðveita *öll* verðmæti frumritsins í þýðingu. Það er einnig alkunn viska að þegar þýtt er, verður öðru hvoru að velja á milli tveggja eða fleiri möguleika. Fyrsta ákvörðun, sem byggð er á túlkun, leiðir til annarrar ákvörðunar um hvernig niðurstöður túlkunarinnar séu best fram settar á markmálinu. Og þetta hefur aftur sínar huglægu hliðar. Jafnvel þegar tveir þýðendur eru fullkomlega sammála um túlkun texta eða kafla, munu þýðingar þeirra á markmáli nær aldrei verða nákvæmlega eins. Val þeirra á ákjósanlegum jafngildum úr öllum þeim hugsanlegu jafngildum í tungumáli, er undir svo miklum áhrifum af utanmálsþáttum, að það er sjaldan sem sama jafngildið er valið. Hversu hlutlægir sem þeir reyna að vera, verður valið á endanum huglægt, sökum þess að það er undir áhrifum af þáttum sem þýðandinn hefur enga stjórn á og sem þeir geta ekki, jafnvel með hinum besta ásetningi, skilið sig frá. Þeir tengjast því

¹³⁰ H. G. Gadamer (1998: 371): „Gesprochenes Wort legt sich in erstaunlichem Grade von selber aus, durch die Sprechweise, den Ton, das Tempo usw. ...“ („Hið talaða orð er furðulega sjálf túlkandi með hljómfalli, áherslu, tímasetningu, o.s.frv. ...“).

að tilheyra sérstakri þjóð og að deila sérstöku tungumáli og menningu. Væri allt fullkomið, miðað við nákvæmlega eins túlkun, yrði form þýðingar með þýsku sem markmál töluvert frá-brugðið eftir því hvort þýðandinn er Svisslendur, Austurríkismaður eða Þjóðverji – eða jafnvel Norður-, Vestur-, Suður- eða Austur-Þjóðverji (alveg óháð stjórnmalaskoðunum). Sambærilegir huglægir þættir myndu ná yfir menntunarstig manns og persónulegar venjur í máli og stíl.

Svið breytileika og möguleika á túlkun væri mismunandi eftir textategundum og textagerðum. Þau væru færri í innihaldsmiðuðum texta en í formmiðuðum textum; í áhrifsmiðuðum textum væri mismunurinn meiri en í formmiðuðum textum, en þó minni en í hljóð- og miðlunarmiðuðum textum. Aftur á móti, í innihaldsmiðuðri textategund af heimspekilegum toga, væri víðara svið mismunar heldur en í greinum í dagblöðum eða bókfræðilegum yfirlitum, o.s.frv. Í formmiðuðum textum væri meiri fjölbreytni í túlkun í ljóðrænum kveðskap en í smásögum eða skáldsögum, o.s.frv.

Allir þeir þættir sem hér eru upp taldir, hvort sem það eru forsendur túlkunar eða þær ákvarðanir sem teknar eru við þýðingu, geta talist huglægir þættir sem áhrif hafa á túlkunarferlið.

Þættir þessir hafa náttúrulega áhrif á gagnrýnanda þýðingar. Að endingu, er krafan um að gagnrýnendur setjist ekki í dómarasæti í eðli sínu einmitt grundvölluð á þeirri mannlegu huglægni sem einkennir bæði þýðandann og gagnrýnandann. Þetta huglæga skilyrði túlkunarfræðiferlisins gerir einnig þá viðbótarkröfu að gagnrýnandi rökstyðji dóm sinn, hvort sem hann er jákvæður eða neikvæður, og í lokin, samkvæmt tillögu A. W. von Schlegel (1963: 99) sem vitnað er í að framan, „ætti alltaf að vera uppástunga um betrubætur“ hvenær sem neikvæður dómur er kveðinn upp.

Með öðrum orðum, ætti að útrýma altækum staðhæfingum eins og „stórkostleg þýðing“, „klaufalega þýtt“, eða „skilningsrík þýðing“, o.s.frv., sem og þvílíkum róttækum ritskoðandi framsetningum eins og „rangt“ eða „rétt“ úr þýðingarýni. Það er mun betra að taka undir með Julius Wirl (1958: 39) í að „því fjær ... sem hlutar af texta, eða textinn í heild, eru frá efnislegum smáatriðum eða sundurgreinandi röksemdum, því fjölbreytilegri geta áhrif þeirra orðið á lesendur þeirra eða hlustendur, ... og því ólíklegra er, að hægt sé að sýna fram á að tiltekin þýðing (umorðun eða þýðing) sé sú besta eða viðtekin sem einstaklega sönn“. Dómar eins og „rétt“ eða „rangt“ eru einungis við hæfi þegar málfræði- og prentvillur leiða í ljós að þýðanda skortir annaðhvort þekkingu á málinu eða er einfaldlega óábyrgur.

8.2 Persónuleiki þýðandans

Sjálfkvæmt mat á hinum persónulega flokki þýðingarýni ætti að koma í stað altækra dóma og smásmugulegrar gagnrýni. Þetta myndi ekki aðeins veita huglægum skilyrðum túlkunarferlisins viðurkenningu, heldur einnig því hvað í rauninni felst í þessu: Persónuleiki þýðandans og hvernig hann hefur áhrif á þýðinguna á markmálinu.¹³¹ Ósjaldan kann gagnrýnandi að meta túlkun gagnrýnanda, sem hann er ósammála, einungis með því að taka tillit til persónuleika þýðandans.

Við hvað er átt með persónuleika í þessu samhengi? Allt frá stofnun hennar sem vísindagreinar, hefur persónuleikasálfræðin leitast við að setja fram grunngerðir til skilnings og aðgreiningar á ólíkum gerðum mannlegs eðlis. Samkvæmt ítarlegri könnun Pauls Hellwig (1936), ná mismunandi formgerðir allt frá þeim sem engar kröfur hafa um kerfisbundna fræðigreina, til nýlegra, sérhæfðra vísinda- og læknisfræðilegra líkana. Til þess að ná okkar tilgangi, gæti verið að vísindaleg formgerðarfræði sem Eduard Spranger (1920) þróaði, hentaði best. Í kaflanum um „Grunnform einstaklingseðlis,“ greinir Spranger á milli sex mismunandi persónuleika. Þessi form eru: 1. fræðilegt, 2. fjárhagslegt, 3. fagurfræðilegt, 4. félagslegt, 5. ágengt, og 6. trúarlegt.

Án þess þó að sjá fyrir niðurstöður úr nokkurri ýtarlegri rannsókn á sambandinu milli grunngerða persónuleika og þýðinga, eru fáeinar athugasemdir nauðsynlegar til þess að fá fyllri skilgreiningu á „persónuflokki“ þýðingarýninnar, og til að þróa einhver viðmið sem hlúa munu að meiri hlutlægni í þýðingarýni. Að sjálfsögðu skyldi minnst þess, eins og Hellwig bendir á, að Spranger „byrjar ekki á raunverulegri hegðun eða gerð, heldur á hugtakslegri greiningu“ og þar af leiðandi eru tegundir hans í „grundvallaratriðum ... óhlutstæð hugtök“. Og þýðendur eru ekki fulltrúar fyrir einhverja einstaka „ímynd“ heldur ýmsa raunverulega, flókna persónuleika. Jafnvel Spranger sjálfur, í síðari útgáfu á áttæðisafmælisdegi sínum, útskýrði að grunngerðir hans hefðu aldrei gert tilkall til þess að vera endursköpun raunverulegs lífs á ljósmynd, áttu einungis að benda á sérstakt hugarfar eða

¹³¹ Dæmi um mikilvæg áhrif persónuleika þýðandans og um skilninginn og markmið þýðingareinkenna persónunnar og tímaskeiðs hennar, má finna hjá R.- R. Wuthenow (1969: 19-24), þar sem átjándi sonnetta Shakespeares, ásamt þýðingum eftir Gottlob Regis, Otto Gildemeister, Friedrich Bodenstedt, Stefan George, R. A. Schröder og Karl Kraus, er viðfangsefni afar næmrar greiningar. „Það virðist sem svo, að enda þótt hver þýðinganna sé að meira eða minna leyti skyld frumverkinu, hver þeirra í sínu augljósa og nálæga stigi „nákvæmni“ stendur fyrir frumritið að vissu marki, en þó ekki fullkomlega.“

tilhneigingu sem *ríkjandi þátt* í persónuleika einstaklings. Og það er þessi hlið á því sem er ríkjandi í persónuleika, sem er mikilvæg í þessari umræðu.

Á þessu stigi má draga þá ályktun í leitandi tilgangi, að ágenga gerðin með skapgerðareinkennin „sjálfhverfur, frekur, líflegur og þróttmikill,“ sé illa til þess fallin að vera þýðandi (Hellwig, 1936: 84). Sú afstaða sem er grundvallaratriði hjá þýðanda, er vilji til þess að setja sig fúslega og fullkomlega í spor frumverks höfundar, með staðhæfingum þess, orðatiltækjum, formi og ásetningi. Það er vart við því að búast, að persóna sem í eðli sínu er ágeng, jafnvel með hinar bestu vitsmuna- og heimspekilegu hvatir, passi í þetta mót. Hvort sem það er með vilja eða ekki, myndi þýðing hans á markmálinu að meira eða minna leyti afskræma frumrit höfundarins, fara fremur með það sem hráefni til endurvinnslu út frá hans eigin sjónarmiðum, heldur en sem texta sem meðhöndla skal á nærgætinn hátt og þýða af trúmennsku. Almennt er ágeng persóna ólíkleg til þess að taka til við þýðingar, því þrátt fyrir allt mikilvægi sitt og skapandi möguleika, eru þýðingar fyrst og fremst þjónusta.

Fræðilega gerðin, sem Spranger (1920: 82) lýsir sem „sá sem forðast huglægni, er fullkomlega yfirvegaður og hlutlægur“ væri einkar góð við að þýða tæknileg verk, og alveg sérstaklega heimspekileg verk, því að skilningur og meðhöndlun mála af skynsemi er hans sterka hlið. Hann er, ef svo mætti segja, fullkomlega hlutlægur, fullkominn frumefnismaður, fullkomlega almennur og fullkomlega skynsamur. En í tilraun til þess að þýða skapandi bókmenntaverk og ljóð yrði hann gersamlega vonlaus sökum þess að hin yfirgnæfandi fræðilega skapgerð hans mun ekki einungis hindra hann í því að gefa af sér skapandi eða listræn verk, heldur einnig líklega koma í veg fyrir að hann búi yfir fullnægjandi mati á hinum listrænu og fagurfræðilegu hliðum frumverks.

Einkenni fjárhagslegu gerðarinnar er aðallega nytsemissýn á lífið. Spranger finnst að „hann lítur á þróun sem röð valkosta og aðlagana sem nýta á í eiginhagsmunaskyni. Fyrir honum er lífið allt eins konar próf í andríki“. Samkvæmt þessu, er fjárhagslega gerðin best fallin til þess að þýða áhrifsmiðaða texta, sem og innihalds- og áhrifsmiðaða hljóð- og miðlunarmiðaða texta, en er verr til þess fallin að þýða formmiðaða texta.

Og að lokum fagurfræðilega gerðin, sem er samkvæmt Spranger „einn þeirra sem sér öll hughrif verða að tjáningu“ (Hellwig, 1936: 83) og er vafalaust besti þýðandi formmiðaðra texta, og sér í lagi bókmennta-, ljóða- og hljóðmiðjutexta með formmiðaðar tilhneigingar. Sérgefni hans felst í áberandi hæfileika við listrænt og

fagurfræðilegt gildismat. Á hinn bóginn getur listrænn skilningur hans og fagurfræðilegar grunnreglur oft haft áhrif á form „þýðingar“ hans. Þegar það gerist, ætti gagnrýnandinn ekki að áfella þýðinguna sem „ranga“ eða „gagnslausa“ á grundvelli strangs samanburðar á texta. Þess í stað ætti hann í umsögn sinni að leitast við að greina mismuninn á milli „listrænnar skapgerðar“ höfundarins og þýðandans, og sýna á hvern hátt hún hefur áhrif á þýðinguna á markmálinu. Stöku sinnum gæti hann dregið þá ályktun, að þó að hin ólíka listræna skapgerð þýðandans hafi leitt til nokkurra breytinga á frumritinu, þá gæti hún einnig hafa aukið gæði þýðingarinnar.¹³²

Það er engin tilviljun að þýðingar, sem öðlast hafa sjálfstæða stöðu sem meistaraverk, tákni tinda í ólgandi sögu þýðinga – hugsaðu þér *Ævi Benvenuto Cellini* eftir Goethe, þýðingar Schlegels á leikritum Shakespeares, þýðingu Tiecks á *Don Kikóta* (sem er meistaraverk þrátt fyrir galla í þýðingu sem hægt er að sýna fram á), þýðingu Rilkes á 24 sonnetum eftir Louize Labé,¹³³ þýðingarnar á Baudelaire eftir Stefan George (Kemp, 1965: 25, og áfram).

Eins og kom fram hér að framan, gæti verið betra að tala um frjálsa túlkun heldur en þýðingar þegar listræn skapgerð og fagurfræðileg sjónarmið þýðandans fara ekki saman við þau sem höfundur frumritsins hefur. Frjáls túlkun myndi þá einnig vísa til tilvika þar sem, auk munar á listrænni skapgerð og fagurfræðilegum hugmyndum þýðandans, frum- og markmálin eru aðgreind í grundvallaratriðum af ósamrýmanlegri byggingu og formlegum þáttum. Þýðing sem umsetin er slíkum vanda getur í besta falli boðið upp á „meira eða minna frjálsa notkun, endurskipulag eða endurstefnumörkun frumverksins í sinn eigin nýja tilgang“ líkt og sagt er fyrir með því sem er ólíkt í tungumálunum tveimur (Kemp, 1965: 17). Friedhelm Kemp kallar þessa gerð þýðinga ákveðið form af „endursamningu“ (Umdichtung), ekki síst sökum þess að svið breytinga á frumritinu sem hér koma við sögu, er mun víðtækara en í markmálsþýðingum sem auðkenndar eru sem frjálsar túlkanir. Hvað sem því líður, er skáldþýðandi skapandi þegar hann fæst við verk ljóðskálds á erlendu tungumáli og hans „eigin nýi tilgangur“ er jafnmikið listaverk. Einungis þegar verið

¹³² R. Borchardt (1920: 354) skrifaði: „Höfundurinn sem þýðir getur aðeins þýtt um leið og hann skrifar: Hann endurskapar ekki listaverk, heldur bregst við bergmálinu sem hann heyrir, svarar fyrir-varalaust myndunum sem hann sér og útlínunum af formum þeirra.“

¹³³ Sjá H. Friedrich (1965: 12, og áfram) og ritdóm hans um þýðingu þessara sonnetta.

er að endurrita verk annars höfundar á sama tungumálinu¹³⁴ er það strangt til tekið við hæfi að tala um endursamningu.¹³⁵

8.3 Persónuflokkur þýðingarýni

Nú skulum við draga saman á ný niðurstöður af athugunum okkar á þeim huglægu takmörkunum sem innbyggðar eru í þýðingarýni. Þýðingarýni takmarkast ætíð af huglægum aðstæðum túlkunarferilsins og persónuleika þýðandans. Þess vegna er það sérstaklega í frjálsum túlkunum, þó ekki einvörðungu, að þýðingarýni ætti að viðurkenna viðmið persónuflokksins, sem ætti að bæta upp eða að koma í stað hinna venjulegu flokka þýðingarýni. Það er einmitt persónuflokkurinn sem hindrar gagnrýnandann í því að fella afdráttarlausu dóma. Hann getur aðeins andmælt túlkun með túlkun, eða listrænu sjónarmiði með listrænu sjónarmiði, borið þau saman og sýnt hvernig þau snerta frumritið og þýðinguna á markmálinu. Með því að slíkir dómar eru afstæðir, eins og þeir verða að vera, helst gagnrýnin sem tjáð er hlutlæg (í þeim skilningi að vera ekki geðþóttaleg) því að hún er viðeigandi (í þeim skilningi að gefa tilhlýðilegan gaum að persónulegum vísbendingum). Ef allt væri eins og best yrði á kosið, gæti það hvatt lesanda gagnrýninnar til þess að mynda sér sínar eigin ólíku og sjálfstæðu skoðanir.

¹³⁴ F. Kemp (1965: 17) nefnir til dæmis, að Goethe hafi stöku sinnum „tekið skáldskap vinar og endurbætt hann“.

¹³⁵ Líkön, sem beitt er við gagnrýni á umorðun og frjálstri túlkun bókmenntaverka, eru til umræðu í tengslum við persónuflokk þýðingarýni (án þess þó að viðmið séu nefnd sérstaklega) í R.- R. Wuthenow (1969, kaf.3).

D. Niðurstaða

Ofangreind umræða hefur fjallað um möguleika og takmarkanir réttmætrar og hlutlægrar þýðingaryni. Í eftirfarandi rannsóknarspurningum eru dregnar saman niðurstöður þessarar umræðu.

1. Þýðingaryni er réttmæt ef *þýðing* (í ströngum skilningi heitisins) sem krefst textamiðaðrar þýðingaraðferðar (aðlagða að sinni textategund) er rannsökuð samkvæmt stöðlum sem eru réttmætir fyrir textategund hennar, þ.e.a.s. þegar þessi viðmið eiga rætur að rekja til flokka textategundarinnar, málvísindalegra þátta og þeirra óyrta ákvæðisþátta sem áhrif hafa á textann.
2. Þýðingaryni er réttmæt ef *þýðing* (í víðum skilningi) sem krefst markmiðsmiðaðrar þýðingaraðferðar (stýrt í áttina að sérstöku hlutverki eða lesendahópi) er rannsökuð samkvæmt viðmiðum sem einnig eiga rætur að rekja til hlutverksflokks þýðingaryninnar, aðlöguð stöðlum þess sérstaka hlutverks eða lesendahóps sem þýðingunni er ætlað að þjóna.
3. Bæði texta- og markmiðsmiðaðar þýðingagerðir eru markaðar af huglægum áhrifum: Huglægu skilyrði túlkunarfræðiferilsins og af persónuleika þýðandans. Vegna þess að gagnrýnandinn er einnig óhjákvæmilega móttækilegur fyrir sömu áhrifunum, verður persónuflokkur þýðingaryni að yfirsterkari þætti.
4. Réttmæt þýðingaryni (hvort sem hún er textamiðuð eða markmiðsmiðuð) er samkvæmt því aðeins hlutlæg, að svo miklu leyti sem hún tekur tillit til þessara huglægu skilyrða.

Heimildaskrá

- Auður Birgisdóttir. (2007). Óbirt MA-ritgerð: Háskóli Íslands, Hugvísindadeild. Ástráður Eysteinnsson. (1996). *Tvímæli: Þýðingar og bókmenntir*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Bar-Hillel, Yehoshua. Fjallað um hann í grein eftir John Hutchins. Sótt í maí 2010 á slóðina: <http://www.hutchinsweb.me.uk/Bar-Hillel-2000.pfd>.
- Berman, Antoine. (1984). *L'épreuve de l'étranger*. Paris: Gallimard.
- Davico, Gianni. (2009). The Client – Agency – Translator Relationship: Can there Be a Happy Ending? Sótt í maí 2010 á slóðina: <http://winandwinnow.com/blog/?p=49>
- Gil, José Ramón Biau. (2005). *Trust and Technology Problems related to Literal or Free Translation*. Sótt í apríl 2010 á slóðina: <http://isg.urv.es/biau/research.htm>
- Hatim, Basil og Mason, Ian. (1997). *The Translator as Communicator*. Routledge.
- Heimir Pálsson og Höskuldur Þráinsson. (1990). „Er hægt að leiðbeina um þýðingar?“ Ritroðin: *Þýðingar á tölvuöld*. Birtist í Orð og tunga.
- Heimir Pálsson. (1993). „Aumingja blessuð manneskjan: nokkrir þankar um hrellingar þýðenda. Orðaforði: heyrjaður Guðrúnu Kvaran, 21. júlí 1993.
- Kristján Albertsson. (MCMLXXII). *Jón Sigurðsson frá Kaldaðarnesi, Ritsafn*. Reykjavík: Helgafell.
- Machine translation*. Wikipedia. Sótt í apríl 2010 á slóðina http://en.wikipedia.org/wiki/Machine_translation
- Munday, J. (2001). *Introducing Translation Studies: Theories and applications*. London: Routledge.
- Pétur Gunnarsson. (2007). *ÞP í fátæktarlandi*. Reykjavík: JPV útgáfa.
- Piron, Claude. Sótt í maí 2010 á slóðina: http://en.wikipedia.org/wiki/Claude_Piron
- Pöchhacker, Franz. (2003). *Introducing interpreting studies*. Routledge.
- Reiß, Katharina. (2000). *Translation Criticism – The Potentials & Limitations. Categories and Criteria for Translation Quality Assessment*. Manchester: St. Jerome Publishing.
- Snell-Hornby, Mary. (2006). *The turn of translation studies: New Paradigms or shifting viewpoints?* John Benjamins.

Translation Process, Strategies and Methods. Sótt í apríl 2010 á slóðina:
<http://www.thelanguagetranslation.com/translation-process.html>

Þorsteinn Gylfason. (1996). *Að hugsa á íslensku*. Reykjavík:
Heimskringla. Háskólaforlag Máls og menningar.

Orðabækur

Beolingus Dictionary-Wörterbuch (TU Chemnitz) – Netorðabók.

Ensk-íslensk orðabók. (1991). Örn og Örlygur.

Jón Ófeigsson. (1953). *Þýsk-íslensk orðabók*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

Tilvísanir

- Ayala, F.** (1965). *Problemas de la traducción*. Madrid: Taurus Ediciones.
- Bausch, K.R.** (1963). *Verbum und verbale Periphrase im Französischen und ihre Transposition im Englischen, Deutschen und Spanischen*. Phil. Diss. Tübingen.
- Benjamin, W.** (1955). *Die Aufgabe des Übersetzers*. In Adorno, T. W. & Adorno, G. (Eds.), *Schriften*, vol. 1 (p. 40-54). Frankfurt: Suhrkamp (1923).
- Blixen, O.** (1954). *La traducción literaria y sus problemas*. Montevideo.
- Bonse, M.** (1968). *Carmen Laforet - Nada. Eine Übersetzungskritik*, Diploma thesis (Typescript). Heidelberg.
- Borchardt, R.** (1920). Nachwort zu einer Übertragung Die grossen Trobadors. In *Neue deutsche Beiträge*, vol. 2, no. 1.
- Brang, P.** (1963). Das Problem der Übersetzung in sowjetischer Sicht. In *StOrig*, (1963) p. 410-427.
- Brenner-Rademacher, S.** (1965). Übersetzer sprachen mit Bühnenkünstlern. In *Babel, Revue Internationale de la Traduction*. Bonn: Internationale Vereinigung der Übersetzer (mit UNESCO).
- Buber, M.** (1963). *Zu einer neuen Verdeutschung der Schrift*. In *StOrig*, (1963) p. 348-388.
- Bühler, K.** (1965). *Sprachtheorie*. Stuttgart. [(1990). *Theory of language: the representational function of language*. Philadelphia: Benjamins.]
- Buschkie1, J.** (1966, Mai 5). Wie man Theaterstücke überträgt. In *Die Welt*. Menschen und Ereignisse. Hamburg: Verlagshaus Die Welt.
- Caille, P. F.** (1965). La traduction au cinema. In *Italiaander*, (1965), p. 116-122. .
- Camba, J.** (1947). *Alemania: impresiones de un Español*. Colección Austral 791. Buenos Aires: Espasa-Calpe Argentina.
- Carnice de Gallez, E.** (1966). *Observaciones sobre el aspecto sociolingüístico del lenguaje de la radio*. In *Cuadernos del sur. Historia*, vol. 5 (p. 47-58). Bahía Blanca, Argentina: Departamento de Humanidades, Universidad Nacional de Sur.

- Cary, E.** (1963). *Die Zukunft*. In StOrig, (1963) p. 389-394.
- Catford, J.C.** (1965). *A linguistic theory of translation: an essay in applied linguistics*. London: Oxford University.
- Ce1a, C. J.** (1945). *La familia de Pascual Duarte*. Buenos Aires. (1949).
Übersetzung von George Leisewitz. *Durates Familie*. Hamburg.
[(1990). *The family of Pascual Duarte*. Boston: Little, Brown, and Co.]
- Criado de Val, M.** (1962). *Fisonomia del Idioma espanol; sus caracteristica comparades con las del frances, italiano, portuges, Ingles y aleman*. Madrid: Aguilar.
- Croce, B.** (1953). *Poesia*. Bari: Laterza.
- Delavenay, E.** (1959). *La machine a traduire*. Paris. [(1960). *An introduction to machine translation*. New York: Praeger.]
- Dietrich, G.** (1955). *Erweiterte Form. Präteritum und Perfektum im Englischen: eine Aspekt-und Tempusstudie*. München: M. Hueber.
- Domseiff, F.** (1959). *Der deutsche Wortschatz nach Sachgruppen*. Berlin: W. de Gruyter.
- Erben, J.** (1966). *Abriss del' deutschen Grammatik*. 8th Edition. Berlin: Akademie.
- Feidel, G.** (1970). *Technische Texte richtig übersetzen*. Düsseldorf, Wien: Econ-Verlag.
- Foltin, H. F.** (1968). Zur Erforschung der Unterhaltungs- und Trivialliteratur, insbesondere im Bereich des Romans. In H. O. Burger, (Ed.), *Studien zur Trivialliteratur* (p. 242-270). Frankfurt am Main: Klostermann.
- Friedrich, H.** (1965). Zur Frage der Übersetzungskunst. In *Sitzungsberichte del' Heidelberger Akademie del' Wissenschaften, Philosophisch-historische Klasse*. Heidelberg: Winter.
- Friedrich, W.** (1969). *Technik des Übersetzens: Englisch and Deutsch. Eine systematische Anleitung für das Übersetzen ins Englische und ins Deutsche für Unterricht und Selbststudium*. München: Hueber.
- Gadamer, H.-G.** (1960). *Wahrheit und Methode. Grundzüge einer philosophischen Hermeneutik*. Tübingen. [(1998). *Truth and method*. (2nd rev. ed. Translation revised by Joel Weinsheimer and Donald G. Marshall). New York: Continuum.]

- Goethe**, J.W. (1962). *Dichtung und Wahrheit*. Deutsche TaschenbuchVereign. 3.11, vol. 24.
- Goldenberg**, B. (1963). *Lateinamerika und die kubanische Revolution*. Berlin: Kaln.
- Gorjan**, Z. (1965). Über das akustische Element beim Übersetzen von Bühnenwerken. In R. Italiaander, p. 88-89.
- Grimm**, J. (1963). Über das pedantische in der deutschen Sprache. In StOrig, (1963) p. 108-135.
- Güttinger**, F. (1963). *Zielsprache: Theorie und Technik des Übersetzens*. Zurich: Manesse.
- von Haensch**, G. (1968). Bemerkungen zur Übersetzung Französisch/Deutsch. In *Idioma*, no. 2.
- von Haensch**, G. (1967). Wortbildung durch Ellipse · Französisch. In *Idioma*, no. 2.
- Hartung**, E. A. (1965). *Was erwarten Theaterleute von einer Übersetzung*. In *Babel, Revue Internationale de la Traduction*, vol. 2, no. 1 (p. 10-11).
- Hayakawa**, S. J. (n.d.). *Semantik*. Verlag Darmstadter Blau Übersetzung. [(1952). *Semantics*. Indianapolis: Bobbs-Merrill.]
- Hellwig**, P. (1936). *Charakterologie*. (2nd rev. ed.).
- Hoeppener**, C. (1953). Bemerkungen zur Übersetzung c Werke. In P. Topfer & C. Hoeppener, *Zur Frage der, von Science und wissenschaftlicher Literatur*. Berlin: und Fortschritt.
- Hortelano**, J. G. (1962). *Tormento de verano*. Barcelona. German translation: Sommergewitter.
- von Humboldt**, W. (1963). Einleitung zu Agamemnon. II p.71-96.
- Italiaander**, R. (Ed.). (1965). *Übersetzen. Vorträge und, Internationalen Kongress literarischer Übersetzer in Hamburg 1965*. Frankfurt am Main: Athenäum.
- Jumpelt**, R. W. (1961). *Die Übersetzung naturwissenschaftlicher technischer Literatur: sprachliche Massstäbe und Bestimmung ihrer Wesenszüge und Probleme*. Bibliothek für Wissenschaft und Praxis, vol. 1. Berlin Langenscheidt.
- Kade**, O. (1964). *Subjektive und objektive Faktoren im Übersetzungsprozess*. Phil. Diss. (Typescript), Leipzig.
- Kann**, H. J. (1968). *Übersetzungsprobleme in den Sprachen von drei anglo-amerikanischen Kurzgeschichten Huxleys "Green tunnels," Ernest Hemingways "A Clean,*

Well-Lighted Place." Mainzer amerikanistische Beiträge, vol. 10. München: M. Hueber.

Kellner, H. (1964). Übersetzung und Sinnklärung Übersetzungskritik. In *Lebende Sprachen*, vol. 3 Langenscheidt.

Kemp, F. (1947). Vom Übersetzen. In *Deutsche Beiträge zur geistigen Überlieferung*, vol. 1, no. 2, (p. 147-158). Heidebl Kemp, F. (1965). *Kunst und Vergnügen des Übersetzens*. Wissenschaft und Dichtung, 24. Pfullingen: Neske.

Kloepfer, R. (1967). *Die Theorie der literarischen Übersetzung*. Romanisch-deutscher Sprachbereich. Freiburger Schriften zur romanischen Philologie, vol. 12. München: Fink.

Korlen, G. (1966). Konstruktive Übersetzungskritik als Aufgabe der Schwedischen Universitätsgermanistik. In *Babel, Revue Internationale de la Traduction*, vol. 12, no. 1 (p. 26-31).

Koschmieder, E. (1955). Das Problem der Übersetzung. In H. Krahe, *Corolla linguistica. Festschrift Ferdinand Sommer zum 80. Geburtstag. Mai 1955, Dargebracht von Freunden, Schillern und Kollegen*. Wiesbaden: O. Harrassowitz.

Laforet, C. (1963). *Nada*. Barcelona. (1959). Übersetzung von Raimund Lackenbucher. Köln. [(1958). *Nada*. London: Weidenfeld and Nicolson.] **Lausberg, H.** (1960). *Handbuch der literarischen Rhetorik*. München.

[(1998). *Handbook of literary rhetoric: A foundation for literary study*. Leiden: Brill.]

de Lera, A. M. (1968, Feb. 29). La aratoria. In ABC, Mirador Literario, Suplemento Semanal de Critica e Informacion.

Lessing, G.E. (1767-1768). Die Kunst der Übersetzung. Bavarian Academy of Fine Arts. [(1879). *The Hamburg Dramaturgy*, no. 8. München: Bayerische Akademie der Schönen Kunst.]

Lessing, G. E. (n.d.). *Schriften zur Literatur. Ausgewählte Werke*, vol. 6 (Goldmanns Gelbe Taschenbücher vol. 1851). München.

Levy, J. (1968). Die Übersetzung von Theaterstücken. In *Babel, Revue Internationale de la Traduction*, vol. 14 (p. 77-82).

Luther, A. (1949). Die Kunst des Übersetzens. In A. Luther, (Ed.), *Studien zur deutschen Dichtung*, Essais (p. 9-27). Kuppenheim Murgtal: E. F. Krehbiel.

Luther, M. (1963). Sendbrief vom Dolmetschen. In Starig, (1963) p. 14-32.

MacDermott, D. (1969). What man has made of beast. In *Idioma*, no. 2.

- Mager**, L. (1968). *La familia de Pascual Duarte - Duartes Familie*. Eine Übersetzungskritik, Diploma Thesis (Typescript). Heidelberg.
- Malblanc**, A. (1961). *Stylistique comparee dufrançais et de l'allemand; essai de representation linguistique comparee et etude de traduction*. Paris: Didier.
- Merian-Genast**, E. (1958). Französische und deutsche Übersetzungskunst. In *Forschungsprobleme der vergleichenden Literaturgeschichte*. 2nd series (p. 25-38). Tübingen.
- Mounin**, G. (1967). *Die Übersetzung. Geschichte, Theorie, Anwendung*. München: Nymphenburger.
- Murray**, D. C. (1968). The adventures of Mr. Bodidioms.. In *Idioma*, no. 2 (p. 52-59).
- Nida**, E. A. (1964). *Toward a science of translating, with a special reference to principles and procedures involved in Bible translating*. Leiden: E. J. Brill
- Nida**, E. A. & Taber. C. R. (1969). *Theorie und Praxis des Übersetzens: unter besonderer Berücksichtigung der Bibelübersetzung*. Stuttgart: Weltbund der Bibelgesellschaften. [(1974). *The Theory and Practice of Translation*. Leiden: E. J. Brill.]
- Nossack**.. H. E. (1965). Übersetzen und übersetzt werden. In *Italiaander* (1965) p. 9-18.
- Oettinger**. A. G. (1963). Das Problem der Übersetzung. In Störig, p. -136-467.
- Ortega y Gasset**. J. (1937). *Miseria y esplendor de la traducción. Elend und Glanz der Übersetzung*. La Nacion (Buenos Aires) May-June. München: Langewiesche. [Reprinted *Obras Completas*, vol. 5 p 427 ~ 448. Madrid: Revista de Occidente, 1946-47.]
- Pelster**, T. (1966). *Die politische Rede im Westen und Osten Deutschlands. Vergleichende Stiluntersuchung mit beigefügten Texten*. Supplement to *Zeitschrift Wirkendes Wort* 14. DUs Padagogischer Verlag Schwann.
- Pörtner**, R. (1968). Ich schreibe ein Sachbuch. In *Westermanns Monatshefte*, vol. 109, no. 4.
- Politzer**, R. L. (1966). Zur sprachwissenschaftlichen Einteilung der Übersetzungsprobleme. In *Lebende Sprachen*, vol. 11, no. 1: Langenscheidt.
- Porzig**, W. (1962). *Das Wunder der Sprache: Probleme, Methoden und Ergebnisse der modernen Sprachwissenschaft*. Bern; München: Francke.

- von Radecki, S.** (1965). Vom Übersetzen. In *Die Kunst der Übersetzung*, 8. Folge des *Jahrbuchs Gestalt und Gedanke*. München: Oldenbourg.
- Reich-Ranicki, M.** (1965). Verräter, Brückenbauer, Waisenkinder. *Italiaander*, (1965) p. 69-73.
- Reiss, K.** (1967, August). Übersetzungsprobleme: Die Übertragung von Wortspielen. In *Der Übersetzer. Diskussionsbeiträge und Informationen*, vol. 4, no. 8.
- Reiss, K.** (1968). Überlegungen zu einer Theorie der Übersetzungskritik. In *Linguistica Antverpiensia*, vol. 2 (p. 369-383). .Rijksuniversitair Centrum Antverpiensia, vol. 2 (p. 369-383). Antwerp: Rijksuniversitair Centrum Antwerpen, Hoger Instituut voor Vertalers en Tolken.
- Reiss, K.** (1969). Textbestimmung und Übersetzungsmethode. Entwurf einer Texttypologie. In *Ruperto Carola*, yr. 21, vol. 46 (p. 69-75). Heidelberg: Vereinigung der Freunde der Studentenschaft der Universität Heidelberg.
- Rohner, L.** (1966). *Der deutsche Essay*. Berlin: Luchterhand.
- Rosenweig, F.** (1926). *Die Schrift und Luther*. Berlin: Schocken.
- Sánchez, Ferlosio R.** (1956). *El Jarama*. Barcelona. [(1962). *The one day of the week*. New York: Abelard-Schuman.]
- Savory, T. H.** (1958). *The Art of Translation*. Philadelphia: DuFour.
- Schadewaldt, W.** (1963). Das Problem des Übersetzens. In Störig, (1963) p. 49-267.
- Schadewaldt, W.** (1964). *Griechisches Theater*. Frankfurt am Main.
- von SchJegel, A. W.** (1846). *Gesammelte Werke*. Ed. E. Backing. Leipzig.
- von SchJegel, A. W.** (1963). Über die Bhagavad-Gita. In Störig, (1963) p. 97-100.
- Schleiermacher, F.** (1963). Über die verschiedenen Methoden des Übersetzens. In Störig, (1963) p. 38-70.
- Schneider, H.** (1956). Null-acht fünfzehn und Cero-ocho quince, ein kritischer Beitrag zum Problem der literarischen Übersetzung. In *Romanistisches Jahrbuch*, vol. 7, 1955-1956 (p. 332-357). Hamburg.
- Schottlaender, R.** (1966). *Einleitung zur Sophokles-Ausgabe*. (p. XXV-XXXVII). Berlin.
- Seco, R.** (1954). *Manual de gramática española*. Madrid: Aguilar.
- Seibel, E. A.** (1963). *Einige Aspekte der Komik in spanischen modismos*. Phil. Diss., Köln.
- Spranger, E.** (1920). *Lebensformen. Geisteswissenschaftliche Psychologie und Ethik der Persönlichkeit*. Halle: M. Niemeyer.

- Störig, H.- J.** (Ed.). (1963). *Das Problem des Übersetzens*. Stuttgart: H. Goverts.
- Süskind, W. E.** (1959). Die Erfahrungen eines literarischen Übersetzers. In *Lebende Sprachen*, no. 3. Berlin: Langenscheidt.
- Süskind, W. E. & von der Vring, G.** (1963). *Die Kunst der Übersetzung*. München: R. Oldenbourg.
- Tabernig de Pucciarelli, E.** (1964). Aspectos técnicos y literarios de la traducción. In *Boletín de estudios germánicos*, vol. 5 (p. 137,155). Mendoza, Argentina: Universidad Nacional de Cuyo, Facultad de Filosofía y Letras, Instituto de Literaturas Modernas, Sección de Literatura Alemana.
- Thieme, K.** (1956). Das Problem der sachverständigen öffentlichen Kritik an Buchübersetzungen. In *Lebende Sprachen*, vol. 1 (p. 27 f.). Berlin: Langenscheidt.
- von Tschamer, E. H.** (1963). Chinesische Gedichte in deutscher Sprache. In Störig, (1963) p.268-298. [First published 1932 in *Ostasiatische Zeitschrift*, 18 NF 8, p. 189-209. g. p. 189-209.]
- Wandruszka, M.** (1969). *Sprachen, vergleichbar und unvergleichlich*. München: R. Piper.
- Weinrich, H.** (1966). *Linguistik der Lüge*. Heidelberg: L. Schneider.
- Weisgerber, L.** (1961). Vertragstexte als sprachliche Aufgabe (Formulierungs-, Auslegungs-, und Übersetzungsprobleme des Südtirol-Abkommens von 1946). In *Sprachform, Zeitschrift für angewandte Sprachwissenschaft*, Suppl. 1. Bonn: H. Bouvier u. Co. Verlag. etc.
- Widmer, W.** (1959). *Fug und Unfug des Übersetzens, Sachlich-polemische Betrachtungen zu einem literarischen Nebengeleise*. Köln; Berlin: Kiepenheuer & Witsch.
- van Wilamowitz-Moellendorff, U.** (1963). Was ist Übersetzens? In Störig, (1963) p. 139-169.
- Wirl, J.** (1958). *Grundsätzliches zur Problematik des Dolmetschens und des Übersetzens*. Wien; Stuttgart: W. Braumüller.
- Wuthenow, R-R.** (1969). *Das fremde Kunstwerk; Aspekte der literarischen Übersetzung*. Palaestra, vol. 252. Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht.

